HÖRPUGATA 7

Fallegt hús á frábærum stað

Fasteignablaðið **allt** Í MIÐJU BLAÐSINS

IAN ANDERSON

Forsprakki Jethro Tull

Heldur tónleika hér á landi annað kvöld

VIÐTAL 34

Upplýsingar hjá Fyrirtækjaþjónustu Flugfélags Íslands; sími 570 3606. Netfang: flugkort@flugfelag.is

www.flugfelag.is

Flugkortið er greiðslu- og viðskiptakort

ætlað fyrirtækjum í viðskiptum við Flugfélag Íslands

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Fyrirtækjaþjónusta

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. maí 2006 — 136. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Brauð er ekki bara brauð

Bylgja Mjöll Helgadóttir lauk sveinsprófi í bakaraiðn á dögunum.

TÍMAMÓT 26

Æfir fyrir Footloose



Þorvaldur Davíð Kristjánsson æfir stíft þessa dagana.

FÓLK 46

Eftirsjá í atkvæði

„En mig verkjar enn í atkvæðið mitt. Slíkt verður ekki aftur tekið. Síðast í liðinni viku frétti ég að „mínir menn" hefðu setið hjá við lækkun leikskólagjalda fyrr í vetur," segir Hallgrímur Helgason, sem kaus Sjálfstæðisflokkinn í seinustu borgarstjórnarkosningum.

Í DAG 22

Fótboltabullur á Íslandi?

Nokkrir stuðningsmenn Grindavíkur gengu berserksgang eftir ósigur sinna manna gegn Fylki á föstudagskvöld og brutu stóla og auglýsingaskilti. Ekki líðandi, segir formaður KSÍ.

FYLKIR

ÍÞRÓTTIR 38

VEÐRIÐ Í DAG



ÓVEÐUR - Í dag verður allhvöss norðanátt , víðast 13-20 m/s, hvassast á útnesjum norðan til og austan. Talsverð snjókoma eða slydda norðan og austan til en úrkomulítið syðra. Hiti 0-7 stig, mildast á landinu sunnanverðu.

VEÐUR 4

Taktu enga áhættu við verklegar framkvæmdir

meistarinn.is

Þar finnur þú meistara og fagmenn til verksins

Samtök iðnaðarins

Rúmlega helmingur fylgjandi stækkun

Um 52 prósent Hafnfirðinga eru fylgjandi stækkun álversins í Straumsvík, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Rúmlega tveir þriðju karla eru fylgjandi stækkuninni, en tveir þriðju kvenna eru henni andvígar.

SKOÐANAKÖNNUN Rétt rúmlega helmingur Hafnfirðinga er fylgjandi stækkun álversins í Staumsvík, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins, en kosið verður um stækkun álversins samhliða sveitarstjórnarkosningum næsta laugardag. Könnun Fréttablaðsins bendir til þess að mjótt verði á munum í kosningunum því 52,2 prósent sögðust vera stækkuninni fylgjandi en 47,8 prósent sögðust vera því andvíg. Mikill munur er á afstöðu kynjanna til þessarar spurningar og því getur niðurstaða kosninga um þetta málefni byggst á því hvort fleiri karlar eða konur taki þátt í kosningunni.

Tæplega tveir af hverjum þremur karlmönnum sögðust vilja stækkun álversins í Straumsvík, eða 65,8 prósent. Einungis 37,2 prósent kvenna sögðust hins vegar vera fylgjandi stækkuninni. 62,8 prósent kvenna voru andvíg stækkun álversins, en 34,2 prósent karla.



Einnig var spurt hvaða lista Hafnfirðingar myndu kjósa, ef boðað yrði til sveitarstjórnarkosninga nú. Samfylking nýtur nú 56,9 prósenta fylgis og fengi því sjö bæjarfulltrúa kjörna. 34,3 prósent segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokk og fengi flokkurinn því fjóra fulltrúa kjörna. Framsókn og Vinstri grænn fengju engan fulltrúa kjörinn, en 6,6 prósent segjast myndu kjósa Vinstri grænn og 2,2 prósent styðja Framsóknarflokkinn.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri og oddviti Samfylkingar, er ánægður með niðurstöðurnar.

„Þetta eru glæsilegar tölur og í takt við það fylgi sem við höfum fundið fyrir." Lúðvík segir að það liggi fyrir að kosið verði um stækkun álversins.

Haraldur Þór Ólason, oddviti sjálfstæðismanna, segist ekki hafa trú á að fylgi flokksins í kosningunum verði svipað og í könnuninni. „Ég vona að við náum að halda okkar fimm mönnum og að þessi niðurstaða verði ekki raunin."

Sigurður Eyþórsson, oddviti Framsóknarflokksins, segist enn vongóður. „Auðvitað eru þetta ekki háar tölur en við höfum rekið málefnalega og jákvæða kosningabaráttu. Við erum ennþá bjartsýn á að ná góðri kosningu á laugardaginn."

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, oddviti V-listans, segist frekar sátt. „Þetta er svipað og verið hefur, okkur vantar eitt til eitt og hálft prósent til að ná inn manni."

- ss/ sjá síðu 6

Á HAUSNUM Tryggvi Guðmundsson lendir hér undir í baráttu við Val Fannar Gíslason í leik Vals og FH í gærkvöldi en þegar kom að föstum leikatriðum hafði Tryggvi betur. Hann lagði upp bæði mörk FH í 2-0 sigri Íslandsmeistaranna á bikarmeisturunum með hnitmiðuðum sendingum fyrir markið. FH hefur unnið báða fyrstu leiki sína og er á toppnum en Valur hefur tapað báðum sínum leikjum og er á botninum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Veðurstofan spáir snjókomu og éljagangi á Norðausturlandi:

Fannhvít jörð víða um land

VEÐUR Þeir sem héldu að sumarið væri gengið í garð verða að gjöra svo vel að fara í úlpurnar aftur, því kalt verður í veðri framan af vikunni.

Í dag verður hvöss norðanátt, víða átta til þrettán metrar á sekúndu, sums staðar hvassari, einkum austan til. Þá er spáð éljagangi á Norður- og Austurlandi, en úrkomulaust að mestu.

Jörð var víða hvít fyrir norðan í gær, til dæmis í Mývatnssveit. „Veðrið er ágætt eins og er, þótt það sé föl yfir öllu," segir Einar Jónsson á Sjónarhóli í Mývatnssveit. „Þeir spá meiri snjó í dag og á morgun. Það er svo sem ekki óalgengt að það snjói svona seint í maí, en undanfarin ár heyrir það til undantekninga þótt það hafi kannski frosið á nóttunni," segir Einar, sem vonar að gróðurinn fari ekki of illa út úr kuldakastinu.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands dregur úr vindi á morgun og á miðvikudag, þótt áfram verði éljagangur fyrir norðan. Seinni hluta vikunnar má búast við hægri vestlægri átt með hlýnandi veðri.

- bs

Starfsmaður Útlendingaeftirlits:

Bauð aðstoð gegn kynlífi

BRETLAND, AP Yfirmanni hjá breska Útlendingaeftirlitinu hefur verið vikið úr starfi fyrir að bjóða átján ára gamalli stúlku frá Simbabve, sem sótti um hæli í Bretlandi, aðstoð við að fá landvistarleyfi gegn því að fá að sofa hjá henni.

Breska dagblaðið The Observer kom upp um manninn en blaðamenn þess fylgdust með hvernig hann sat fyrir stúlkunni, sem hafði verið nauðgað í heimalandi sínu, um tveggja vikna skeið, hringdi í hana og sendi henni skilaboð þar sem hann sagðist geta séð um mál hennar ef hún myndi hafa mök við sig. Sum samtölin eru til á upptökum. Þótt maðurinn taki hvergi fram á upptökunum að hann hafi ætlað að brjóta lög til að tryggja stúlkunni landvistarleyfi er athæfi hans skýlaust brot á reglum breska Útlendingaeftirlitsins. Maðurinn vann hjá stærsta útibúi stofnunarinnar í London, sem flestir hælisleitendur í Bretlandi leita til.

-bs

Heilbrigðisráðuneytið:

Skoðar stofnun lyfjafyrirtækis

LYFJAMÁL Heilbrigðisráðuneytið skoðar nú stofnun ríkisrekins sjálfseignarfyrirtækis um innflutning samheitalyfja. Ástæðan er sú fákeppni sem ríkir á samheitalyfjamarkaði hér á landi.

Samheitalyf eru lyf sem ekki lúta vernd einkaleyfa og allir geta því framleitt. Þau eru í flestum tilfellum mun ódýrari en frumlyfin, sem lúta slíkri vernd. Á Íslandi er hlutur samheitalyfja mjög lágur miðað við nágrannalöndin, um fimmtán prósent á móti 85 prósentum frumlyfja. Stefnumörkunarvinna í lyfjamálum hefur verið í gangi í tvö ár hjá heilbrigðisráðuneytinu og er áætlað að þeirri vinnu í haust. Nefndin var sett á laggirnar eftir að ríkisendurskoðun gaf út skýrslu um lyfjamál í mars 2004 og ákveðið að yfirfara málaflokkinn í heild sinni.

- sdg / sjá síðu 6

Komnir í loftið

ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-

591 3000

SPURNING DAGSINS

Ómar, hvernig skilgreinir þú meðbyr?

„Meðbyr er þegar fylgi Framsóknarflokksins er upp, hvort sem það miðast við kosningar eða kannanir.“

Framsóknarflokkurinn í Kópavogi mældist með 9,7 prósenta fylgi í skoðanakönnun Fréttablaðsins. Það er átján prósentum minna en í síðustu kosningum. Ómar Stefánsson, oddviti listans, sagðist finna fyrir meðbyr.

Leitarmenn á Möðrudalsöræfum fundu slóð og tómt gæsahreiður á laugardag:

Vongóðir um að finna Pétur

LEIT Björgunarsveitir á Austurlandi fundu á laugardag fótspor sem talin eru vera eftir Pétur Þorvarðarson, sautján ára pilt frá Egilsstöðum, sem leitað hefur verið í rúma viku. Leitað er á svæði sem er austan og norðan Þjóðfells. Áætlar svæðisstjórnin á Egilsstöðum að slóðin sé 35-40 kílómetra frá Grímsstöðum á Fjöllum þaðan sem Péturs var upphaflega saknað á aðfaranótt síðasta sunnudags.

Slóðin sem fannst er margir kílómetrar á lengd og fundu leitarmenn einnig tómt gæsahreiður sem álitið að Pétur hafi komið að og jafnvel nýtt eggin sér til matar.

FRÁ LEITINNI Sporin sem fundust á laugardag hafa fært leitarmönnum nýja von um að finna Pétur Þorvarðarson. MYND/ANNA

Baldur Pálsson, formaður svæðisstjórnar á Egilsstöðum, segir að slóðin hafi óneitanlega fyllt leitarmenn von um að finna Pétur og þess vegna hafi margir lagt á sig geysilega vinnu við leitina. Baldur segir líkurnar á því að sporin séu eftir einhvern annan en Pétur ákaflega litlar. „Förin lágu þannig að við getum ekki skilið þau öðruvísi en þarna hafi villtur maður verið á ferð. Greinilegt er að hann þekkir ekki landið miðað við þá stefnu sem hann tók.“

Um klukkan sex í gær voru rúmlega fjörutíu manns við leitina á fjórhjólum og bílum. Veðrið var þá ágætt, töluverður vindur og bjart, en leit var hætt tímabundið kvöldið áður vegna veðurs.

- shá

Þrír handteknir á Hvolsvelli:

Reyndu að frelsa fangann

LÖGREGLA Þrír gistu fangageymslu lögreglunnar á Hvolsvelli í fyrrinótt eftir að mikil ólæti komu upp á Hellu.

Lögreglan fékk tilkynningu um slagsmál fyrir utan veitingastað um tvöleytið og fór á staðinn og handtók einn mann. Við það æstust aðrir og réðust að lögreglu og reyndu að frelsa manninn. Eftir að liðsauki kom frá Selfossi um þrjúleytið tókst að stöðva lætin og voru tveir til viðbótar handteknir.

Engin meiðsl urðu á lögreglumönnum í átökunum en einn lögreglubíll skemmdist lítillega.

- eö

SILVÍA GRÆTUR ÚRSLITIN Ofurstjarnan grét sáran er ljóst var að hún kæmist ekki í úrslitin. Hún náði að koma nokkrum blótsyrðum til viðbótar að í erlendum fjölmiðlum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Silvía var þrettánda í röðinni:

Silvíu vantaði 14 stig upp á

SÖNGVAKEPPNI Silvía Nótt var þrettánda af 23 keppendum í undankeppni Eurovision á fimmtudagskvöldið. Pólverjar voru næstir því að komast inn með sjötíu stig og Belgar voru í tólfta sæti.

Íslensku keppendurnir fengu 62 stig, fjórtán stigum minna en Makedónía sem var síðust þjóða upp úr undanúrslitunum.

Ísland fékk eitt stig frá Bosníu, Króatíu, Frakklandi, Lettlandi, Mónakó og Armeníu, tvö stig frá Írlandi og Serbíu, þrjú stig frá Portúgal, fimm frá Eistlandi og Bretlandi, sex frá Spáni og Svíþjóð og að lokum sjö frá Danmörku, Finnlandi, Noregi og Litháen.

Jenny frá Andorra lenti í neðsta sæti með lostafulla laginu sínu Sensa tu en hún fékk átta stig. Hvít-Rússar voru næst neðstir með tíu stig, Mónakó vermdi 21. sætið og Hollendingar það tuttugasta í undankeppninni.

- gg

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fíkniefni á Selfossi Lögreglan á Selfossi stöðvaði einn ökumann í gærmorgun vegna gruns um að hann væri undir áhrifum fíkniefna. Leitað var í bílnum hjá manninum en engin efni fundust þar og var því leitað heima hjá honum. Heima hjá manninum fannst lítilræði af amfetamíni og kannabisefnum og viðurkenndi maðurinn að hann væri eigandi efnanna.

Framkvæmdafé aldraðra í rekstur

Fé Framkvæmdasjóðs aldraðra, sem upphaflega var hugsað til uppbyggingar húsnæðis fyrir eldri borgara, fer að stórum hluta til reksturs og annarra þarfa í öldrunarþjónustu. „Reginhneyksli,“ segir oddviti Samfylkingar í Reykjavík.

ÖLDRUNARMÁL Allt frá árinu 1991 hefur Framkvæmdasjóður aldraðra ekki verið nýttur að fullu til þess að byggja stofnanir fyrir aldraða eins og tilskilið var í lögum um sjóðinn í upphafi. Alls hafa rúmir sex milljarðar króna runnið í Framkvæmdasjóð aldraðra undanfarin tíu ár en af þeirri fjárhæð hafa innan við sextíu prósent, aðeins 3,6 milljarðar, farið í framkvæmdir samkvæmt upphaflegum tilgangi laga um sjóðinn. Ríkisvaldið hefur notað um 2,5 milljarða til reksturs.

DAGUR B. EGGERTSSON

VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík, ræddi málefni Framkvæmdasjóðsins á fundi Aðstandendafélags aldraðra og Landssambands eldri borgara fyrir skemmstu og fullyrti að skerðing ríkisins á fé sjóðsins hefði tafið öll samstarfsverkefni ríkis og borgar um tvö ár. „Ef það fé sem hefur verið innheimt með þessum sérstaka skatti á síðustu fimmtán árum hefði ekki verið tekið í annað þá hefði verið hægt að byggja öll þau hjúkrunarrými sem nú er þörf á.“

FRÁ HJÚKRUNARHEIMILINU EIR Um 2.500 milljónir króna sem ætlaðar hafa verið til uppbyggingar húsnæðis fyrir eldri borgara hafa verið nýttar til reksturs heimilanna og annarra þarfa. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Dagur er þeirrar skoðunar að notkun fjármuna sjóðsins til annars en uppbyggingar sé sérstaklega alvarlegt af því að um nefskatt sé að ræða. Þjóðin hafi staðið í þeirri trú að þeir væru til að stuðla að uppbyggingu í þágu aldraðra. „Þetta viðgengst ennþá á fjárlögum þessa árs því aðeins 58 prósent af þessum sérstaka skatti eru notuð í uppbyggingu hjúkrunarheimila. Þetta er auðvitað reginhneyksli og það þarf einfaldlega að skila þessum peningum.“

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna í Reykjavík, segist hafa gagnrýnt það árum saman að fé Framkvæmdasjóðs aldraðra renni til annars en byggingar húsnæðis fyrir aldraða en segir jafnframt að ekki megi gleyma því að einnig verði að tryggja rekstur heimilanna. „Það er mitt mat að á undanförnum árum hafi bæði Reykjavíkurborg og ríkisvaldið alls ekki lagt nægilega áherslu á byggingu hjúkrunarheimila.“ Vilhjálmur segir jafnframt að Samfylkingin sé með umræðu sinni um Framkvæmdasjóð aldraðra að draga athyglina frá eigin aðgerðarleysi í þessum málaflokki. „Þetta á ekki að vera afsökun fyrir aðgerðarleysi R-listans í þeim úrræðum sem snúa beint að borginni eins og byggingu þjónustuíbúða þar sem eru yfir þrjú hundruð manns á biðlista í afar brýnni þörf.“

svavar@frettabladid.is

Vopnað rán í Apótekaranum:

Játning liggur fyrir í málinu

LÖGREGLA Fjórir menn voru handteknir í fyrrinótt vegna gruns um aðild að vopnuðu ráni sem var framið í Apótekaranum á Smiðjuvegi á fimmtudagsmorgun.

Einn maður klæddur svörtum kufli kom inn í apótekið á fimmtudagsmorguninn og ógnaði starfsfólki þess með öxi og hafði á brott með sér nokkuð magn af lyfjum. Lögreglan í Kópavogi hefur unnið að rannsókn málsins síðan ránið var framið en það telst nú upplýst þar sem játning liggur fyrir.

- eö

LÖGREGLUFRÉTTIR

Erill hjá lögreglunni í Reykjavík Í nógu var að snúast hjá lögreglunni í Reykjavík í fyrrinótt þar sem mikill mannfjöldi var í bænum. Níu voru teknir fyrir ölvunarakstur.

Hraðakstur Mikið hefur verið um of hraðan akstur síðustu daga. Lögreglan í Borgarnesi hefur stöðvað fjölda ökumanna vegna hraðaksturs í Borgarfirði og lögreglan á Leifsstöð hefur einnig þurft að stöðva fjölda ökumanna sem hafa ekið of hratt á Reykjanesbraut.

Bílvelta við Egilsstaði Bifreið valt um ellefuleytið í gærmorgun rétt utan við Fellabæ, en hálka var á veginum. Tveir ferðamenn voru í bílnum og var ökumaðurinn ómeiddur en farþegi fann til í baki og var fluttur með sjúkrabíl á sjúkrahúsið á Egilsstöðum.

SJÁVARÚTVEGUR

Góð gráslepppuveiði Gráslepppuveiði á Ströndum hefur gengið prýðilega í vor og aflabrögð verið góð. Áhöfnin á línu- og netabátnum Hlökk ST-66 frá Hólmavík fiskaði vel á vertíðinni og fékk um 120 tunnur af sölturðum hrognum.

NÁTTÚRUVERND

Nýr þjóðgarður Ferðamálasamtök Vestfjarða vilja að Látrabjarg og Rauðisandur verði skilgreind sem þjóðgarður á næstu tveimur árum. Verið er að kynna hugmyndirnar fyrir landeigendum á svæðinu og forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða segir mikilvægt að sátt náist í málinu.

Ný rannsókn Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings:

Hlerað hjá alþingismönnum

SAGA Á tímum kalda stríðsins létu íslensk stjórnvöld ítrekað hlera síma hjá stjórnmálaflokkum, fjölmiðlum, félagasamtökum og einstaklingum. Alþingismenn voru í þeim hópi sem hlerað var hjá. Þetta kemur fram í rannsókn sem Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur kynnti á söguþingi í gær. Leyfi til hlerana voru rökstudd sem nauðsynleg þegar öryggi ríkisins og starfsfriði Alþingis var talið ógnað.

Árin 1949 til 1968 fengu stjórnvöld sex sinnum leyfi dómsvalda til að hlera símanúmer vegna ótta um öryggi ríkisins. Þetta var árið 1949 við inngönguna í Atlantshafsbandalagið, 1951 við heimsókn Eisenhower, yfirhershöfðingja NATO, 1951 við komu Bandaríkjahers og 1961 þegar landhelgissamningur var gerður við Breta. Einnig voru leyfðar hleranir 1963 við heimsókn Lyndons B. Johnson, varaforseta Bandaríkjanna, og 1968 vegna utanríkisráðherrafundar NATO.

Í öllum tilfellum var hlerað hjá þingmönnum og á skrifstofu Sósíalistaflokksins og Þjóðviljanum. Einnig voru símar hleraðir hjá verkalýðsfélaginu Dagsbrún og hjá samtökum herstöðvaandstæðinga. Árið 1961 var einnig hlerað hjá Alþýðusambandi Íslands. Engar heimildir finnast fyrir því að símahleranir hafi verið stundaðar án dómsúrskurðar.

- shá

GUÐNI TH. JÓHANNESSON Rannsóknin sýnir mörg tilvik þar sem símar voru hleraðir vegna ótta um öryggi ríkisins. Alþingismenn voru á meðal þeirra sem hlerað var hjá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Örugga þjónustu fyrir eldri borgara

200 ný hjúkrunarrými
Við munum tryggja 200 ný hjúkrunarrými fyrir eldri borgara í Reykjavík með nýjum hjúkrunarheimilum á Lýsislóðinni í Vesturbæ, Sogamýri og nýrri viðbyggingu við Hrafnistu.

Þjónustutrygging
Við viljum tryggja eldri borgurum örugga þjónustu með skuldbindingu um að þeir öðlist rétt til greiðslu frá borginni ef bið verður á þjónustu.

Borgin taki yfir málefni eldri borgara
Kannanir sýna að fólk treystir sveitarfélögunum betur en ríkinu til að sjá um málefni aldraðra. Það er engin furða, við stöndum okkur einfaldlega betur en ríkisstjórnin.

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 19.05.2006

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	71,46	71,8
Sterlingspund	134,02	134,68
Evra	91,15	91,67
Dönsk króna	12,225	12,297
Norsk króna	11,679	11,747
Sænsk króna	9,735	9,793
Japanskt jen	0,6387	0,6425
SDR	106,35	106,99

Gengisvísitala krónunnar
126,3217

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Óeirðaalda undanfarna daga í Afganistan:

Nærri 200 látast í átökum

AFGANISTAN, AP Talið er að yfir 190 manns hafi látist í átökum sem geisað hafa í suðurhluta Afganistan síðan á miðvikudag. Í gær varð öflug bílsprengja þremur mönnum að bana í höfuðborg landsins, Kabúl, en henni var beint gegn hermönnum Bandamanna. Utanríkisráðherra Afganistan, Rangeen Dadfar Spanta, segir að talibanar og aðrir hryðjuverkahópar standi á bak við óeirðirnar og sé þeim miðstýrt frá Pakistan.

Innaríkisráðherra Pakistan, Aftab Khan Sherpao, þvertekur hins vegar fyrir allt slíkt. „Við neitum því að leiðtogar talibana séu í landinu. Slíkar ásakanir hjálpa ekki sambandi Pakistan og Afganistan.“ Bæði Bandaríkjamenn og Afganar segja hins vegar að talibanar, Osama Bin Laden og aðrir hryðjuverkamenn hafist við í hinum hálendu og hrjóstrugu landamærum Afganistan og Pakistan, mjög líklega Pakistanmegin.

Árásir á herlið Bandamanna í Afganistan hafa aukist gríðarlega á undanförnum mánuðum, sérstaklega á svæðum við landamæri Pakistan. - sha

BÍLSPRENGJA Í KABÚL Varð þremur mönnum að bana en mikil mildi þykir að ekki fleiri skyldu látast í sprengingunni. NORDICPHOTOS/AP

Tveir Sádi-Arabar handteknir:

Fengu far með skólarútu

BANDARÍKIN, AP Tveir menn frá Sádi-Arabíu voru handteknir í Tampa í Flórída á föstudaginn fyrir að hafa fengið far með skólarútu. Eru þeir í haldi lögreglu en dómarinn í málinu úrskurðaði að ekki væri hægt að sleppa mönnunum gegn tryggingu vegna þess að hann vildi fá frekari upplýsingar um bakgrunn mannanna.

Mennirnir gáfu þær skýringar að þeir vildu kynnast bandarískum gagnfræðaskóla og reyna að finna auðveldari leiðir til að læra ensku. Ökumanni rútunnar fannst hins vegar mennirnir furðulegir og þegar þeir byrjuðu að tala á arabísku ákvað hann að láta skólayfirvöld vita. - sha

Reykjavík

Skipting atkvæða og fjöldi borgarfulltrúa



Könnun Gallup fyrir Ríkisútvarpið.

Skoðanakönnun Gallup:

B-listi nær ekki manni inn

KOSNINGAR Sjálfstæðisflokkur nær ekki hreinum meirihluta í Reykjavík og Framsóknarflokkur nær ekki manni inn í borgarstjórn samkvæmt könnun sem Gallup gerði fyrir fréttastofu Útvarpsins.

Samkvæmt könnuninni, sem gerð var á laugardag, fær Sjálfstæðisflokkur 43,4 prósent atkvæða og sjö borgarfulltrúa, Samfylking fær 32 prósenta fylgi og sex menn kjörna, Vinstri grænmælast með 10,7 prósenta fylgi og Frjálslyndir með tíu prósenta fylgi. Frjálslyndir og Vinstri grænfá einn mann hvor í borgarstjórn samkvæmt könnuninni. Framsóknarflokkurinn mældist hins vegar með 3,9 prósenta fylgi. Úrtak könnunarinnar var átta hundruð manns og var svarhlutfall sextíu prósent en áttatíu prósent þeirra tóku afstöðu. - sha

KVENNAHLAUP

Samstarf við UNIFEM Forsvarsmenn Sjóvá, Kvennahlaups ÍSÍ og UNIFEM hafa skrifað undir samstarfssamning og verður yfirskrift Kvennahlaupsins í ár: „Hvert skref skiptir máli“. Yfirskriftin vísar til þess uppbyggingarstarfs sem UNIFEM hefur staðið fyrir í Afganistan síðan árið 2002. Mikilvægasta verkefnið er bygging kvennamiðstöðva þar sem konum gefst kostur á fræðslu eins og lestrarkenslu og iðnmenntun. Kvennahlaupið fer fram hinn 10. júní.

VIÐ HRINGBRAUT Framkvæmdum við Hringbraut lauk í fyrra. Fjármálaráðherra segir að framkvæmdir ríkisins séu nánast eins litlar og mögulegt sé. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjármálaráðherra segir framkvæmdir í lágmarki

Fjármálaráðherra hefur átt samtöl við aðila vinnumarkaðarins og fulltrúa sveitarfélaganna um verðbólguna en vill ekkert segja um hvort markvissara samráð verði tekið upp eftir kosningar.

EFNAHAGSMÁL Árni Mathiesen fjármálaráðherra hefur átt óformlega fundi við ýmsa fulltrúa hagsmunaaðila á vinnumarkaði vegna verðbólgunnar en segir óhægt um vik að sinna slíku þessa dagana þar sem rúm vika sé í sveitarstjórnarkosningar. „Vissulega hafa verið samtöl um þessa hluti. Við verðum að sjá hverju fram vindur. Við ráðum ekki einir för,“ segir hann og kveðst ekki geta sagt um það á þessu stigi hvernig þessi samtöl þróist.

Fjármálaráðuneytið vinnur nú að fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár. Árni segir unnið á grundvelli langtímaáætlana og tekið mið af breyttum aðstæðum. Aðhald sé mikið. Árni kveðst fylgjast með umræðunni um efnahagsástandið en vill ekkert segja hvort ríkisvaldið leggist á sveif með Seðlabankanum í baráttunni við verðbólguna. Lítið sé hægt að gera. Framkvæmdir séu í algjöru lágmarki.

ÁRNI MATHIESEN „Við ráðum ekki einir för,“ segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra og kveðst fylgjast með umræðunni um efnahagsástandið en vill ekkert segja hvort ríkisvaldið leggst á sveif með Seðlabankanum.

„Framkvæmdir ríkisins nema 13,4 milljörðum á árinu. Það er rétt rúmlega eitt prósent af þjóðarframleiðslu og nánast ekkert nema vegaframkvæmdir þannig að framkvæmdir ríkisins eru nánast eins litlar og mögulegt er án þess að ríkið beinlínis fari niður í núll,“ segir hann.

„Stór liður í ríkisfjármálunum er samneyslan, rekstur heilbrigðiskerfisins og menntakerfisins. Ég held að við höfum ekki neina möguleika til að lækka kostnað þar. Þó að hagfræðingar segi að það eigi að lækka laun og fækka fólki þá er það óraunhæft. Þó að hagfræðingar segi að það sé skynsamlegast að lækka lífeyri þá er það líka óraunhæft.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, telur verðbólguskeið fram undan. „Ríkisstjórnin hefði átt að vera búin að taka upp víðtækt samráð við verkalýðshreyfinguna, atvinnurekendur, fjármálastofnanir og sveitarfélög um það hvernig menn ætla að takast sameiginlega á við þennan vanda,“ segir hún.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, telur Seðlabankann standa aleinan í glímunni við verðbólguna og fá minna en enga hjálp frá ríkisstjórninni og takmarkaðan skilning hjá bönkum og öðrum aðilum.

Ekki náðist í Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra.

ghs@frettabladid.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HÖRKUVETUR Í KORTUNUM

Dagurinn í dag og á morgun minna helst á veturinn eins og hann gerist hvað leiðinlegastur. Mikil ofankoma er í kortunum fyrir norðan og austan og þar sem hitinn verður á bilinu 0-3 stig fellur þetta allt ýmist sem snjókoma eða slydda. Enn fremur verður á fjallvegum norðan og austan til, auk snjókomu, skafrenningur með tilheyrandi ófærð. Það verður vindasamt líka á morgun með ofankomu.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI

Norðan 8-10 m/s. Þykknar smám saman upp. Hiti 2-5 stig.

um hádegi »



» á morgun



13-20 m/s, hvassast á annesjum norðan og vestan til.

» miðvikudagur



V'iðast 8-13 m/s.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	12°C	skúrir	London	14°C	skúrir	Alicante	29°C	hálfskýjað
Billund	15°C	skúrir	París	17°C	skúrir	Mallorca	21°C	alskýjað
Osló	14°C	rigning	Frankfurt	16°C	skúrir	Algarve	23°C	alskýjað
Stokkhólmur	17°C	skúrir	Friedrichshafen	13°C	skúrir	Krít	26°C	heiðskírt
Gautaborg	14°C	skúrir	Berlín	17°C	skúrir	Las Palmas	21°C	hálfskýjað

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.volkswagen.is

Frábært sumar framundan

... á nýjum Golf

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3294

Vertu í sólskinsskapi á glæsilegum og ríkulega búnum Golf í sumar.
Frábærir aksturseiginleikar og aflmikil vélin spilla svo ekki fyrir ánægjunni.

Ríkulegur sumarpakki

- 16" álfelgur
- sóllúga
- leðurstýri
- þokuljós
- armpúði milli framsæta
- samlitur
- vindskeið

19.838 kr. á mánuði

m.v. 900.000 kr. útborgun/uppítökubíl og blandaða myntkörfu SP til 84 mánaða. Verð 2.250.000 kr.

Golf

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

KJÖRKASSINN

Telur þú að sjálfstæðismenn nái hreinum meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur?

Já	46%
Nei	54%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ertu ánægð(ur) með úrslitin í Eurovision?

Segðu þína skoðun á visir.is

Kona stakk sambýlismann sinn í bakið eftir að hann réðst á hana:

Kærð fyrir alvarleg átök

DÓMSMÁL Maður og kona á þrítugsaldri hafa verið ákærð fyrir líkamsárásir á hvort annað í september í fyrra og fyrir ræktun og vörslu kannabiss á heimili sínu. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness fyrir helgi.

Manninum er gefið að sök að hafa sparkað í konuna, sem þá var sambýliskona hans, tekið um háls hennar og þrengt að með þeim afleiðingum að hún marðist á hálsi og auk þess hlaut hún áverka á læri. Hann játar sök að mestu.

Konunni er gefið að sök að hafa í kjölfarið stungið manninn í bakið með þeim afleiðingum að hann hlaut loftbrjóst vinstra megin í brjóstholi. Árásin er sögð sérstaklega hættuleg. Konan neitar að mestu sakargiftum.

Báðum er þeim síðan gefið að sök að hafa í september í fyrra staðið að ræktun á 185 kannabisplöntum og að hafa haft í vörslu sinni tæp 400 grömm af kannabisefni, um fimm lítra af kannibisblönduðum vökva og tæp fimm grömm af kannabisstönglum.

- sh

HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness fyrir helgi.

Skotárás í messu:

Skaut fimm manns til bana

BANDARÍKIN, AP Hálf þrítugur maður gekk inn í messu og hóf skotárás, að svo virðist ástæðulausu, í borginni Baton Rouge í Bandaríkjunum í gær. Vitni segja manninn hafa gengið inn í kirkjuna undir lok messunnar, skotið fimm manns og síðan flúið af vettvangi ásamt eiginkonu sinni og þremur börnum. Fjögur af fórnarlömbunum fimm létust samstundis en ekki var strax vitað um ástand þess fimmta.

Stuttu seinna fannst árásarmaðurinn, Anthony Bell, í íbúð í nágrenni kirkjunnar og hafði hann þá skotið eiginkonu sína til bana en börnin þrjú voru hins vegar heil á húfi.

- sha

ELSTI FRAMBJÓÐANDINN Vilhjálmur Hjálmarsson, fyrrverandi alþingismaður, er elsti frambjóðandi sveitarstjórnarkosninganna sem fram undan eru.

Sveitarstjórnarkosningar:

Meðalaldurinn sami og síðast

KOSNINGAR Meðalaldur frambjóðenda í sveitarstjórnarkosningunum sem fram fara hinn 27. maí næstkomandi er sá sami og hann var í síðustu kosningum árið 2002, 43 ár.

Engu að síður er aldur fulltrúa misjafn og eru þannig 74 ár á milli þess elsta, Vilhjálms Hjálmarssonar, 92 ára, á lista Framsóknarmanna í Fjarðabyggð og þess yngsta, Valgeirs Pálssonar, átján ára, á lista Samfylkingarinnar í Eyjafjarðarsveit.

- aöe

Ríkisstjórn Venesúela:

Braskar með orrustuþotur

VENESÚELA, AP Hugo Chavez, forseti Venesúela, segir að ríkisstjórn landsins ætli sér að kaupa Sukhoi Su-30 orrustuþotur af Rússum sem hann segir að séu „hundrað sinnum betri en F-16 þotur Bandaríkjamanna.“ Landið hefur nú þegar yfir að ráða 21 F-16 þotu og verða þær væntanlega seldar í stað þeirra rússnesku.

HUGO CHAVES

Chavez segir að landið sé ekki háð samþykki Bandaríkjamanna varðandi sölu á F-16 þotunum og því geti ríkisstjórn Venesúela selt þær hverjum sem henni þóknist. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er Íran „í efsta sæti“ yfir líklega kaupendur.

- sha

Samfylking bætir við sig bæjarfulltrúa

Samfylking fengi sjö bæjarfulltrúa í Hafnarfirði samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins og Sjálfstæðisflokkur fjóra. Framsókn fengi engan og tapar fylgi frá síðustu kosningum. Vinstri græn fá heldur ekki fulltrúa en bæta við sig fylgi.

SKOÐANAKÖNNUN Það stefnir í stórsigur Samfylkingarinnar í Hafnarfirði samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Fylgi flokksins mælist nú 56,9 prósent og myndu því sjö fulltrúar Samfylkingar vera kjörnir í bæjarstjórn. Flokkurinn bætir við sig manni og rúmum sex prósentustigum frá síðustu kosningum, þegar Samfylking fékk 50,2 prósent atkvæða. Í könnun Fréttablaðsins nú er stuðningur kvenna við Samfylkingu heldur meiri en stuðningur karla. 59,6 prósent kvenna í Hafnarfirði segjast nú myndu kjósa Samfylkinguna en 54,5 prósent karla.

Sjálfstæðisflokkur fengi fjóra fulltrúa kjörna og hefur nú 34,3 prósenta fylgi. Í kosningunum 2002 hlaut flokkurinn 40,6 prósent atkvæða og fimm fulltrúa kjörna og myndi flokkurinn því missa einn bæjarfulltrúa. Í könnuninni nú er stuðningur karla við flokkinn meiri en stuðningur kvenna. 37,4 prósent karla segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn en 30,7 prósent kvenna.

Vinstri græn myndu ekki koma manni að í bæjarstjórn Hafnarfjarðar, samkvæmt könnun Fréttablaðsins, en flokkurinn bætir nokkuð við sig fylgi frá síðustu kosningum. 6,6 prósent segjast nú myndu kjósa listann, en flokkurinn hlaut 2,9 prósent atkvæða í síðustu kosningum. Framsóknarflokkurinn myndi heldur ekki ná manni inn, en hann tapar fylgi frá síðustu kosningum. 2,2 prósent segjast nú myndu kjósa Framsóknarflokkinn, en hann hlaut 6,3 prósent atkvæða í síðustu kosningum.



Niðurstaða könnunar Fréttablaðsins nú er mjög áþekk niðurstöðu könnunar Félagsvísindastofnunar fyrir NFS, sem birt var 16. maí. Þá sögðust 56,6 prósent myndu kjósa Samfylkingu. 33,1 prósent sagðist myndu kjósa Sjálfstæðisflokk, 7,7 prósent sögðust myndu kjósa Vinstri græn og 2,6 prósent studdu Framsóknarflokkinn.

Fréttablaðið hringdi í sex hundruð Hafnfirðinga og skiptust svarendur jafnt milli karla og kvenna. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til kosninga nú? 60,7 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

Einnig var spurt hvort svarendur væru fylgjandi eða andvígir stækkun álversins í Straumsvík, en um það verður kosið í Hafnarfirði samhliða sveitarstjórnarkosningunum. Samkvæmt niðurstöðum könnunar Fréttablaðsins verður tæpt á mununum í kosningunum. 52,2 prósent sögðust vera stækkuninni fylgjandi, en 47,8 prósent sögðust vera stækkuninni andvíg. Mikill kynjamunur er á stuðningi við stækkun. 65,8 prósent karla sögðust vera fylgjandi stækkun, en 37,2 prósent kvenna. Hins vegar sögðust 62,8 prósent kvenna vera andvíg stækkun, en 34,2 prósent karla.

75,3 prósent aðspurðra tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is

VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN

✓„Flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni.“

1 sæti

Ólafur F. Magnússon, læknir og borgarfulltrúi

FRJÁLSLYNDIR OG ÓHÁÐIR XF

BÍLL DAGSINS
FORD ESCORT CLX
Nýskr 04.98 - Beinskiptur - Ekinn 81 þús km. - Allt að 100% lán.

Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.

Frambjóðandi Framsóknarflokksins í Kópavogi:

Segir sjálfstæðismenn skrökva að bæjarbúum

KOSNINGAR Una María Óskarsdóttir, þriðji maður á lista Framsóknarflokksins í Kópavogi, segir að sjálfstæðismenn þar í bæ segi ósatt í kynningarstarfi sínu.

Hún kveðst hafa fengið símtal frá skrifstofu Sjálfstæðisflokksins um helgina. „Ég var spurð hvort mér litist ekki vel á uppbygginguna í Kópavogi, sem ég játaði. Þá segir sá sem hringir að þetta megi þakka Sjálfstæðisflokknum og af orðum hans mátti skilja að þeir hefðu leitt meirihluta í bænum undanfarin fimmtán ár.“

Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur hafa verið í meirihlutasamstarfi í Kópavogi undanfarin sextán ár, en embætti bæjarstjóra var í höndum Framsóknar allar götur þar til í fyrra. Una María segir að þegar hún hafi bent þeim sem hringdi á þetta hafi hann sagt að ekki væri við hann að sakast, því hann hefði fengið leiðbeiningar um hvernig ætti að hringja. „Mér þykja þetta heldur óvönduð vinnubrögð af samstarfsflokknum,“ segir Una María.

UNA MARÍA ÓSKARSDÓTTIR Segir sjálfstæðismenn gefa í skyn að þeir hafi stýrt bænum í hálfan annan áratug.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Björn Hermannsson, kosningastjóri Sjálfstæðisflokksins, þekkti ekki til málsins en taldi að um misskilning hlyti að vera að ræða. „Við höfum hringt í fjölmarga bæjarbúa og þetta er fyrsta kvörtunin sem ég heyri, enda nýtur Framsókn fyllsta sannmælis í okkar samstarfi. Til okkar streyma sjálfboðaliðar sem vilja taka til hendinni og kannski hefur einhverjum orðið misorða, ég skal ekki segja. Þetta gæti líka verið einhver viðkvæmni í Unu Maríu, því við höfum komið fram af heilindum í þessari kosningabaráttu.“

- bs

Eyðir engu, þannig séð

Bensíneyðsla er ómöguleg. Hún gengur ekki lengur. Skelltu bara i-Podinum í samband við græjurnar í Aygo og njóttu þín.
Aygo eyðir engu, þannig séð.
Ofkeyrðu þig.

Engin útborgun & tryggingar innifaldar
Aðeins 24.533 kr. á mánuði*

*Sértilboð Elísabetar og AYGO. M.v. 84 mánuði.
Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.

AYGO BY TOYOTA

AYGO
Það er gaman að keyra



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA ÍS TOY32547 5.06

www.aygo.is

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421 4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480 8000

VEISTU SVARIÐ

1 *Hvað nefnist finnska hljómsveitin sem sigraði í Eurovision?*

2 *Hvað heitir bæjarstjórinn á Siglufirði?*

3 *Íbúar hvaða ríkis kusu um sjálfstæði í gær?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 46

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna ræðir málefni Írans:

Fá ekki öryggistryggingu

WASHINGTON, AP Ríkisstjórn Bandaríkjanna ætlar ekki að gefa stjórn Írans neina tryggingu fyrir því að Bandaríkin muni ekki ráðast með hervaldi inn í landið, jafnvel þó að stjórnin í Teheran gefi eftir varðandi kjarnorkuáætlun sína. Þetta sagði Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í sjónvarpsviðtali um helgina. „Íran er vandræðagemlingur í hinu alþjóðlega samfélagi, aðalbanki hryðjuverka.“ Ríkisstjórn Írans hefur reyndar margoft gefið það út að hún ætli sér einungis að auðga úran til framleiðslu á rafmagni en ekki til vopnaframleiðslu.

Rice sagði að Íranir ættu tvo valkosti, að þeir afléttu áhyggjum varðandi kjarnorkuáætlun þeirra eða að alþjóðasamfélag beitti refsiaðgerðum. „Íranir vita að slíkar aðgerðir alþjóðlegs samfélags geta verið mjög skaðlegar landinu.“

Rice mun í vikunni hitta Mohammed ElBaradei, forseta alþjóða kjarnorkumálastofnunarinnar, í Washington. Auk þess munu fulltrúar Evrópusambandsins, Þýskalands og þeirra ríkja sem eiga fast sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna hittast í London til þess að ræða stöðu mála í Íran. - sha

CONDOLEEZZA RICE Segir að Bandaríkjastjórn muni ekki gefa Írönum öryggistryggingu enda hafi ekki verið beðið um neitt slíkt.

Emírinn í Kúvæt:

Rauf þing og flýtir kosningu

KÚVÆT, AP Emírinn af Kúvæt rauf þjóðþingið í gær og boðaði til kosninga í lok júní, ári áður en þær áttu að fara fram. Ákvörðun Al Sabah er nýjasta útspilið í valdataflinu milli hans og þingsins.

Frá árinu 1963 hafa emírar landsins rofið þing fjórum sinnum. Stundum hefur löggjafarsamkundan ekki komið saman í nokkur ár í kjölfarið. Árið 1999 var þó þeirri reglu komið á að boða yrði til kosninga innan tveggja mánaða eftir þingrof. Undanfarnar vikur hefur staðið styr milli þingsins og stjórnarráðsins vegna fyrirhugaðra breytinga á kosningakerfi landsins. - bs

RISAVAXIÐ MANNVIRKI Stíflan er 2,3 kílómetrar að lengd og kostar um 1.535 milljarða íslenskra króna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stífla í Kína:

Stærsta vatnsaflsvirkjunin

KÍNA Byggingu risastórrar stíflu sem hefur verið í byggingu í þrettán ár í Kína er lokið. Stíflan er hluti af stærstu vatnsaflsvirkjun sögunnar en hún mun framleiða um 84,7 terawattstundir af orku þegar hún verður að fullu komin í gagnið árið 2009.

Stíflan verður 2,3 kílómetrar að lengd en bygging hennar var gríðarlega umdeild í Kína því flytja þurfti 1,3 milljónir manna frá heimilum sínum. Yangtze-fljót er mikil samgönguæð en kínverskir ráðamenn telja að virkjunin muni efla atvinnulíf svæðisins.

Kostnaður við verkið nemur um 1.535 milljörðum íslenskra króna.

Þó að framkvæmdum sé lokið verður stíflan ekki tekin í notkun fyrr en eftir tvö ár. - sgi

BANDARÍKIN

Námuslys í Kentucky Fimm námumenn létust í sprengingu í kolanámu í Kentucky í Bandaríkjunum aðfaranótt laugardags. Ekki er vitað hvað olli sprengingunni. Öryggi námumanna hefur vakið nokkra umræðu í Bandaríkjunum enda hafa námuslys verið tíð. Fjórtán námumenn létust í tveimur námuslysum í janúar.

Stofnun ríkisrekins lyfjafyrirtækis er í skoðun

Vegna þeirrar fákeppni sem er á íslenskum samheitalyfjamarkaði eru hugmyndir um aðkomu ríkisins að innflutningi á samheitalyfjum í skoðun hjá heilbrigðisráðuneytinu.

LYFJAMÁL Stofnun ríkisrekins sjálfseignarfyrirtækis um innflutning á samheitalyfjum er nú í skoðun hjá heilbrigðisráðuneytinu vegna þeirrar fákeppni sem ríkir á samheitalyfjamarkaði á Íslandi.

Samheitalyf eru lyf sem ekki lúta vernd einkaleyfa og allir geta framleitt. Þau eru yfirleitt ódýrari en frumlyfin sem lúta slíkri vernd. Hlutur samheitalyfja er mjög lágur á Íslandi miðað við nágrannalöndin; um fimmtán prósent á móti 85 prósentum frumlyfja.

Fyrir tíu árum voru sett lyfjalög þar sem lyfjaverslun var gefin frjáls og einokunarstaða lyfjafræðinga afnumin. Hugmyndin var að markaðsöflin myndu taka við sér, að sögn Einars Magnússonar, skrifstofustjóra í heilbrigðisráðuneytinu, sem segir breytinguna hafa skilað ágætis árangri í fyrstu. „En markaðurinn hefur ekki verið að virka seinustu ár og sennilega er íslenski markaðurinn of lítill til að þessi samkeppni skili sér með einhverjum hætti,“ segir Einar.

EINAR MAGNÚSSON

Páll Pétursson, formaður lyfjagreiðslunefndar, segir vel hugsanlegt að ríkið fari í samkeppni á samheitalyfjamarkaði. „Ég get vel séð það fyrir mér að það verði þróunin ef aðrir fara ekki að flytja inn þessi ódýru lyf. Þá hlýtur almannaheill að krefjast þess að ríkið fari að skipta sér að því.“ Páll tekur fram að samkeppni á frumlyfjamarkaði sé að ganga upp og umboðsmenn frumlyfjaframleiðenda hafi staðið við sína samninga. Þar vísar Páll til samkomulags sem var gert árið 2004 við framleiðendur frumlyfja um lækkun lyfjaverðs. „En þeir sem flytja inn frumlyf hafa engan áhuga á að flytja inn samheitalyf,“ segir Páll.

Stefnumörkunarvinna með lyfjamálin í heild sinni er í gangi hjá heilbrigðisráðuneytinu í nefnd sem hefur verið að störfum í tvö ár. Áætlað er að nefndarvinnunni ljúki núna í haust. Nefndin var sett á laggirnar eftir að ríkisendurskoðun gaf út skýrslu í mars 2004 um lyfjamál á Íslandi og ákveðið var í kjölfarið að fara í stefnumörkunarvinnu og nýta þessa skýrslu. Í nefndinni situr átján manna hópur úr öllum stjórnmálaflokkum og helstu hagsmunasamtökum. Einar Magnússon, skrifstofustjóri heilbrigðisráðuneytisins stýrir nefndinni. „Það er verið að fara yfir allan málaflokkinn og reynt að ná samstöðu um málin,“ segir Einar.

sdg@frettabladid.is

LYF Í HILLU Samanburður á lyfjaverði milli Íslands og Danmerkur sýnir gífurlegan mun á verði samheitalyfja.

B9 Tribeca, 250 hö. 5 dyra, 7 manna – **5.170.000,-**

Ingvar Helgason	Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Umboðsmenn um land allt	Akureyri 461-2960	Selfossi 482-3100	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990	Reyðarfirði 474-1453

MEGA VIKA

22.-28. MAÍ

ALLAR PIZZUR Á

1.090 KR.*

Brauðstangir 295 kr.
Kjúklingacombo 495 kr.
Hot Wings 495 kr.
Buffalo Wings 495 kr.
Kartöflubátar 295 kr.

Allt 2 lítra gos á 195 kr.

Fyrstu þúsund pizzunum fylgja bíómiðar eða glaðningur tengdur 16 Blocks

58•12345

Domino's Pizza®

*ef þú sækir

www.dominos.is

FÓRNARLAMB SPRENGJU Hlúð var að sárum þessarar konu á spítala í Bagdad í gær, en hún var meðal fimm óbreyttra borgara sem slösuðust þegar sprengja sprakk við veg. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Forseti Argentínu kennir George W. Bush um slæmt efnahagsástand:

Segir fríverslunarstefnuna óþolandi

BUENOS AIRES, AP Forseti Argentínu segir að betur væri fyrir rómönsku Ameríku komið ef Bandaríkin sýndu álfunni meiri áhuga og rækju ekki „óþolandi fríverslunarstefnu“.

Nestor Kirchner hefur setið við völd í Argentínu í að verða þrjú ár og veitti nokkur viðtöl um helgina af því tilefni. Þar lofaði hann Evo Morales, forseta Bólivíu, og Hugo Chavez, forseta Venesuela, fyrir vasklega framgöngu en gagnrýndi George W. Bush Bandaríkjaforseta harðlega. Hann sagði ráðamenn í Washington hafa lítinn áhuga á Rómönsku Ameríku. „Þeir reyna aðeins að koma á fríverslunarsamningum sem eru óviðunandi við núverandi aðstæður. Ef Bandaríkin sýndu álfunni meiri áhuga og stuðning gæti margt breyst til hins betra.“

Kirchner er vinstrimaður og komst til valda árið 2003 í kjölfar versta efnahagsástands sem skráð hefur verið í Argentínu. Þrátt fyrir að hagkerfið hafi rétt úr kútnum undir hans stjórn er verðbólga og atvinnuleysi enn mikið í landinu. **- bs**

NESTOR KIRCHNER Hefur verið við völd í Argentínu frá árinu 2003. NORDICPHOTOS/AFP

Þinn daglegi skammtur af gleði

Nýr, fallegri og miklu betri Opel.

1.890.000,- Beinskipt - 1.6 lítra

ÞESSI ER HLAÐIN AUKABÚNAÐI: ESP skriðvörn, útvarps-fjarstýring í stýri, samlitur og loftkæling. 7 hátalarar, spilar mp3, hiti í sætum, aksturstölva og margt fleira.

Opel er besta þýska bílategundin skv. gæðakönnun bílatímaritsins Auto Bild. Í könnuninni var lagt mat á áreiðanleika, langtímagæði, þjónustu og ánægju viðskiptavina. Á hverju ári bítast Opel Astra og Volkswagen Golf um titilinn mest seldi bíll Evrópu. Nýja Astran er fallegur bíll, hlaðinn aukabúnaði og einn sá ódýrasti á götunni. Astran vekur hrifningu þína á hverjum degi, aftur og aftur.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

* Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

KYNNTI KVIKMYNDAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK Ráðherrann ávarpaði hóp fjölmiðla- og kvikmyndagerðarfólks í Cannes í gær og hvatti viðstadda til að láta sjá sig á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík í haust. Með ráðherranum á myndinni er Dimitri Eipides, dagskrárstjóri kvikmyndahátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÞ

Skattaafsláttur hefur skilað sér ríkulega

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, var á kvikmyndahátíðinni í Cannes um helgina. Hún segir tólf prósenta skattaendurgreiðslu til erlendra kvikmyndagerðarmanna hafa skilað glæsilegum árangri.

KVIKMYNDAGERÐ Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, var á kvikmyndahátíðinni í Cannes um helgina. Hún notaði ferðina til þess að kynna Ísland sem áhugaverðan kost fyrir kvikmyndagerðarfólk og lagði mesta áherslu á tólf prósenta skattaafsláttinn sem ríkið veitir framleiðslufyrirtækjum. Þá tók Valgerður þátt í því að vekja athygli á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík sem hefst í lok september.

„Kvikmyndaheimurinn er sérstakur og það er erfitt fyrir þá sem standa utan við hann að átta sig almennilega á honum en það gefur viðburðum eins og kvikmyndahátíðinni aukna vikt erlendis að ráðherra skuli taka þátt í að kynna hana,“ sagði Valgerður í samtali við Fréttablaðið eftir að hún hafði ávarpað gesti hádegisverðar sem haldin var á ströndinni í Cannes til að kynna bæði Ísland og hátíðina. Um hundrað manns, fjölmiðlafólk, kvikmyndagerðarmenn og fleiri, sóttu samkomuna og Valgerður sagðist vona til að sjá þau sem flest á hátíðinni í haust.

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR Segir Ísland standast allar helstu kröfur sem gerðar séu til tökustaða kvikmynda. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÞ

Valgerður segir skattaafsláttinn hafa skilað góðum árangri frá því hann var bundinn í lög fyrir fimm árum. „Það er gaman að geta staðið hér og talið upp nöfn eins og James Bond, Angelinu Jolie, Clint Eastwood, Batman og fleiri þegar nefnd eru dæmi um það sem tekið hefur verið upp á Íslandi á síðustu árum. Þetta hefur þróast glæsilega en það er margt sem hefur hjálpað til. Fjárfestingarstofa hefur verið mjög öflug í sínu kynningarstarfi auk þess sem Ísland hefur verið að vekja athygli almennt.“ Valgerður segir Ísland standast allar helstu kröfur sem gerðar séu til tökustaða. Landslagið sé sérstakt, mikil tækniþekking sé til staðar og gamalgróin vertíðarvinnuandi Íslendinga geri það að verkum að innlennt vinnuafl sé vant því að vinna í skorpum.

„Þá er Íslendingum eðlislægt að redda öllum sköpuðum hlutum og það er mikilvægt í kvikmyndagerð, sem er ótrúlega flókin og umfangsmikil vinna. Stjórnsýslan er líka skilvirk hjá okkur og kvikmyndagerðarmenn hafa greiðan aðgang að yfirvöldum. Þetta spilar allt saman.“ Valgerður segist sannfærð um að ákvörðun Clints Eastwood um að taka hluta af stórmynd sinni Flags of Our Fathers á Íslandi muni skila miklu enda hafi hann verið mjög ánægður með dvöl sína á landinu.

Valgerður hitti Trond Giske, menntamálaráðherra Noregs, að máli í Cannes á föstudag og þau ræddu íslenska endurgreiðslukerfið en Norðmenn eru alvarlega að íhuga að fara sambærilega leið. „Það eru fleiri þjóðir með ýmis gylliboð og áhugi Norðmanna á kerfinu segir okkur að við verðum að vera á varðbergi og megum ekki dragast aftur úr.“

thorarinn@frettabladid.is

HAFÐU ÞAÐ GOTT Í SUMARFRÍINU

VIÐ PÖSSUM UPP Á HEIMILIÐ MEÐ HEIMAVÖRN

Securitas hefur ætíð verið í fararbroddi þegar kemur að öryggisvörnum heimilisins. Heimavörn Securitas vaktar heimilið allan sólarhringinn, allan ársins hring. Heimavörnin er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112 þar sem við erum ávallt í viðbragðsstöðu. Þannig getur þú verið viss um að réttir aðilar koma samstundis á staðinn ef eitthvað kemur upp á hjá þér og þinni fjölskyldu.

Hafðu samband við öryggisráðgjafa í síma **580 7000**

HEIMAVÖRN

SECURITAS

GOTT FÓLK McCANN

FUGL Í HREIÐRI Það væsir ekki um þennan fugl í hreiðrinu sem hann hefur gert sér í ljósastaur á götu í Nýju-Delí á Indlandi, þó að mennskir íbúar borgarinnar hafi kvartað undan rafmagnsleysi þar í lok vikunnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Víkingaheimar í Reykjanesbæ hljóta styrk:

Flugstöðin veitir tíu milljónir

REYKJANESBÆR Flugstöð Leifs Eiríkssonar mun styrkja svonefndan Víkingaheim í Reykjanesbæ um tíu milljónir á fimm ára tímabili. Reykjanesbær og Íslendingur ehf. óskuðu í október eftir samstarfi við Flugstöðina um stofnun og rekstur safnsins og 25 milljóna króna hlutafjárframlagi, en því hafnaði Flugstöðin.

Í bréfi Flugstöðvarinnar frá því í janúar segir að beiðninni hafi verið hafnað vegna þess að um áhættusama fjárfestingu væri að ræða.

Flugstöðin mun hins vegar styrkja verkefnið í formi beinnar styrkveitingar sem nemur einni milljón á ári í fimm ár og þar að auki með kynningu í Flugstöðinni sem ráðgert er að muni kosta um milljón á ári í fimm ár.

Víkingaheimar munu samanstanda af sýningarhúsi víkingaskipsins Íslendings og safns með ýmsum munum tengdum víkingum. Mörg fyrirtæki og stofnanir hafa veitt fjármunum í verkefnið. - sh

VÍKINGASKIP ÍSLENDINGUR Vikingaskipinu var siglt frá Íslandi til Bandaríkjanna árið 2000. Siglingin tók alls fjóra mánuði. Skiptið lét úr höfn 17. júní og kom til New York í október.

Fékk ekki greidda líftryggingu:

Gaf rangar upplýsingar

DÓMSMÁL Fyrirtækið KB líftrygging var sýknað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af kröfum sambýliskonu manns er fékk ekki greidda líftryggingu eftir lát sambýlismannsins þar eð hann gaf upp rangar upplýsingar.

Voru hjónaleysin með sameiginlega líftryggingu og nutu lágra iðgjalda þar sem hvorugt hafði sagst þjást af neinum sjúkdómi þegar tryggingin var tekin. Síðar kom í ljós að hinn látni hafði verið með kransæðasjúkdóm um alllangan tíma en ekki getið þess er tryggingin var tekin. Var því rúmlega ellefu milljóna króna kröfu sambýliskonu mannsins hafnað. - aöe

Nýr utanríkisráðherra Ítala:

Vill einangra ríkisstjórn Hamas

RÓM, AP Massimo D'Alema, nýskipaður utanríkisráðherra Ítalíu, segir að Ítalir muni líkt og aðrar Evrópuþjóðir leggja sitt á vogarskálarnar til að einangra Hamassamtökin í Palestínu. Hann vill líka endurnýja vináttusambandið við Bandaríkin, þrátt fyrir ágreining vegna Íraksstríðsins.

MASSIMO D' ALEMA

„Ríkisstjórn sem hafnar tilvistarrétti Ísraelsríkis getur ekki tekið þátt í friðarferlinu fyrir botni Miðjarðarhafs," sagði D'Alema í viðtali við ítalska dagblaðið L'Unita, en vinstrimenn á Ítalíu hafa lengi haft samúð með málstað Palestínumanna. - bs

TOGARAVEIÐAR Í síðustu skýrslu matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um ástand útgerðar í heiminum kom fram að ofveiði hefði færst mikið í aukana undanfarna áratugi.
NORDICPHOTOS/AFP

Ofveiði útrýmir fiskstofnum heims

Ríkisstjórnir heims verða að taka í taumana og stöðva ólöglegar togaraveiðar á alþjóðlegum hafsvæðum, svo fiskstofnum verði ekki útrýmt. Þetta kom fram í skýrslu náttúruverndarsamtakanna World Wildlife Fund á föstudag.

GENF, AP Meira en helmingur yfirborðs jarðarinnar telst til alþjóðlegra hafsvæða, en samt sem áður hunsa margar ríkisstjórnir eftirlit með þeim og fylgjast ekkert með sívaxandi veiði þar, hvorki löglegri né sjóræningjaveiði, að sögn Simon Cripps, yfirmanns sjávardeildar náttúruverndarsamtakanna World Wildlife Fund, WWF.

„Ef þessum málum er ekki sinnt núna munið þið ekki hafa lífsviðurværi, þið munið ekki hafa fiskstofna," sagði Cripps á föstudag í tilefni útgáfu nýrrar skýrslu um ofveiði. „Þið getið séð þetta nú þegar í úrvali fisks í verslunum ykkar."

Í síðustu skýrslu matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um ástand útgerðar í heiminum kom fram að ofveiði hefði færst mikið í aukana undanfarna áratugi, og hefði aukist úr um tíu prósentum um miðjan áttunda áratuginn upp í 25 prósent nú.

Fjórðungur þeirra fiskstofna sem stofnunin fylgist með sætir nú annað hvort ofveiði eða hefur verið útrýmt. Þar að auki er nú veitt af helmingi fiskstofna úthafanna eins og þeir þola, sem þýðir að ef veiðin færist í aukana komast þessir stofnar í útrýmingarhættu.

Talsmenn WWF segja að lausnarinnar sé að leita í hertum reglum um veiði á alþjóðlegum hafsvæðum og eftirfylgni þar með.

Skýrsla WWF var birt fyrir fund í New York í Bandaríkjunum, þar sem ráðamenn ýmissa þjóða munu endurskoða samning SÞ um fiskstofna, sem ætlað er að stýra stærð stofnanna í úthöfum fjarri landhelgi einstakra landa.

Lönd svo sem Ástralía, Bretland og Kanada ættu að taka meiri ábyrgð, setja gott fordæmi og ýta á önnur lönd um að gera hið sama, að sögn Cripps.

Einstaka milliríkjasamningar um verndun úthafanna gefast vel, svo sem við Suðurheimskautið. En annars staðar bregðast þeir.

Sum þeirra landa sem skrifað hafa undir milliríkjasamning um fiskveiðar í Norður-Atlantshafinu hlíta ekki fiskveiðikvótum sínum, að sögn Cripps. Önnur lönd hafa ekki skrifað undir neins konar milliríkjasamkomulag og grafa því undan viðleitni landa sem sýna ábyrgð í úthafsveiðum.

Sem dæmi tók Cripps hrun þorskstofnsins undan austurströnd Kanada, sem leggur atvinnulíf meðfram ströndinni í rúst. Gerist þetta þrátt fyrir viðleitni Kanadamanna um að vernda þorskstofninn innan landhelgi þeirra.

Þetta dæmi og fjölmörg önnur sýna að herða verður reglur og stöðva sjóræningjaveiðar, því annars verður lítið eftir af fiski til að vernda, að sögn Cripps.

smk@frettabladid.is

Verslunarmiðstöð á Akranesi:

Stærstur hluti Bónusverslun

AKRANES Fyrsta skóflustungan að nýrri verslunarmiðstöð á Akranesi við Þjóðbraut var tekin síðastliðinn föstudag. Jóhannes Jónsson kenndur við Bónus hélt um skófluskaftið við þetta tilefni enda fer stærstur hluti byggingarinnar undir Bónusverslun í vesturenda. Í austurenda hennar verða sérverslanir sem allar hafa sameiginlegt aðgengi úr miðkjarna verslunarmiðstöðvarinnar.

NÝ VERSLUNARMIÐSTÖÐ Byggingin verður 2.200 fermetrar að flatarmáli.

Að auki verður á lóðinni bensín- og olíuafgreiðslustöð Orkunnar. Byggingin verður 2.200 fermetrar að flatarmáli en Sveinbjörn Sigurðsson ehf. er eigandi húsnæðisins. Stefnt er að því að hefja jarðvinnu á næstu dögum en opna á húsið fyrir hvítasunnuhelgi árið 2007. - sgi

Breytt útgáfa íslenskra vegabréfa

Á morgun, 23. maí, verða breytingar á íslenskum vegabréfum, umsóknum og afhendingu þeirra.

- Engin gild vegabréf falla úr gildi þótt farið verði að framleiða nýja gerð vegabréfa.
- Afgreiðsla vegabréfa í Reykjavík verður framvegis hjá Lögreglunni í Reykjavík, Borgartúni 7b, en ekki hjá Útlendingastofnun.
- Sýslumenn utan Reykjavíkur og Lögreglan í Reykjavík taka við umsóknum um vegabréf.
- Umsækjendur eru ekki bundir af því að skila umsókn í sama umdæmi og lögheimili þeirra er.
- Myndataka fyrir vegabréfaumsókn telst til öryggisatriða nýju vegabréfanna og fer hún því fram á sama á stað og á sama tíma og sótt er um og fylgir því ekki aukakostnaður. Koma má með eigin myndir á rafrænu formi.
- Verð vegabréfa helst óbreytt.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

Frekari upplýsingar má finna á www.vegabref.is

BÍLALÁN

Ég er hætt að hugsa um minn fyrrverandi og tilbúin í einn nýjan!

TM fjármagnar bílakaupin

Billinn er sjálfsagt ein algengasta stórfjárfesting okkar í lífinu. En stundum getur verið erfitt að leggja út fyrir heildarupphæðinni. Með bílaláni TM geta kaupendur klófest þann bíl sem þeir eru spenntastir fyrir á einfaldan og þægilegan hátt. Þeir velja draumabílinn og sölumaður fyllir út lánsumsókn. Þeir sem vilja eignast ferðavagn eða mótorhjól með hagstæðum lánum eiga líka kost á bílaláni TM.

Þú getur sótt um bílalán TM á vefnum, www.tryggingamidstodin.is, eða hringt í síma 515 2000.

Sveigjanlegir möguleikar með TM bílaláni:

// **5,95% fastir vextir á verðtryggðum lánum - tilboð til 15. júní**
// **Lántökugjöld 1% - tilboð til 15. júní**
// Lán í íslenskri mynt - engin gengisáhætta
// 80% lán í allt að 7 ár
// Getur greitt upp lánið hvenær sem er
// Engin uppgreiðsluþóknun
// Hægt að borga inn á lánið á tímabilinu og lækka höfuðstól
// Hægt að færa lán á milli ökutækja
// Hægt að bæta við núverandi lán með sameiningarláni

Bílalán TM

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TMI 32335 05/2006

Hringdu í síma **515 2000** eða farðu á **www.tryggingamidstodin.is** og fáðu skýr svör.

AKUREYRI

Akureyrarkaupstaður og Hríseyjarhreppur sameinuðust í eitt sveitarfélag árið 2004. Íbúafjöldinn 1. desember í fyrra var 16.736. Bæjarstjórn er skipuð ellefu fulltrúum.

ÚRSLIT KOSNINGANNA 2002
Fjöldi íbúa á kjörskrá: 11.240
Fjöldi greiddra atkvæða: 9.041 (80,4%)

Listi Framsóknarmanna (B)
- 2.124 atkvæði - 3 fulltrúa
Listi Sjálfstæðisflokksins (D)
- 3.144 atkvæði - 4 fulltrúa
Listi fólksins (L)
- 1.568 atkvæði - 2 fulltrúa
Listi Samfylkingarinnar (S)
- 1.225 atkvæði - 1 fulltrúa
Listi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs (U)
- 769 atkvæði - 1 fulltrúa

Meirihlutasamstarf er með Framsóknar- (B) og Sjálfstæðisflokki (D)

Bæjarfulltrúar B-listans:
Jakob Björnsson
Gerður Jónsdóttir
Jóhannes Gunnar Bjarnason

Bæjarfulltrúar D-listans:
Kristján Þór Júlíusson
Þóra Ákadóttir
Þórarinn B. Jónsson
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Oktavía Jóhannesdóttir
(Gekk til liðs við D-lista 2005)

Bæjarfulltrúar L-listans:
Oddur Helgi Halldórsson
Marsibil Fjóla Snæbjarnardóttir

Bæjarfulltrúi S-listans:
Oktavía Jóhannesdóttir
(Gekk til liðs við D-lista 2005)

Bæjarfulltrúi U-listans:
Valgerður Hjördís Bjarnadóttir

KOSNINGAR 2006
Fjöldi íbúa á kjörskrá: 11.240

Efstu menn B-lista:
1. Jóhannes Gunnar Bjarnason íþróttakennnari
2. Gerður Jónsdóttir bæjarfulltrúi
3. Erla Þrándardóttir verkefnastjóri
4. Erlingur Kristjánsson kennari
5. Ingimar Eydal, aðst.slökkviliðsstj.
6. Petrea Ósk Sigurðardóttir leikskólakennari

Efstu menn D-lista:
1. Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri.
2. Sigrún Björk Jakobsdóttir bæjarfulltrúi.
3. Elín Margrét Hallgrímsdóttir símenntunarstjóri.
4. Hjalti Jón Sveinsson skólameistari
5. Þórarinn B. Jónsson bæjarfulltrúi
6. María Egilsdóttir hjúkrunarfræðingur

Efstu menn L-lista:
1. Oddur Helgi Halldórsson blikksmíðameistari
2. Anna Halla Emilsdóttir aðst. leikskólastjóri
3. Víðir Benediktsson skipstjóri
4. Nói Björnsson skrifstofustjóri
5. Halla B. Reynisdóttir flugumferðarstjóri
6. Tryggvi Gunnarsson verslunarstjóri

Efstu menn O-lista:
1. Hólmar Örn Finnsson viðskiptalögfræðingur
2. Sindri Kristjánsson nemi
3. Benedikt Sigmar Emilsson nemi
4. Inga Björk Svavarsdóttir innheimtufulltrúi
5. Sigurður Karl Jóhannsson veitingamaður
6. Heiðar Ríkharðsson þjónn

Efstu menn S-lista:
1. Hermann Jón Tómasson áfangastjóri
2. Sigrún Stefánsdóttir sölufulltrúi
3. Helena Þuríður Karlsdóttir forstöðumaður
4. Ásgeir Magnússon forstöðumaður
5. Margrét Kristín Helgadóttir nemi
6. Jón Ingi Cæsarsson dreifingarstjóri

Efstu menn V-lista:
1. Baldvin H. Sigurðsson matreiðslumeistari
2. Kristín Sigfúsdóttir kennari
3. Dýrleif Skjóldal Ingimarsdóttir sundþjálfari
4. Jón Erlendsson starfsm. Vegagerðar
5. Baldvin Esra Einarsson heimspekingur
6. Embla Rún Hakadóttir nemi

SKEMMTIFERÐASKIP VIÐ AKUREYRI Komum skemmtiferðaskipa til Akureyrar hefur farið fjölgandi undanfarin ár.

Akureyringar hafa um flesta lista að velja í komandi kosningum:

Endurnýjun í bæjarstjórn

KOSNINGAR Kjósendur á Akureyri þurfa að velja á milli sex framboðslista á laugardaginn en hvergi á landinu eru listarnir jafn margir. Framsóknarflokkur, Listi fólksins, Samfylking, Sjálfstæðisflokkur og Vinstri grænn bjóða öll fram lista líkt og síðast. Að auki býður nú Framfylkingarflokkurinn fram en hann er nýtt stjórnmálaafl á Akureyri sem einkum er ætlað að höfða til yngri kjósenda.

Mikil endurnýjun hefur orðið á öllum listunum sem buðu fram í síðustu kosningum og ljóst að Akureyringar munu fá marga nýja bæjarfulltrúa.

Vegna sameiningar Akureyrarkaupstaðar og Hríseyjarhrepps sumarið 2004 eru málefni er tengjast Hrísey nú á stefnuskrá listanna. Enginn Hríseyingur er þó nægilega ofarlega á lista til að ná sæti í bæjarstjórn, svo raunhæft sé.

Akureyrarbær stendur fjárhagslega traustum fótum og íbúum hefur fjölgað á undanförnum árum. Atvinnuleysi hefur verið viðvarandi vandamál um hríð og öll framboðin boða nú aðgerðir í atvinnumálum.

Flestir listarnir segjast ætla að lækka leikskólagjöld en gerð sjávarsíkis í miðbænum er orðið að pólitísku bitbeini á síðustu metrum kosningabaráttunnar. Allt þar til fyrir nokkrum vikum virtist góð samstaða um gerð sjávarsíkisins en nú segir Samfylkingin fram-

Þú í útrás

Félagar í Vildarþjónustu Sparisjóðsins fá ferðatilboð hjá Úrval-Útsýn og Plúsferðum, 50% afslátt af flugi innanlands, ferðalán og bílaleigu á betri kjörum. Í Sparisjóðnum færðu einnig gjaldeyri fyrir fríið. Það er engin tilviljun að viðskiptavinir Sparisjóðsins eru þeir ánægðustu í bankakerfinu síðastliðin 7 ár.

SVEITARSTJÓRNAR-KOSNINGAR 2006
Akureyri

kvæmdina ekki í forgangi og Listi fólksins telur hana óraunhæfa.

Frambjóðendur allra listanna sex segjast hafa orðið varir við góðan meðbyr að undanförnu. Hafi kjósendum á Akureyri ekki fjölgað þeim mun meira síðustu daga er ljóst að í flestum tilfellum er um að ræða svikabyr sem ekki mun skila öllum pólitískum skútum á Akureyri í örugga höfn á laugardaginn.

- kk

Baldvin H. Sigurðsson V-lista:

Fjölgun starfa og frír leikskóli

Baldvin H. Sigurðsson matreiðslumeistari skipar efsta sæti á lista Vinstri grænna en hann átti ekki sæti á lista flokksins síðast. Hann segir megináherslur listans á velferðar-, atvinnu- og umhverfismál. „Við munum berjast fyrir hækkun lægstu launa og draga til baka launalækkun almenns verkafólks hjá bænum. Við boðum gjaldfrían leikskóla, fría heimatilbúna máltíð í alla grunnskóla og að íbúar á öldrunarheimilum eigi rétt á eigin herbergi."

VG vill jafnframt fjölga störfum í ferðaþjónustu með aukinni afþreyingu fyrir ferðafólk og hlúa að starfsemi Markaðsskrifstofu ferðamála og sjávarútvegsfyrirtækjum bæjarins. „Við ætlum að hjálpa háskólanum til vaxtar og metorða, auka lóðaframboð og laða ný atvinnufyrirtæki til bæjarins. Vinstri grænir munu stórauka endurvinnslu, fullklára göngu- og hjólastíga bæjarins og gera Glerárdal að útivistarparadís. Við viljum byggja upp miðbæjarsvæðið en fara varlega í þær framkvæmdir."

Oddur H. Halldórsson L-lista:

Fagmann sem bæjarstjóra

Oddur Helgi Halldórsson, blikksmiður og bæjarfulltrúi, er í fyrsta sæti á Lista fólksins en hann hefur leitt listann frá því hann bauð fyrst fram árið 1998. Hann segir núverandi meirihluta þreyttan og bæjarstjórann ekki með hugann við stjórn bæjarins. „L-listinn vill fá ópólitískan fagmann sem bæjarstjóra og bæta aðstöðu aldraðra og rekstrarumhverfi íþróttafélaganna. Vinna þarf markvisst í atvinnumálum og stórauka fjármagn í forvarnir og úrræði fyrir vímuefnaneytendur. Skipulagsmálin eru í hnút og síkisdraumar bæjarstjórans óraunhæfir."

Oddur segir markmið L-listans skýr. „Við ætlum að efla Akureyri. Við lútum ekki flokkseigendaklíku og finnst aumkunarvert þegar formenn flokkanna og ráðherrar dúkka upp í bænum í kosningabaráttunni, brosandi í allar áttir. Nær væri að þeir létu verkin tala á þingi."

Hermann J. Tómasson S-lista:

Meirihlutinn skilur ekki íbúana

Hermann Jón Tómasson áfangastjóri leiðir lista Samfylkingarinnar en hann var í öðru sæti síðast. Hann segir núverandi meirihluta ekki skynja vilja íbúanna. „Í hverju málinu á fætur öðru hafa forsvarsmenn meirihlutans deilt við fólkið sem þeir voru kjörnir til að þjóna. Eitt nýjasta dæmið er hugmyndir um sjávarsíki í miðbænum sem meirihlutinn virðist telja forsendu uppbyggingar en meirihluti íbúa er ósáttur við."

Hermann segir Samfylkinguna ætla að beita sér fyrir eflingu atvinnulífsins og leggja fram skýrar hugmyndir í þeim efnum. „Við ætlum að vinna ötullega í málefnum aldraðra og annarra sem þurfa á stuðningi samfélagsins að halda. Við viljum bæta aðstæður barnafjölskyldna og afnema leikskólagjöld í áföngum á kjörtímabilinu. Í umhverfis- og skipulagsmálum leggjum við áherslu á sátt við íbúana og að hagsmunir samfélagsins í heild verði hafðir að leiðarljósi."

Jóhannes G. Bjarnason B-lista:

Bæta þjónustu á öllum sviðum

Jóhannes Gunnar Bjarnason íþróttakennari er í efsta sæti á lista Framsóknarflokksins en hann skipaði þriðja sæti fyrir fjórum árum. Hann segir B-lista leggja höfuðáherslu á að bæta áfram alla þjónustu við íbúana. „Við ætlum að halda áfram uppbyggingu í öldrunar- og félagsmálum og stórefla Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar. Við viljum gera átak í íþróttamálum og tómstunda- og listnámi barna með auknum niðurgreiðslum og leggjum áherslu á ferðaþjónustu. Þá munum við berjast fyrir lengingu flugbrautarinnar og hafnaraðstöðu fyrir skemmtiferðaskip."

Jóhannes segir Framsóknarflokkinn hafa metnað til að bjóða Akureyringum upp á bestu grunn- og leikskóla landsins. „Við viljum jafnframt gera vistvænar samgöngur að raunhæfum möguleika með því að bæta göngu- og hjólreiðastíga bæjarins og með því að hafa frítt í strætó."

Hólmar Ö. Finnsson O-lista:

Ungt fólk í bæjarstjórn

Hólmar Örn Finnsson viðskiptalögfræðingur skipar efsta sæti á lista Framfylkingarflokksins sem er nýtt stjórnmálaafl á Akureyri. Hann segir O-listann þverpólitískt framboð ungs fólks sem vilji virkja kraft unga fólksins. „Við teljum rödd unga fólksins eiga heima í bæjarstjórn í bæ sem gefur sig út fyrir að vera skólabær. Ekkert hinna framboðanna stillir fólki undir þrítugu það ofarlega á lista að líklegt megi telja að viðkomandi nái kjöri til bæjarstjórnar."

Hólmar segir O-listann leggja mikla áherslu á málefni háskólans og vilja efla hann með beinum stuðningi Akureyrarbæjar. „Tækifæri til nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi, í samstarfi háskólans og fyrirtækja í bænum, eru gríðarleg og þau verður að nýta. Við leggjum einnig áherslu á að bæta ímynd Akureyrar en hún er sú að hér sé láglaunasvæði og lítið um að vera. Jafnframt viljum við laða að fleiri erlenda ferðamenn, til dæmis með alþjóðlegri rokkhátíð í anda Hróarskelduhátíðarinnar."

Kristján Þ. Júlíusson D-lista:

Fjölskylduvænt samfélag

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri leiðir lista Sjálfstæðisflokks líkt og í síðustu tvennum kosningum. Hann segir áherslur flokksins settar fram með hagsmuni allra bæjarbúa að leiðarljósi. „Við munum tryggja áfram að leikskólagjöld verði ekki hærri en í samanburðarsveitarfélögum. Við viljum laða hingað nýsköpunar- og tæknifyrirtæki með því að taka þátt í rannsóknarkostnaði og jafnframt lækka skatta á atvinnufyrirtæki árið 2007."

Kristján segir kannanir sýna að landsmenn horfi sífellt meira til Akureyrar með búsetu í huga. „Hér er fjölskylduvænt samfélag en undanfarið höfum við byggt upp grunnþjónustu. Nú ætlum við í auknum mæli að huga að afþreyingu og tómstundum og virða þannig framtíðarsýn og vilja Akureyringa eins og kom fram á frábæru íbúaþingi í tengslum við Akureyri í öndvegi."

Kynntu þér frábær tilboð í Vildarþjónustunni í sumar

- 50% afsláttur hjá Flugfélagi Íslands
- Allt að 30.000 kr. afsláttur í sólina
- Afsláttur hjá Hertz bílaleigu
- 10.000 kr. ferðaávísun

...og margt fleira

Við lögum okkur að þínum þörfum!

SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta

Síðustu sætin í maí og júní ótrúlegt verð – gríptu tækifærið

Allt að seljast upp!

29.995 kr. Rimini

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð. 24. eða 31. maí í viku.

24. maí - 15 sæti
31. maí - örfá sæti
7. júní - 19 sæti

49.990 kr. – í 2 vikur Króatía

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð. 31. maí í 2 vikur.

24. maí - uppselt
31. maí - uppselt
7. júní - 12 sæti

39.990 kr. Costa del Sol

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð. 1. júní í viku.

25. maí - uppselt
1. júní - 15 sæti
8. júní - 7 sæti

41.195 kr. Fuerteventura

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára á Barcelo Jandia Golf. 21. júní í 6 nætur.

Uppselt í maí og júní
Aukaflug 7. júní - 17 sæti
Aukaflug 21. júní - nokkur sæti

29.990 kr. Benidorm

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð. 25. maí og 1. júní í viku.

25. maí - örfá sæti
1. júní - nokkur sæti
8. júní - 17 sæti

29.990 kr. Mallorca

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð. 25. maí eða 1. júní í viku.

25. maí - örfá sæti
1. júní - nokkur sæti
8. júní - 11 sæti

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar var samþykkt samhljóða á þriðjudag:

Starfsfólki kennd íslenska

JAFNRÉTTISMÁL Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar var samþykkt samhljóða í borgarstjórn á þriðjudag. Mannréttindastefnan er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið sömu mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Stefnan kemur í stað jafnréttisstefnu og fjölmenningarstefnu og með samþykkt hennar er Reykjavíkurborg fyrst allra sveitarfélaga til að setja fram heildstæða mannréttindastefnu.

Í stefnunni er meðal annars kveðið á um að erlendum borgarstarfsmönnum sé gefinn kostur á starfstengdu íslenskunámi og að fjölbreytileika mannlífsins séu gerð skil í skóla- og uppeldisstarfi, til dæmis að rætt sé kinnroðalaust um samkynhneigð. - sh

RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR Ný mannréttindastefna Reykjavíkurborgar er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið sömu mannréttinda.

FYRSTA SÆTI Í FLOKKI MINNI FYRIRTÆKJA Valgerður Skúladóttir tekur við viðurkenningu fyrir hönd Sensa.

Danól og Sensa ehf. eru fyrirtæki ársins

Fyrirtæki og stofnun ársins 2006 voru valin Danól, Sensa ehf. og Skattrannsóknarstjóri. Könnunina gerðu VR og SFR á yfir 13.000 starfsmönnum. Í könnuninni kom fram að karlar eru almennt sáttari við laun sín en konur.

ATVINNA Daníel Ólafsson ehf. og Sensa ehf. eru fyrirtæki ársins 2006 og Skattrannsóknarstjóri ríkisins er stofnun ársins. Þetta eru niðurstöður könnunar sem VR og SFR gerðu og voru kynntar á Nordica Hotel á föstudag.

Í könnuninni voru starfsmenn beðnir um að gefa fyrirtækinu eða stofnuninni sem þeir starfa hjá einkunn fyrir átta lykilþætti: trúverðugleika stjórnenda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu, sjálfstæði í starfi, álag og kröfur, stolt af fyrirtæki og starfsanda. Saman mynda þættirnir heildareinkunn á bilinu einn til fimm.

Fyrirtækjum var skipt í tvo flokka, stærri fyrirtæki með fimmtíu starfsmenn eða fleiri og minni með 49 eða færri. Danól varð hlutskarpast í flokki stærri fyrirtækja með heildareinkunnina 4,47. Danól var valið Fyrirtæki ársins í flokki minni fyrirtækja árið 1999 og var hástökkvari lista stærri fyrirtækja í fyrra. Í öðru sæti í ár er ráðgjafar- og verkfræðiþjónustufyrirtækið Hönnun hf. sem vermdi efsta sætið fyrir ári. Hugbúnaðar- og ráðgjafarþjónustufyrirtækið Applicon er í þriðja sæti. Hástökkvari listans er Bílanaust hf. sem fer úr 98. sæti með einkunnina 3,47 í sæti 38 með 4,00. Meðaleinkunn var 3,86.

Sensa ehf., sem sérhæfir sig í tölvukerfum og IP-tækni, er fyrirtæki ársins í flokki minni fyrirtækja með heildareinkunnina 4,77 og fékk hæstu mögulegu einkunn fyrir fimm af lykilþáttunum átta. Sensa var í öðru sæti í fyrra. Í öðru og þriðja sæti eru Heilsa ehf. og Hagvangur. Mest hækkar Tengi ehf. sig, úr 159. sæti með 3,71 í 26. sæti með 4,36. Meðaleinkunn var 3,94.

Rúmlega níu af hverjum tíu starfsmönnum hafa ánægju af starfi sínu, sem er svipað hlutfall og í fyrra.

Athygli vekur að karlar eru almennt sáttari í starfi en konur, þeir eru ánægðari með launin, vinnuskilyrðin og sveigjanleikann. Konur finna hins vegar fyrir minna álagi. Þá eru háskólagengnir marktækt sáttari við vinnustað sinn en aðrir.

Félagsmenn SFR tóku í fyrsta sinn þátt í könnuninni og völdu Skattrannsóknarstjóra ríkisins Stofnun ársins 2006 með einkunnina 4,48. Fimm efstu stofnanirnar fengu sérstaka viðurkenningu sem fyrirmyndarstofnanir 2006. Ekki er munur á heildareinkunnum kvenna og karla hjá SFR en munur er á einstökum mælikvörðum. Þannig eru karlar almennt sáttari við laun sín en konur.

Rúmlega 10.600 starfsmenn hjá 1.900 fyrirtækjum tóku þátt í könnun VR, sem er met og um þrjú þúsund starfsmenn nærri þrjú hundruð stofnana svöruðu.

stigur@frettabladid.is

FYRSTA SÆTI Í FLOKKI STÆRRI FYRIRTÆKJA Einar Kristinsson og Ólöf Óktósdóttir tóku við viðurkenningu fyrir hönd Danól.

EFSTU FYRIRTÆKIN Í FLOKKI STÆRRI FYRIRTÆKJA:

Fyrirtæki	Einkunn
1. Daníel Ólafsson ehf.	4,47
2. Hönnun hf.	4,42
3. Applicon	4,41
4. Fjarhitun hf.	4,35
5. Hugur hf.	4,32
6. Össur hf.	4,29
7. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen	4,28
8. Línuhönnun hf.	4,25
9. Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf.	4,23
10. Securitas hf.	4,22

(meðaleinkunn var 3,86)

EFSTU FYRIRTÆKIN Í FLOKKI MINNI FYRIRTÆKJA:

Fyrirtæki	Einkunn
1. Sensa ehf.	4,77
2. Heilsa ehf.	4,73
3. Hagvangur	4,72
4. Himnesk hollusta ehf.	4,69
5. Birtingarhúsið 4,66	
6. Globus hf. 4,62	
7. Sameinaði lífeyrissjóðurinn	4,61
8. Rolf Johansen & Co ehf.	4,58
9. JKE Design	4,56
10. Sumarferðir	4,54

(meðaleinkunn var 3,94)

FIMM EFSTU STOFNANIRNAR:

Stofnun	Einkunn
1. Skattrannsóknarstjóri ríkisins	4,48
2. Biskupsstofa	4,44
3. Kirkjug. Reykjavíkurprófastsdæma	4,38
4. Sjálfsbjargarheimilið	4,33
5. Skattstofa Suðurlands	4,31

Þessar fimm stofnanir hlutu sérstaka viðurkenningu sem Fyrirmyndarstofnanir 2006.

(meðaleinkunn var 3,78)

Frítt árgjald

fyrsta árið á S24 kreditkortum

Þér gefst kostur á hagstæðara kreditkorti en gengur og gerist á markaðnum. S24 kreditkortin bera almennt lægra árgjald og betri vexti. Þau henta einkar vel fyrir alla daglega notkun og þú greiðir engin færslugjöld.

Þeir sem fá sér S24 kreditkort fyrir 10. júlí eiga möguleika á að vinna S24-MasterCard ferðaávísanir, fimm að verðmæti 10.000 og tvær að verðmæti 50.000*.

Vinningsshafarnir verða dregnir út vikulega frá 6. júní til 10. júlí.

*Gildir einnig fyrir núverandi kreditkortshafa hjá S24.

Þú átt möguleika á að vinna ferðaávísun að verðmæti **50.000 kr.**

5.000 kr. ferðaávísun fylgir hverju nýju kreditkorti.

Sæktu um kort...

WWW.s24.is

S24 ...og þú hagnast

M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.

533 2424 – Sætún 1

EINN TVEIR OG ÞRÍR 312.125

KJARNORKAN ÖLL Úrelt kjarnorkuver í Oregon-ríki í Bandaríkjunum var rifið um helgina. Þar á meðal var þessi turn sprengdur og jafnaður við jörðu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stúdentaráð Háskóla Íslands mótmælir:

Tvöfalda þarf stúdentagarða

HÚSNÆÐISMÁL Stúdentaráð Háskóla Íslands vígði í gær stórt skilti á horni Sæmundargötu og Hringbrautar en á því stendur meðal annars: „Hér viljum við byggja stúdentagarða.“ Sigurður Örn Hilmarsson, formaður Stúdentaráðs, segir að tilgangur skiltisins sé að vekja athygli á of litlu framboði íbúða fyrir stúdenta. „Við erum að vekja athygli á því að sex hundruð stúdentar eru á biðlista eftir úthlutun íbúða á hverju einasta hausti. Eftirspurnin er í raun miklu meiri vegna þess að margir sækja ekki um því þeir eru vissir um að komast ekki að.“

Sigurður bendir jafnframt á að Félagsstofnun stúdenta hafi fjármagn og vilja til þess að reisa fleiri stúdentaíbúðir, en lóðir vanti. „Stofnunin getur einungis boðið átta prósentum stúdenta íbúðir en í viðmiðunarlöndum okkar er hlutfallið fimmtán prósent. Því þarf að tvöfalda fjölda íbúða.“

Undanfarnar vikur hafa Stúdentaráðsliðar hitt allar fylkingar í framboði til borgarstjórnar og kynnt fyrir þeim sjónarmið ráðsins. „Flestir eru sammála um að bæta verði úr vandanum en við höfum þó enn ekki fengið nein loforð, ekki ennþá.“ segir formaður Stúdentaráðs.

- sha

SKILTI STÚDENTARÁÐS Hér vill SHÍ byggja stúdentagarða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kalkþörungavinnsla:

Verksmiðjan rís á Bíldudal

FRAMKVÆMDIR Einingarnar í verksmiðjuhús Íslenska kalkþörungafélagsins eru komnar til Bíldudalshafnar og verða settar upp á næstunni. Húsið verður 2.700 fermetrar en grunnurinn er að mestu tilbúinn.

Einingarnar komu í vikunni ásamt vélum sem notaðar verða í verksmiðjunni með flutningaskipinu Sunnu. Gert er ráð fyrir að verksmiðjuhúsið verði tilbúið í haust. Að sögn Guðmundar Magnússonar verksmiðjustjóra hefur kalkþörungurinn sem sendur hefur verið frá Bíldudal til Írlands reynst vel og bíða nú írsku eigendur verksmiðjunar óþreyjufullir eftir að vinna geti hafist í Arnarfirðinum. - jse

Ólöglegir innflytjendur:

Þrifu breskt ráðuneyti

BRETLAND Fimm ólöglegir innflytjendur, sem störfuðu sem ræstitæknar hjá breska innanríkisráðuneytinu, hafa verið handteknir. Þetta kemur fram á fréttasíðu BBC í gær.

Mennirnir, sem eru frá Nígeríu, störfuðu hjá verktakafyrirtæki sem sér um þrif á ráðuneytinu. Yfirmenn Techclean fara nú í saumana á því hvernig mönnunum tókst að fá vinnu hjá fyrirtækinu.

Innanríkisráðherrann John Reid hefur sætt gagnrýni fyrir að hafa sagst ekki hafa hugmynd um hversu margir ólöglegir innflytjendur væru í Bretlandi, en Tony McNulty innflytjendaráðherra telur þá vera 310.000 til 570.000 talsins.

- smk

Umhverfisviðurkenning Reykjavíkurborgar:

Íslensk erfðagreining fær umhverfisverðlaun

UMHVERFISMÁL Íslensk erfðagreining hlaut Umhverfisviðurkenningu Reykjavíkurborgar sem var veitt við hátíðlega athöfn á föstudaginn.

Starfshópurinn sem fór yfir tilnefningar telur að Íslensk erfðagreining sýni gott fordæmi í umhverfismálum og sé til fyrirmyndar fyrir rannsóknarfyrirtæki jafnt sem önnur fyrirtæki.

Fram kemur að starfsmennirnir séu upplýstir um umhverfismál og fyrirtækið sýni frumkvæði við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum rekstrar síns. Gangi það að mörgu leyti lengra en lög og reglur geri ráð fyrir, meðal annars með mengunarvarnabúnaði á frárennsli.

- sdg

VIÐURKENNINGIN AFHENT Árni Þór Sigurðsson, formaður umhverfisráðs, afhenti Eiríki Sigurðssyni, kynningarstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, viðurkenninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

VILJA SKÝR SVÖR Irma Erlingsdóttir og Áshildur Haraldsdóttir vilja skýr svör frá borgaryfirvöldum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Íbúar á móti nýbyggingu

Þrír íbúar í Vesturbæ Reykjavíkur hafa hafið söfnun undirskrifta sem þeir hyggjast afhenda borgaryfirvöldum í vikunni. Vilja þeir svör við spurningum um skipulag á lóð sem nýlega var seld í hverfinu.

SKIPULAGSMÁL Undirskriftasöfnun er hafin á meðal íbúa í Vesturbæ Reykjavíkur. Tilgangur söfnunarinnar er að fá svör frá skipulagsráði borgarinnar sem aðilar allra flokka sitja í, um skipulag á lóð á horni Bræðraborgarstíg og Hávallagötu. Á lóðinni er hús sem var byggt árið 1897 og stendur til að flytja í burtu eða rífa. Að sögn Irmu Erlingsdóttur, eins aðstandenda undirskriftasöfnunarinnar, hafa íbúarnir áhyggjur af yfirbragði hverfisins en verktaki keypti húsið fyrir nokkru.

Spurningarnar til borgaryfirvalda snúast einkum um þann bílastæðavanda sem fyrir er og líklegt er að muni versna og hvort borgin hyggist á einhvern hátt bregðast við honum. Ástæða bílastæðavandans er einkum sú að ekki var gert ráð fyrir bílastæðum við hús sem byggð voru á sjöunda og áttunda áratugnum. Auk þess hefur hluti lóðarinnar sem nú hefur verið seld nýttur sem bílastæði fyrir íbúa svæðisins.

Íbúarnir vilja einnig spyrja hvað borgaryfirvöldum finnist um flutning gamalla húsa úr miðbænum og fellingu trjáa á lóðinni. Íbúarnir vilja að sátt sé um þéttingu byggðar og hvort borgin vilji að þarna séu byggð ný hús og hversu stór slík hús eigi að vera.

Ljóst er að ef fjölbýlishús rís mun umferð um hverfið aukast og fleiri verða um þau fáu bílastæði sem fyrir eru. Krafa íbúanna er að skipulagsyfirvöld vandi vinnu sína og að sátt náist um þetta svæði.

Aðstandendur undirskriftasöfnunarinnar eru þau Haraldur Ólafsson, Irma Erlingsdóttir og Áshildur Haraldsdóttir og þegar hafa safnast rúmlega hundrað undirskriftir. Áætlað er að afhenda undirskriftirnar eftir helgi en spurningar íbúanna hafa þegar verið sendar yfirvöldum.

gudrun@frettabladid.is

ENNEMM / SÍA / NM21776

Réttmeti

Ný kynslóð örbylgjurétta fyrir fólk sem hugsar um hollustuna. Réttirnir eru úr fersku hráefni og eldast við gufu. Þannig halda þeir upprunalegu næringargildi að langmestu leyti.

Prófaðu Réttmeti!

Rétt samsett máltíð sem er bæði holl og góð.

- enginn viðbættur sykur
- engin viðbætt fita
- salt í lágmarki

ÖMMUBAKSTUR

Svona erum við

> Hlutfall fíkniefnabrota af tilefnum fangavistana.



1.-4. ársfjórðungur 2006 Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: SÁRASÓTT

Skæður bakteríusjúkdómur

Fyrr á tímum var sárasótt mikill skaðvaldur hér á landi sem annars staðar í heiminum. Sjúkdómurinn er núorðið sjaldgæfur hérlendis og greinast einungis nokkur sárasóttartilfelli árlega. Sjúkdómurinn er enn til staðar í sumum Asíulöndum, sums staðar í Afríku, Suður-Ameríku og jafnvel í Austur-Evrópu. Sums staðar hefur hann verið að færast í vöxt að nýju og þar á meðal á Norðurlöndunum.

Hvernig smitast sárasótt?
Sárasótt, öðru nafni sýfílis, orsakast af bakteríu (Treponema pallidum). Sárasótt smitast venjulega um slímhúð kynfæra við samfarir en getur einnig smitast um aðrar slímhúðir, svo sem í munnholi og endaþarmi. Dæmi eru um að smit komist í gegnum húð, til dæmis á fingrum. Sýkt móðir getur smitað fóstur sitt á meðgöngu.

Hver eru einkennin?
Sárasótt byrjar sem eitt eða fleiri hörð, eymslalaus, vessandi sár, 3-10 millimetrar í þvermál. Sárin koma oft 1-6 vikum eftir smit á þeim stað sem bakterían komst inn í líkamann. Oft er erfitt að finna sárið ef það er inni í leggöngum, við endaþarminn eða inni í þvagrás þar sem sárið er oftast sársaukalaust. Ef engin meðferð er gefin hverfur sárið af sjálfu sér eftir 3-6 vikur. Þótt sárið hverfi lifir bakterían samt áfram í líkamanum. Eftir 1-3 mánuði kemur sjúkdómurinn oft fram aftur og þá sem útbrot á húðinni. Þessu getur fylgt hiti, flökurleiki, þreyta, liðverkir og hárlos. Jafnvel þessi einkenni geta horfið án meðferðar.

Eru fylgikvillar?
Hafi fullnægjandi meðferð ekki verið gefin á fyrstu stigum sjúkdómsins getur bakterían sest að í ýmsum vefjum líkamans og valdið þar sjúkdómum síðar á ævinni, til dæmis hjarta- og taugasjúkdómum. Smitist fóstur á meðgöngu getur bakterían valdið varanlegum skaða á því.

Hver er meðferðin?
Sárasótt er læknuð með penísillíni sem oftast er gefið í sprautum í 10-17 daga. Allir rekkjunautar viðkomandi einstaklings verða að koma í skoðun þar sem afleiðingar sjúkdómsins geta verið alvarlegar.

Heimild: www.landlaeknir.is

SPURT & SVARAÐ

LANDBÚNAÐARMÁL



BALDVIN JÓNSSON, VERKEFNASTJÓRI ÁFORMS

Íslenskar afurðir hafa algjöra sérstöðu

Útflutningur á íslenskum landbúnaðarafurðum hefur gengið mjög vel að undanförnu og er svo komið að eftirspurn er orðin miklu meiri en framboð. Áform er átaksverkefni sem vinnur að útflutningi landbúnaðarafurða.

Hvernig stendur á þessari miklu eftirspurn?
Það er eftirspurn eftir góðum og heilnæmum matvælum, lambakjötið okkar er einstakt og íslenska mjólkin á fáa sína líka.

Er hægt að auka framleiðsluna?
Það ætti ekki að vera vandamál þar sem við notum ekki allt okkar beitiland. Það þarf að hvetja bændur til að auka framleiðsluna en það er mikilvægt að ganga ekki á auðlind landsins með því að ofbeita.

Er mögulegt að flytja út fleiri vörutegundir?
Já, það er mikill áhugi fyrir að fjölga vörutegundum eins og til dæmis fisk og súkkulaði.

SIV JENSEN Hinn nýi formaður Framfaraflokksins er enginn nýgræðingur í norskum stjórnmálum. Hún hefur verið varaformaður flokksins í sjö ár og stefnir núna á forsætisráðherrastólinn.

Nýr leiðtogi og ný ásýnd

Töluverð umskipti urðu á hægri væng norskra stjórnmála þegar formannaskipti urðu í Framfaraflokknum nú í byrjun maí.

Ung kona tók við forystunni af hinum gamalreynda Carl I. Hagen, sem hafði gegnt formennskunni í 28 ár og þótti með litríkustu stjórnmálamönnum, þótt umdeildur væri.

Nýi formaðurinn, Siv Jensen, er þó enginn nýgræðingur. Hún gekk í flokkinn fyrir nærri tuttugu árum, þegar hún var átján ára, og hefur verið varaformaður í sjö ár. Nú stefnir hún á forsætisráðherrastólinn í Noregi eftir næstu kosningar, sem haldnar verða árið 2009.

Félagar í flokknum gera sér vonir um að Siv Jensen muni takast það sem Carl I. Hagen tókst aldrei, sem er að koma flokknum í ríkisstjórn. Þótt Hagen hafi tekist að afla flokknum mikils fylgis og afrekað það að gera hann að næststærsta flokknum í norskum stjórnmálum þótti hann of óútreikanlegur og ábyrgðarlaus í tali til þess að aðrir flokkar vildu hafa mikið saman við hann að sælda.

Nú kann að verða breyting á því, þar sem Siv er ekki þekkt fyrir að láta stór orð falla. Í finnsku dagblaði var fyrir skemmstu fullyrt að Framfaraflokkurinn gæti orðið „fyrsti norræni óánægjuflokkurinn sem tekur skrefið frá lýðskrumi til ábyrgðar“.

Sjálf hefur Siv Jensen sagt að Framfaraflokkurinn hafi nú slitið barnsskónum og sé kominn af kynþroskaskeiðinu. „Nú erum við fullorðin og ég held að fólk taki eftir því,“ sagði hún í blaðaviðtali nýlega.

Umdeildastur er Framfaraflokkurinn fyrir afstöðu sína í málefnum innflytjenda og útlendinga. Ummæli Hagens í tengslum við þann málaflokk hafa oft vakið upp harðar deilur, ekki síst nú seinni árin þegar talið hefur borist að múslimum. Fyrir tæpum tveimur árum vakti það til að mynda hörð viðbrögð þegar hann sagði múslima ætla að sölsa undir sig heiminn, sagði þá starfa á svipaðan hátt og Hitler og gerði óspart grín að Múhameð spámanni.

Siv Jensen segist sjálf hafa í grundvallaratriðum sömu skoðanir og Carl I. Hagen. Hún er þó varkárari í orðavali og það gæti orðið til þess að styrkja stöðu flokksins enn frekar. Einnig segist Siv Jensen gera sér vonir um að stuðningur kvenna við flokkinn muni aukast, nú þegar Hagen er farinn frá og kona orðinn leiðtogi flokksins.

CARL I. HAGEN Þessi umdeildi stjórnmálamaður lét af formennsku í Framfaraflokknum nú í byrjun maí. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Framfaraflokkurinn var stofnaður árið 1973 og hefur frá upphafi barist fyrir því að draga úr sköttum og ríkisafskiptum. Á hinn bóginn vill flokkurinn ekki fórna velferðarkerfinu. Þessi stefna hefur gengið vel í kjósendur, þrátt fyrir að andstæðingar hans segi í þessu fólgna þverstæðu sem gangi engan veginn upp.

Carl I. Hagen tók við formennskunni árið 1978 eftir lélega útreið flokksins í kosningunum 1977 og hefur jafnt og þétt aflað honum meira fylgis meðal kjósenda. Straumhvörf urðu í sögu flokksins árið 1989 þegar flokkurinn hlaut þrettán prósent atkvæða og var þar með orðinn þriðji stærsti flokkur landsins.

Á síðasta ári náði Framfaraflokkurinn síðan þeim áfanga að vera orðinn næststærsti flokkur landsins með 22 prósent atkvæða en Hægri flokkurinn, sem jafnan hafði verið stærsti flokkurinn á hægri vængnum, var kominn niður í fjórtán prósent. Verkamannaflokkurinn var þó enn sem fyrr öflugastur með tæplega þriðjung atkvæða.

Vexti Framfaraflokksins undanfarinn áratug og rúmlega það hefur hins vegar fylgt niðurlæging Hægri flokksins, sem áður fyrr var jafnan stærsti flokkur hægri manna í Noregi.

Á landsfundi Hægri flokksins um miðjan maí brugðust flokksfélagar við þessari breyttu stöðu með því að bjóða Framfaraflokknum til samstarfs í stjórnarandstöðunni. Hægri flokkurinn vonast til þess að það geti auðveldað flokkunum að mynda hægri stjórn að loknum kosningum árið 2009.

Núna um helgina var Erna Solberg endurkjörin leiðtogi Hægri flokksins. Hún hefur verið nefnd Járn-Erna vegna þess hversu hart hún þótti ganga fram í ráðherratíð sinni.

Það gæti haft sitt að segja að leiðtogar tveggja helstu flokka hægrimanna í Noregi eru nú konur, ekki síst ef þessir tveir flokkar verða samferða í næstu kosningum.

FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

Sértilboð til Króatíu
7. júní frá kr. 59.990

Verð kr. 59.990
Netverð á mann, m.v. 2 í stúdíóíbúð á Laguna Bellevue **** í viku.

Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.
Sértilboð 7., 14. og 21. júní.

Aukavika kr. 15.000.

Glæsileg gisting – Laguna Bellevue **
Heimsferðir bjóða frábært sértilboð á glæsilegri íbúðagistingu í Króatíu þann í júní. Njóttu lífsins á þessum vinsæla sumarleyfisstað við frábæran aðbúnað. Að sjálfsögðu nýtur þú traustrar þjónustu fararstjóra Heimsferða allan tímann.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Við bjóðum besta úrvalið ...

LITIR–LEIKUR–HLJÓÐ

Pioneer

PDP–436XDE/FDE PLASMA SKJÁR
Skjá stærð 109 cm (43 ").
Skjáhlutfall 16:9.
Upplausn 1024 x 768 punktar.
HD ready/2 X HDMI.
Pureblack/Pure drive 2HD.
Skerpa: 3.000:1
Verð frá kr.: 399.900

40" Háskerpu LCD Sjónvarp

VIÐ BJÓÐUM MARGVERÐLAUNUÐ GÆÐATÆKI FRÁ HEIMSÞEKKTUM FRAMLEIÐENDUM – MEÐ 3ja ÁRA ÁBYRGÐ.
HVAÐ ER Á BAK VIÐ "NO-NAME" FRAMLEIÐSLUNA?

LOEWE.

LOEWE INDIVIDUAL
32 " Háskerpusjónvarp. HD Ready.
Upplausn: 1366 x 768.
Innbyggður DVB-T /S
stafrænn sjónvarpsmóttakari.
Skerpa 800:1.
Birta: 450 cm/m2
Verð: 349.900

GÆÐI Á EINSTÖKU TILBOÐI:

SAMSUNG LE40R51B
40" Háskerpu LCD Sjónvarp
· (High-Definition TV)
· Upplausn: 1366 x 768
· Skerpa: 3000:1
· Birta: 500 cd/m2
· DNIe myndleiðrétting
· 170° sjónarhorn
· SRS TruSurround XT hljóðkerfi
· 1000 síðna textavarpsminni

SAMSUNG DVD-125
DVD Upptökutæki og spilari
· DVD, DVD-RAM, DVD-R, DVD-RW,
· SVCD, CD, CD-R, CD-RW,
· MP3 CD, JPEG CD DivX
· Sjálvirkur kaflaskiptir
· HDMI, scart,
· Komponent
· DV-Inngangur

Þú sparar þér 70.000.- kr.

DVD Upptökutæki og spilari

SAMSUNG

Aðeins kr.: 259.900,-

FYRIR **BÆÐI** TÆKIN!

DVD UPPTÖKUTÆKIÐ FYLGIR **FRÍTT** MEÐ SJÓNVARPINU!

LOEWE.

LOEWE XELOS
32 " Háskerpusjónvarp. HD Ready.
Upplausn: 1366 x 768.
Innbyggður DVB-T stafrænn
sjónvarpsmóttakari.
Skerpa: 800:1.
Birta: 450 cd/m2
Verð: 299.900

.E-32R41B
32" Breiðtjaldssjónvarp
Háskerpusjónvarp(HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
Verð: 199.900

SAMSUNG

SHARP

SHARP LC-37P50E
PAL-optimal
37 " LCD veggsjónvarp
Upplausn: 960 x 540
Glampavarinn skjár
Skerpa: 800:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 170°/170°
HDMI tengi
Verð: 299.900

SHARP

SHARP LC-26P50E
PAL-optimal
26 " LCD veggsjónvarp
Upplausn: 960 x 540
Glampavarinn skjár
Skerpa: 800:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 170°/170°
HDMI tengi
Verð: 119.900

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.

GERÐU KRÖFUR OG VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800

SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

RADIONAUST, AKUREYRI
SÍMI 461 5000

HAFNARGÖTU 25, KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

WWW.ORMSSON.IS

Umboðsmenn: Suðurland: Árvirkinn, Selfossi, **Eyjaradió** og **Geisli**, Vestmannaeyjum, **Verslunin Rás**, Þorlákshöfn. **Vesturland:** Model, Akranesi. **Vestfirðir:** Þristur, Ísafirði. **Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar, Húsavík, **Kaupfélag Skagfirðinga**, Sauðárkróki, **SR Byggingavörur**, Siglufirði, **Krákur**, Blönduósi, **Verslunin Urð**, Raufarhöfn. **Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, **HS Raf**, Eskifirði, **Beint í Mark**, Vopnafirði.

skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Landsmál og sveitarstjórnarmál:

Hver er ávinning-ur áminningar?

Alþekkt er að landsmál geta haft áhrif á sveitarstjórnarkosningar. Að þessu sinni hefur landsmálapólitíkin ekki verið dregin inn í kosningabaráttuna með beinum hætti en í almennum fréttum hafa ýmis viðfangsefni efnahagsstjórnunar og ríkisfjármála eigi að síður verið fyrirferðarmeiri en pólitísk átök í Reykjavík, bæjarfélögum og sveitum.

Fyrsti og eini frambjóðandinn sem dregur landsmálin með beinum hætti inn í kosningabaráttuna er aðstoðarmaður forsætisráðherra, efsti maður á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík. Hann hefur látið að því liggja að slök niðurstaða í sveitarstjórnarkosningum kunni að leiða til breytinga á afstöðu flokksins á landsvísu.

Skilaboðin eru einföld: Gjaldi Framsóknarflokkurinn fyrir ríkisstjórnina í þessum kosningum en Sjálfstæðisflokkurinn ekki mun það hafa mikil áhrif á ríkisstjórnarsamstarfið. Rétt er og eðlilegt að líta á þessi ummæli fremur sem áminningu en hótun. En stóra spurningin er: Hvaða ávinning geta þau haft í för með sér? Það er vandséð.

Áminningin er ekki líkleg til þess að draga jaðaratkvæði af vinstri vængnum yfir til Framsóknarflokksins. Þeir kjósendur ættu fremur að kætast yfir hugsanlegum óróa innan ríkisstjórnarinnar. Eins og skoðanakannanir hafa staðið hafa jaðarkjósendur Sjálfstæðisflokksins varla ástæðu til að óttast þó að alþingiskosningum yrði flýtt. Ólíklegt er því að yfirlýsingin dragi þá sérstaklega að Framsóknarflokknum.

Svo sem eðlilegt má telja hefur ríkisstjórnin átt í vök að verjast í einstökum málum, ekki síst fyrir þá sök að gengi krónunnar komst í óraunhæfa stöðu í of langan tíma. En í þeim efnum er ábyrgð Sjálfstæðisflokksins sú sama og Framsóknarflokksins.

Kjarni málsins er hins vegar sá að ríkisstjórnin stendur almennt vel að vígi enda undirstöður þjóðarbúskaparins traustar. Það er ugglaust helsta ástæðan fyrir því að landsmálin hafa ekki dregist að marki inn í kosningabráttuna nú. Með réttu hefur enginn séð hag í því.

Í raun réttri er það röng greining á vanda Framsóknarflokksins að verið sé að refsa honum fyrir það sem úrskeiðis hefur gengið en verðlauna Sjálfstæðisflokkinn fyrir hitt sem vel hefur tekist. Vandi Framsóknarflokksins er af öðrum toga.

Styrkur Framsóknarflokksins nú er sá að Halldóri Ásgrímssyni hefur tekist að breyta honum úr hentistefnuflokki eða eins konar meðaltalsmiðjuflokki í staðfastan frjálslyndan miðjuflokk með nútíma yfirbragði. Vandi flokksins sýnist á hinn bóginn helst vera sá að hafa á umbreytingarferli gleymt að gefa jaðarflórunni nægjanlega næringu og þannig veikt ákveðna og nauðsynlega ímynd sem ekki mátti með öllu missa sín.

Ákvörðunarhátturinn varðandi stuðning við Íraksstríðið, gömlu fjölmiðlalögin og nýja Ríkisútvarpsfrumvarpið eru dæmi um mál þar sem Framsóknarflokkurinn hefði getað nært jaðarflóru flokksins án þess að stefna stjórnarsamstarfinu í hættu.

Í ríkisstjórnarsamstarfi þurfa flokkar jafnan að ákveðnu marki að taka tillit til sérstöðu samstarfsaðilanna. Mestu skiptir þó að hver flokkur velji ímyndarmál sín af kostgæfni.

Þeir sem kjörnir voru til forystu í Framsóknarflokknum til þess að gefa gamla jaðrinum næringu hafa ekki haft styrk eða pólitískt skynbragð til að standa á þeim verði þegar mestu máli skipti. Feli áminning unga forystumannsins í Reykjavík í sér skilning á þessu eðli vandans gæti hún hugsanlega orðið flokknum ávinningur. Ekki er þó ljóst að svo sé.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Skýringa er þörf
Breskir kjósendur refsuðu Tony Blair og Verkamannaflokknum grimmilega í sveitarstjórnarkosningum í Englandi á dögunum. Landsmálin hafa einnig áhrif á sveitarstjórnarkosningarnar hér á landi um næstu helgi.
En hvernig eru þau áhrif vaxin? - Tvær kannanir í röð benda til þess að Framsóknarflokkurinn nái ekki inn manni í höfuðborginni. Sjálfstæðisflokkurinn ber jafn mikla ábyrgð á þeim málum sem mest dynja á ríkisstjórnarflokkunum. En Sjálfstæðisflokkurinn ber höfuð hátt og bætir víða við sig meðan kjósendur gefa framsóknarmönnum langt nef og segja þeim nánast að súpa hel í skoðanakönnunum. Hér er skýringa þörf.

Handaflið eitt eftir
Björn Ingi Hrafnsson, efsti maður Framsóknarflokksins í Reykjavík, sagði í ljósvakamiðlunum í gær að flokkurinn hefði séð það svart áður, og ætlaði sér að ná í eitt prósentustig á dag fram að næstu helgi. Hann bar sig kannski ekki eins vel og Ómar Stefánsson flokksbróðir hans í efsta sæti Framsóknar í Kópavogi. Ómar kvaðst í Fréttablaðinu í gær finna meðbyr þegar honum var leitt fyrir sjónir að flokkurinn væri að þurrkast út í Kópavogi.

Viku fyrir þingkosningarnar 1999 birti RÚV könnun sem sýndi að Jón Kristjánsson kæmist ekki að í Austurlandskjördæmi. Flokksmaskínan var ræst og Framsókn bætti við sig einu prósentustigi á dag fram að þingkosningunum. Jón flaug inn á þing.

Þægindi fyrir kjósendur
Guðmundur Ólafsson hagfræðingur var meðal gesta í Silfri Egils í gær og ræddi hagstjórn og sveitarstjórnarkosningar við aðra mæta menn. Guðmundur sagði eitthvað á þá leið að svo vel útilátin væru velferðarmálin á stefnuskrám allra flokkanna fyrir borgarstjórnarkosningarnar að eiginlega væri ekkert annað eftir en að lofa kjósendum að borgarstarfsmenn tækju að sér að tyggja matinn ofan í þá. Sjálfur var Guðmundur ekkert of viss um hvað hann ætlaði að kjósa, en vinátta við ýmsa frambjóðendur gæti ráðið úrslitum. - Kannski eiga framsóknarmenn fáa vini í röðum kjósenda en sjálfstæðismenn marga. Þá skipta stefnuskrárnar minna máli.

johannh@frettabladid.is

Borgarstjóratíð Björns Bjarna

Í DAG
KOSNINGAR

HALLGRÍMUR HELGASON

Á kjördag fyrir fjórum árum var ég staddur í Berlín. Ég lagði á mig hálftíma í lest og annan á fæti í 30 stiga hita til að kjósa í nýja samnorræna sendiráðinu. Heilsaði daufeygðum sendiherra og setti X fyrir framan D í fyrsta (og nokkuð líklega síðasta) sinn.

Ég var ekki ánægður með R-lista-árin 98-02 og vildi koma því á framfæri. Það var til einskis gert. Björn Bjarnason átti víst aldrei séns. Hinsvegar átti R-listinn séns, jafnvel án Sollu: Síðustu fjögur árin virðist mun meira hafa gerst í Reykjavík en kjörtímabilið þar á undan. Sumt til ógæfu eins og færsla Hringbrautar, og annað vafasamt eins og Orkuveituhöllin, en fyrst og fremst margt til gæfu, eins og skólamáltíðir, frístundaheimili, þjónustuver, launabætur ófaglærðra, lækkun leikskólagjalda, leiðrétting launamisréttis, Airwaves, Loftbrú, NASA, Food & Fun, Vetrarhátíð, Jafnréttisverðlaun, Hótel Centrum, Landnámsskáli, Alþjóðahús, Kvosarumbætur, Hlemmsumbætur, Skuggahverfi 101, Vatnsmýrarsamkeppni og leit hafin að nýju flugvallarstæði auk þess sem Mýrargötuhverfi, Sundabraut og Tónlistarhús eru innan seilingar. Meira að segja gamla Ziemsen-húsið var horfið þegar ég mætti í vinnu í morgun. Það er eins og þrír borgarstjórar hafi komið meiru í verk en einn og ekki hægt að segja annað en að Reykjavík blómstri þessa dagana.

Eins gott að maður var ekki í meirihluta vorið 2002. Hvað var maður eiginlega að hugsa? Strax um haustið opinberaði stóri flokkurinn eðli sitt með aðstoð Moggasonar og þremur árum síðar var staðfest að Sjálfstæðisflokkurinn var og er að nokkru leyti enn í höndum óþverragengis. Þökk sé Jónínu Ben.

En mig verkjar enn í atkvæðið mitt. Slíkt verður ekki aftur tekið. Síðast í liðinni viku frétti ég að „mínir menn“ hefðu setið hjá við lækkun leikskólagjalda fyrr í vetur. Og eftir því sem nær líður komandi kosningum ágerist eftirsjáin. Í gærmorgun vaknaði ég meira að segja upp við þá martröð að D-listinn hefði í raun og veru unnið síðustu borgarstjórnarkosningar. Við mér blasti borgarstjóratíð Björns Bjarnasonar.

Já. Hvernig væri borgin okkar í dag ef D-listinn hefði unnið síðustu kosningar?

Ef Björn Bjarnason hefði orðið borgarstjóri árið 2002 væru nú engar Bónusbúðir í Reykjavík. Útsendingar NFS og Stöðvar tvö næðust ekki innan borgarmarkanna og aka þyrfti á bensínstöðvar í Hafnarfirði eftir Fréttablaðinu. Jón Steinar Gunnlaugsson væri forstöðumaður Höfuðborgarstofu sem færi með verslana- og fjölmiðlaleyfi fyrir Reykjavíkurborg og Sveinn Andri Sveinsson yfirmaður hins nýja og glæsilega Flokkshundagarðs á Geirsnefi. Báðir hefðu þeir haft heppnina með sér í Stóra lóðalottóinu og byggju nú í glæsilegum sérbýlum í Hallarhverfi í Geldinganesi, að Valhöll 3 og Vilhöll 7. Hinsvegar hefði Bauhaus ekki verið jafn heppið og væri á leið í Fjörðinn. Gæsluvellirnir hefðu verið færðir undir Gæsluna. Food & Fun hátíðin héti God & Gun: Alþjóðleg samkoma þar sem heittrúaðir byssumenn sýna skotfimi og ræða nýjar tegundir svöðusára. Heiðursgestir á síðustu hátíð: Donald Rumsfeld og Paul Wolfowitz. Orkuveitan væri í eigu Bakkavararbræðra, sem hefðu fullnýtt samlegðaráhrif hennar og Símans; aðeins þeir sem væru með Breiðbandið ættu kost á heitu vatni og Enska boltanum. Vilhjálmur Þ væri að sönnu yfirmaður borgarskipulagsins og meira að segja búinn að byggja Sturlubraut upp á Kjalarnes, sem alfarið var kostuð af Ríkissjóði, en hún væri of innarlega og menn væru strax farnir að ræða þörf á nýrri Sundabraut. Hinsvegar væri engin umræða um flugvöllinn í Vatnsmýri önnur en eilífðardeilan um það hvers vegna Höfuðborgarstofa afturkallaði lendingarleyfið fyrir einkaþotu Jóns Ásgeirs á Reykjavíkurflugvelli. Skemmtilegasta afleiðingin af borgarstjóratíð Björns Bjarnasonar, fyrir utan nýjan einkennisbúning borgarstarfsmanna, væri þó líklega salan á SVR. Eftir að Strætó komst í eigu Björgólfs Guðmundssonar er fólki greitt fyrir að ferðast með honum. Hinsvegar þiggja fáir farið þar sem allar leiðir enda nú í Kaplaskjóli, í vögnum máluðum í KR-litunum.

Líklega skiptir það svolitlu máli hverjir sitja í Ráðhúsinu. Líklega skiptir máli hvern maður kýs. Síðast reyndi Sjálfstæðiflokkurinn að sýnast venjulegur stjórnmálaflokkur en kom skömmu síðar út úr skápnum sem hvítflibbaður bófaflokkur með lögguna í vasanum. Nú er hann aftur kominn á biðilsbuxurnar, bleikar að lit, og skreytir sig með mjúkum málum, stolnum af R-listanum. Sjálfstæðisflokkurinn er nánast orðinn samkynhneigður í málflutningi sínum. En sem gamall kjósandi D-listans veit maður betur. Maður veit að Sjálfstæðisflokkurinn er enginn yndishommi heldur harður nagli með gemsann fullan af verktökum og veskið troðið af lóðum; með annað augað á hæstaréttí, hitt á Bessastöðum og styttu af Davíð í smíðum.

Kosningar eru alvörumál. Það skiptir máli hvað við kjósum. Dag eða gærdag.

List og menning - allir með

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

GUÐRÚN ERLA GEIRSDÓTTIR - GERLA
FRAMBJÓÐANDI

Borgaryfirvöld hafa stóraukið stuðning við menningar- og listviðburði. Besta dæmið er Menningarnótt. Menningarnótt er orðin að ómissandi þætti í tilverunni. Aðrar nýjungar eru Ljósahátíðin sem svo sannarlega lýsir upp skammdegið og Hinsegin dagar sem árlega draga að tugþúsundir borgarbúa og erlenda gesti. Ekki má gleyma Iceland Airwaves og kvikmyndahátíðum. Þetta eru miklar breytingar frá þeim tíma er Sjálfstæðisflokkurinn stjórnaði borginni. Aukinn stuðningur við listviðburði sem höfða til almennings hefur ekki komið niður á framlögum til hefðbundinan listviðburða, heldur verið hrein viðbót. Mun fleiri borgarbúa njóta því nú menningarviðburða en áður var.

Borgaryfirvöld undir stjórn Samfylkingarkvennanna Ingibjargar Sólrúnar og Steinunnar Valdísar hafa lagt metnað sinn í að styðja við bakið á listamönnum. Samtökum myndlistarmanna var afhent til umráða fallegt hús við Hafnarstræti. Nýlega var undirritaður samningur á milli borgarinnar og Sambands íslenskra myndlistarmanna, Form Ísland og Iðntæknistofnunar um 4.300 fm myndlista- og hönnunarmiðstöð að Korpúlfsstöðum. Sjónlistamiðstöðin á að styðja við nýsköpun, tilraunir og vöruþróun. Á Korpúlfsstöðum verður vinnustofum myndlistamanna fjölgað og hönnuðir fá þar líka inni. Rekin verða mynd- og frumgerðaverkstæði þar sem listamenn og hönnuðir fá tímabundna aðstöðu.

Markmiðið með Sjónlistamiðstöðinni er að gefa listamönnum tækifæri til sköpunar og að almenningur fá notið menningar. Á Korpúlfsstöðum verður rekinn myndlistaskóli fyrir börn og fullorðna og munu eldri borgarar fá aðstöðu fyrir sína félagsstarfsemi. Sjónlistamiðstöðin verður og með sýningarrými og ekki er að efa að starfsemi miðstöðvarinnar á Korpúlfsstöðum verður mikil lyftistöng fyrir borgarmenninguna.

Að kjósa Samfylkinguna er að kjósa menningu fyrir alla, en ekki bara einhverja útvalda.

Höfundur skipar 10. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Póshúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Um lygara, hesta og Land Cruiser jeppa

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

HAFSTEINN KARLSSON
FRAMBJÓÐANDI

Forystumenn Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi óttast að Kópavogsbúar átti sig á, að með samningnum um uppkaup hesthúsa á svæði Gusts, er verið að ausa fjármunum úr bæjarsjóði. Braskarar fá hundruð milljóna í vasann í beinan hagnað - dálagleg verðlaun fyrir að veitast að blómlegu starfi hestamanna í Gusti.

Þeir óttast að bæjarbúar sjái að þrefalt markaðsverð á hesthúsunum sem bærinn kaupir til sín sé allt of hátt. Það má byggja nýtt hesthús fyrir hluta þess verðs sem verið er að greiða fyrir hesthús á svæði Gusts. Þeir óttast að bæjarbúum þyki ekki eins sjálfsagt og þeim að seljendurnir geti fengið sér eins og einn Land Cruiser fyrir það sem eftir stendur þegar búið er að byggja nýtt hesthús. Þeir óttast að bæjarbúum þyki ekki eðlilegt að bæjarstjórnarmaður, sem á beinna hagsmuna að gæta, sé að vasast í málinu, bullandi vanhæfur.

Í ótta sínum reyna forystumenn Sjálfstæðisflokksins að beina augum fólks frá staðreyndum í málinu. Þeir reyna að réttlæta bruðlið með excel-útreikningum. Með tárin í augunum koma þeir fram hver á fætur öðrum og lýsa vanþóknun sinni á þeim sem benda á vanhæfi bæjarstjórans. Saka þá um að ráðast á eiginkonu hans og jafnvel alla fjölskyldu. Hver um annan þveran tala þeir um að Samfylkingin hafi snúist marga hringi í málinu en snúa um leið sannleikanum á haus. Í blaðaviðtölum kalla þeir Flosa Eiríksson bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar ómerkilegan lygara þegar hann gagnrýnir þennan gjörning þeirra. Tilgangurinn helgar meðalið. Persónulegar svívirðingar og útúrsnúningar eru um þessar mundir viðtekin venja hjá Sjálfstæðisflokknum í Kópavogi. Á þeim bæ þykir sjálfsagt að kalla þá sem gagnrýna verk þeirra aumingja, lygara og fólk sem á bágt. Þeir halda að þeir geti drepið niður gagnrýni með þessum hætti. Hvenær ætla þessir menn að ræða á málefnalegum nótum?

Hvenær ætla forystumenn Sjálfstæðisflokksins að rökstyðja hið himinháa verð fyrir hesthúsin og svara því hvernig það var myndað? Hvenær ætla þeir að svara því hvers vegna lá svona á að leysa þann vanda sem braskararnir voru komir í? Þessar spurningar brenna á bæjarbúum. Í Gustsmálinu hefur meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sýnt ábyrgðarleysi í fjármálastjórnun og dekur við braskara. Samfylkingin hefur staðið gegn þessari vitleysu. Hún telur enga þörf á að semja við braskarana til þess að leysa þau fjárhagsvandræði sem þeir eru komnir í.

Samfylkingin vill byggja upp glæsilega framtíðaraðstöðu fyrir hestamenn og láta þá sem enn eiga hesthús í Glaðheimum fá nýtt hesthús. Aðrir sem ekki eiga hesthús geta að sjálfsögðu sótt um lóð á nýja svæðinu. Þessi lausn er ódýr, skynsamlega og ábyrg. Hún er góð fyrir hestamenn, hún er góð fyrir Kópavogsbúa.

Höfundur er í 2. sæti á lista Samfylkingarinnar í Kópavogi.

Tryggjum heimaþjónustu

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR
FRAMBJÓÐANDI

Heima er best. Þar eigum við okkar bestu stundir, okkar bestu minningar og þar safnast saman munir sem eru okkur kærir. Eitt það erfiðasta sem hendir fólk er að þurfa að yfirgefa heimili sitt, óundirbúið fyrir breytingar eða af nauðsyn. Eldri borgarar þurfa oft að yfirgefa heimili sín mun fyrr en þörf er á. Skipulag íslensks samfélags í málefnum eldri borgara hefur ekki verið í takt við aðra stefnumótun og skipulag þar sem við kappkostum að tryggja einstaklingum val um þjónustu. Við bjóðum eldri borgurum landsins ekki upp á þann kost sem flestir myndu velja sér, að búa heima eins lengi og hægt er. Þessu þarf að breyta.

Tökum til hendinni

Kröfur okkar yngri um búsetuskilyrði og þjónustu eiga að vera viðmið okkar fyrir þjónustu við þá sem eldri eru. Tryggja þarf viðunandi og vel skipulagða heimaþjónustu sem samhæfir félagslega þjónustu og hjúkrunarþjónustu. Að auki er mikilvægt að tryggja að í boði sé húsnæði sem hentar fólki sem vill minnka við sig. Fjölga þarf verulega þjónustuíbúðum, dagvistarplássum og efla þjónustu við íbúa í fjölbýlishúsum sem byggð hafa verið fyrir aldraða. Fjölga þarf hjúkrunarrýmum Það er hlutverk kynslóðarinnar sem er í blóma lífsins að taka til hendinni og búa vel að eldri borgurum í Reykjavík.

Þjónustan á einni hendi

Heimaþjónusta fyrir eldri borgara er á ábyrgð borgarinnar og þarf að vera í lagi. Með öflugri heimaþjónustu er hægt að bæta lífsgæði mjög margra í öruggu umhverfi. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg sækist að auki eftir að sinna heimahjúkrun til að eldri Reykvíkingar njóti þess að stjórnun málaflokksins sé á einni hendi.

Höfundur er í 6. sæti framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Menntun er málið!

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

KRISTÍN HELGA GUÐMUNDSDÓTTIR
FRAMBJÓÐANDI

Umræðan um einstaklingsmiðað nám í grunnskólum Reykjavíkur hefur ekki verið hávær og sumir tala jafnvel um hljóðláta byltingu. Slíkt nám miðar að því að innræta nemendum að taka ábyrgð á eigin námi...

Stefna Framsóknarflokksins í skóla-, íþrótta- og tómstundamálum er skynsamleg. Meginmarkmiðið með skólastarfi er undir öllum kringumstæðum að ala upp upplýsta, sjálfstæða og lífsglaða einstaklinga sem geta unnið með öðrum. Hafa kunnáttu til að afla sér upplýsinga, leggja á þær sjálfstætt mat - og jafnframt vilja til að bæta við sig þekkingu og færni í samræmi við áhuga og getu.

Í dag eru grunnskólar Reykjavíkur einsetnir og nemendum gefst kostur á að fá heita máltíð í skólunum. Slíkt er mikil framför frá því sem áður var. Þegar formlegum skóladegi lýkur eiga börnin allt sitt tómstundanám eftir, sem minnir mig á þann tíma er eldri börnin mín voru að alast upp. Þá var grunnskólinn tvísetinn og foreldrar sem unnu úti áttu ekki aðra möguleika en að láta börnin vera ein heima eftir að skóla lauk á daginn. Þá var talað um lyklabörn. Börnin mín lærðu á hljóðfæri og stunduðu íþróttir eftir að skóladegi lauk. Að loknum vinnudegi tók við keyrsla á íþróttaæfingar eða í tónlistarskólann. Þannig er staðan að miklu leyti enn, en betur væri ef þetta tómstundanám hefði boðist á skólatíma.

Tómstundastarf við hæfi

Í stefnu Framsóknarflokksins í skóla-, íþrótta- og tómstundamálum er lögð áhersla á að samþætta hefðbundið skólanám og tómstundir á skólatíma. Ég er sammála þeirri áherslu. Það er einnig mikilvægt að grunnskólar eigi gott samstarf við aðra sem starfa í viðkomandi skólahverfi; svo sem íþróttafélög, kirkju, skátahreyfinguna, dansfélög og fleiri. Allir eiga að fá tækifæri við hæfi til þátttöku í tómstundastarfi við hæfi.

Umræðan um einstaklingsmiðað nám í grunnskólum Reykjavíkur hefur ekki verið hávær og sumir tala jafnvel um hljóðláta byltingu. Slíkt nám miðar að því að innræta nemendum að taka ábyrgð á eigin námi og að kenna þeim að gera eigin námsáætlun með aðstoð kennara og forráðamanna. Slík þróun þarf að halda áfram.

Til mikils að vinna

Á sínum tíma átti borgarfulltrúi Framsóknarmanna,SigrúnMagnúsdóttir, ásamt fleirum, drjúgan þátt í að komið yrði á einsetningu í grunnskólum Reykjavíkur, sem við foreldrar og börnin okkar njótum góðs af í dag. Að haldið verði áfram á sömu braut skiptir miklu og að hin skýra fjölskyldustefna framsóknarmanna hafi áhrif á þróun menntamála í borginni. Þar er til mikils að vinna.

Höfundur skipar 22. sætið á B-listanum í Reykjavík.

Tíu ástæður til að kjósa F-listann

UMRÆÐAN
BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR

KJARTAN EGGERTSSON
FRAMBJÓÐANDI

F-listinn, listi Frjálslynda flokksins og óháðra hefur engin svikin loforð á bakinu. Hann hefur ekki haft völdin í borginni, en óskar eftir að fá umboð kjósenda til þess. Hér eru 10 ástæður sem hægt er að nota til að kjósa F-listann í sveitarstjórnarkosningunum 27. maí.

1. F-listinn ætlar að auka afslátt á fasteignagjöldum aldraðra, þannig að hann falli niður hjá miklum meirihluta gjaldenda. F-listinn ætlar að bæta heimaþjónustu aldraðra. Í raun hefur heimaþjónusta aldraðra dregist saman undanfarin ár í tíð R-lista flokkanna.

2. F-listinn vill að flugvöllurinn verði áfram þar sem hann er og hafnar tillögum R-lista flokkanna um að hann verði fluttur með tilheyrandi kostnaði. Enn er nóg pláss í nágrenni flugvallarins fyrir nýjar byggingar Háskóla Íslands og „hjónagarða“ stúdenta og dugir í marga áratugi.

3. F-listinn ætlar að bjarga gömlu húsunum við Laugaveginn sem R-lista flokkarnir hafa ákveðið að rífa.

4. F-listinn vill útrýma „færanlegu skólastofunum“ af grunnskólalóðunum og byggja við skólana í þágu bætts skólastarfs. F-listinn hafnar kenningum R-lista flokkanna um að „6 ára börnum sé hollast að vera í þessum stofum á meðan þau venjist grunnskólanum“.

5. F-listinn ætlar að afnema alla mismunun í fjárveitingum borgarinnar til íþróttaiðkunar og tónlistarnáms barna og unglinga. Auk þess ætlar F-listinn að afnema aldurstakmörk tónlistarnema. Allar hugmyndir um aukið samstarf grunnskólans og annarra þeirra aðila sem annast íþróttastarf, tónlistarkennslu og tómstundastarf barna og unglinga eru góðra gjalda verðar en óframkvæmanlegar meðan ekki hefur verið tekið á þeirri mismunun sem R-lista flokkarnir standa fyrir.

6. F-listinn vill að nýr meirihluti hefji þegar í stað framkvæmdir við að leggja stokka og reisa mislæg gatnamót á stofnbrautir þar sem umferðarhnútar eru farnir að myndast á álagstímum. Víða stefnir í mikið óefni, enda hefur bifreiðum fjölgað gríðarlega á undanförnum misserum. F-listinn bendir á að mislæg gatnamót þurfi ekki að taka mikið pláss eða líta út eins og listaverk.

7. F-listinn vill endurskipuleggja almenningssamgöngur með það í huga að þjóna þeim sem mest þurfa á þjónustu strætisvagna að halda, en það eru börn, ungmenni, aldraðir og öryrkjar. Komið verði á fót hverfisvögnum sem fari um alla hluta hvers hverfis og ekki út úr hverfinu. Hraðvagnar aki milli hverfa og eftir stofnbrautum. Þjónusta hverfisvagnanna verði gjaldfrjáls fyrir þessa þjóðfélaghópa.

8. F-listinn vill friða síðustu ósnertu strendur borgarinnar. Hann vill ekki að hróflað verði við Árbæjarsafninu. F-listinn vill styðja við íbúasamtök og gefa þeim aukna aðkomu að skipulags- og skólamálum.

9. F-listinn vill að farið verði að tillögum íbúasamtaka Grafarvogshverfis og íbúasamtakanna kringum Laugardal um að Sundabraut verði lögð undir Kleppsvík og að komið verði í veg fyrir að umferðin af brautinni flæði inn um íbúðahverfin sunnan Elliðavogs. F-listinn hefur bent á að meginþungi umferðar af Sundabraut muni liggja um gatnamót Reykjanessog Miklubrautar, en R-lista flokkarnir eru með einhverjar óskiljanlegar hugmyndir um að umferðinni þurfi að beina út á Laugarnes í átt að Kringlumýrarbraut.

10. F-listinn telur raunhæft að leikskólinn verði gjaldfrjáls. Þrátt fyrir áherslur R-lista flokkanna í leikskólamálum eru enn biðlistar eftir leikskólaplássi og þeim vill F-listinn byrja á að eyða.

Höfundur er í 6. sæti á lista Frjálslynda og óháðra í Reykjavík.

Miðjuöflin sameinist í eina fylkingu

UMRÆÐAN
STUTT HUGLEIÐING

BENEDIKT LAFLEUR
BÓKAÚTGEFANDI

Í fljótu bragði virðist sveitarstjórnarkosningunum í vor ekki fylgja jafnmikil sundrung og útlit var fyrir eftir klofning R-listans. Allir stjórnmálaflokkarnir nema Frjálslyndir hafa loks sameinast um nútímalegri miðbæ með því að stefna að flutningi flugvallarins og um leið að hagkvæmari og smekklegri nýtingu Vatnsmýrinnar.

Samfylkingin hefur gert ýmislegt gott í borginni og er fjölskylduvænn flokkur eins og allir hinir keppast um að vera um þessar mundir þrátt fyrir hræðilegt skipulagsklúður á Hringbraut og Miklabraut vegna þráhyggju sinnar að byggja endalausar gatnaslaufur. Trúlega mun flutningur flugvallarins laga það klúður verulega og kannski breyta því smám saman í skipulega, fallega og umfram allt heildræna og umhverfisvæna miðbæjarperlu með hjálp hins glæsilega tónlistarhúss í hinum endanum,þökkséeinkumpeningaöflunum með Björgólfi í fararbroddi.

Á meðan Frjálslyndir vilja engu breyta og spara borgarbúum bæði kvölina sem á völina og alla milljarðana sem fara í breytingar (án þess að nefna alla milljarðana sem fara í að hrófla ekki við neinu) boðar Framsókn nýjan vatnaskemmtigarð á kostnað þeirra sem hafa varla í sig og á og hlæja að því. Örvænting þeirra getur ekki verið táknrænni. Þeir ættu fremur að beita sér fyrir skólaskyldu í sjósundi, því ef einhverjir þekkja sjóinn ættu það að vera sjálfir kvótakóngarnir.

Þessu hafa stærstu flokkarnir nefnilega enn eina ferðina gleymt í öllum fegurðaraðgerðunum sem þeir lofa kjósendum sínum nema Frjálslyndir og kannski Vinstri grænir sem ennþá vilja halda í vinstri og hægri pólitík ásamt Sjálfstæðisflokknum. Að minnsta kosti sumir þeirra. Hinir hallast inn á miðju stjórnmálanna eins og langflestir í Framsókn og Samfylkingu sem berjast í raun um sama yfirráðasvæðið.

Á meðan valdaklíkan í Framsókn afneitar þeim pólitísku breytingum sem í vændum eru, trúlega með látum á næsta ári, hjálpar hún flokknum að grafa sína eigin gröf. Á hinum vængnum eru Vinstri grænir ennþá stoltir af sérstöðu sinni þó þeir séu sömuleiðis að verða tímaskekkja, að minnsta kosti að forminu til því þrátt fyrir heilbrigða og glögga framtíðarsýn vísar nafnið svolítið til kalda stríðsins með nokkrum af sínum fyrrverandi flokksherfulltrúum innanbúðar. Sjálfstæðisflokkurinn er líka kominn í ógöngur og er enn í sárum eftir Doddsson sem teygði flokkinn of langt til hægri undir það síðasta eftir annars frábæra byrjun.

Samfylkingin er að festa sig í sessi aftur eftir slysalegt brotthvarf Ingibjargar úr borgarstjórn. Hún á örugglega eftir að koma aftur með alefli inn í pólitíkina með sínum óbilandi kjarki, þó margir eigi ennþá bágt með að treysta alveg flokki sem segir eitt í dag og annað á morgun og kemur sér ekki saman um skýra stefnu í nokkrum grundvallarmálefnum líðandi stundar, eins og í umhverfismálum. Eina lausnin á krísu ríkjandi flokka væri ef hægt væri að taka það besta úr hverjum flokki og búa til úr því breiða fylkingu sem markar skýra stefnu um hlutverk Íslands í framtíðinni, jafnt innanlands sem á alþjóðlegum vettvangi, fylkingu allra miðjuaflanna, sem eru langstærstu öfl landsins, og sameina þá um manneskjulega stefnu sem allir Íslendingar geta verið stoltir af: Stefnu sem byggist fyrst og fremst á þeim gildum sem gera okkur að einstakri þjóð, í menningarlegu, umhverfislegu og lýðræðislegu tilliti.

Ég skora á alla þá sem aðhyllast þessi hófstilltu miðjuöfl að sýna og sanna að hægt er að sameinast um einn flokk sem hafinn er yfir allar vinstri-hægri öfgar og hættir að nota jafn úrelt hugtök sem hafa ekki annað að markmiði lengur en að rugla menn í ríminu í stað þess að skapa grundvöll að nýrri hugsun í pólitík, allsherjarviðhorfsbreytingu þjóðar sem hugsar með hjartanu.

Sú hugsun myndi ryðja braut smáþjóðar sem getur gegnt gríðarlega úrslitahlutverki í baráttunni fyrir varanlegum gildum eins og sakleysi, friði og menningu í viðsjárverðum heimi áttavilltrar peningahyggju.

allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

ÍLÁT UNDIR BLÓMIN

Þótt hitastigið hafi ekki verið sumarblómunum hagstætt undanfarna daga er tímabært að spá í ker og potta.

HÚS 2

FASTEIGNASÖLUR

Árborgir	15
Ás	8-11
Dómus	20
Draumahús	23-27
Eignastýring	31
Eignaumboðið	28, 35
Fasteignafélag Austurl.	17
Fasteignasala Mosfellsb.	19
Fyrirtækjasala Íslands	36
FMG fasteignasala	18
Húseign	37
Höfði	14
IAV	6
Lundur	12
Lyngvík	29
Lögmenn Suðurlandi	22
Neteign	17
Nýtt	30
Perla investment	31
Remax Kópavogi	28
Remax Mjódd	34, 40
Remax Svana	38
Remax Stjarnan	15
Valhöll	16

Hörpugata 7 er fallegt tveggja íbúða timburhús. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 22. maí, 142. dagur ársins 2006.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	3.51	13.24	23.00
Akureyri	3.12	13.09	23.09

Heimild: Almanak Háskólans

Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Fallegt hús á frábærum stað

Nýtt heimili fasteignasala er með til sölu fallegt 131,6 fermetra einbýlishús við „litla Skerjafjörð“.

Húsið er á rólegum og barnvænum stað við Hörpugötu í 101 Reykjavík. Um er að ræða tveggja íbúða klætt timburhús. Í kjallara er þvottahús og tveggja herbergja íbúð sem er í útleigu. Á aðalhæð hússins er anddyri með fatahengi, opnu eldhúsi og borðstofu. Þar er einnig notaleg stofa og svefnherbergi.

Á rishæð, sem er með fallegum kvistum, eru tvö svefnherbergi, baðherbergi og alrými. Risið er að stórum hluta endurnýjað en þakið var einangrað árið 2002 og nær allt gler í risinu er nýtt. Öll herbergin á miðhæð og í risi, utan baðherbergisins, eru með fjölum á gólfi.

Nýtt rafmagn var dregið á miðhæð árið 1998 og á ris 2002, ásamt því að rafmagnstaflan var endurnýjuð. Ofnalagnir í risi voru lagðar nýjar þegar risið var einangrað 2002 og lagnir á miðhæð og í kjalla voru endurnýjaðar af fyrri eigendum. Frárennsli frá húsinu var grafið upp og endurnýjað kringum 1996.

Húsið stendur á 717,5 fm eignarlóð sem gefur góða möguleika á stækkun og viðbyggingu, sem og bílskúr. Við suðurhlið hússins er skjólsælt hellulagt plan en garðurinn er vel gróinn. Eins og áður sagði er hverfið rólegt. Þeir sem þar búa lýsa því helst sem sveit í borg. Eigendur verða að eigin sögn fyrir litlu ónæði af völdum flugvallarins en hverfið er við austur-vestur flugbrautina sem er styttri og mun minna notuð en aðalbrautin. Allt æfinga- og snertiflug er bannað á brautinni og kvöldflug er mjög takmarkað. Bílaumferð í gegnum hverfið er einnig mjög lítil.

Ásett verð á Hörpugötu 7 er 49 milljónir. Húsið er samtals 131,6 fermatrar. Kjallarinn er 39,4 fermetrar en miðhæðin og risið 92,2 fermetrar.

tryggvi@frettabladid.is

Flatahverfið er að verða fullbyggt. MYND/EYLEIFUR ÍSAK JÓHANNESSON

Skógahverfi á Skaga

TÆPLEGA 500 ÍBÚÐIR ERU Í BYGGINGU Á AKRANESI EÐA UNDIRBÚNINGI AÐ BYGGINGU, BÆÐI Í SÉRBÝLI OG FJÖLBÝLI.

Úthlutað hefur verið 94 sérbýlishúsalóðum í 1. áfanga Skógahverfis og 30 sérbýlishúsalóðum í síðasta áfanga Flatahverfis. Í byggingu eru sjö raðhúsaíbúðir við Vallarsel. Skipulagsvinna stendur yfir við 2. áfanga Skógahverfis með um 100 sérbýlihúsalóðum og viðræður hafa átt sér stað við verktaka um frekari byggingar sérbýlishúsa í fleiri áföngum þess hverfis.

Í nýju aðalskipulagi Akraness fyrir árin 2005-2017 er gert ráð fyrir íbúðasvæði norðan Flatahverfis og austan Þjóðbrautar í svonefndu Skógarhverfi. Svæðið í heild er skilgreint sem blönduð íbúðarbyggð um 50 hektarar að flatarmáli og þar munu geta búið allt að 3.000 manns. Á svæðinu er gert ráð fyrir nýjum grunnskóla og leikskóla auk svæðis fyrir íþróttamannvirki.

Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.

Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

JKE DESIGN

Óteljandi möguleikar

Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

Þakrennur eiga það til að fyllast af drullu og stíflast. Þá rennur vatnið ekki eðlilega af þakinu og getur valdið ýmsum óþægindum og jafnvel skemmdum.

Rekstrarverkfræðistofan Annar hf
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is
Eignaskiptayfirlýsingar fyrir atvinnu- og íbúðahúsnæði

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

www.svefn.is
IQ-CARE HEILSUKODDAR
Svefn & heilsa ★★★★★

Leitin á enda
Clearbox geymsluöskjurnar hjálpa þér við að koma reiðu á lífið, hvort sem þú þarft að koma skikki á fataskápinn, handtöskusafnið eða geymsluna.
Notaðu augljósu geymsluaðferðina og þú finnur strax það sem þú vilt ekki týna.

www.theclearbox.com - sími 511 0909

GLERFESTINGAR
·Svalahandrið
·Glerklemmur
·Punktfestingar
·Hurðarbrautir
Stigalagerinn
Dalbrekku 26 - Kópavogi
www.stigalagerinn.is s:5641890

Einfalt gler ...í garðinn
Ispan GLER OG SPEGLAR
Smiðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - www.gler.is

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Trefjaplastker í Blómavali.

Nútímalegt steinker í Garðheimum.

Körfur fara vel neðan í trjágrein. Þessi er í Blómavali.

Ílát undir blessuð blómin

Þótt hitastigið hafi ekki verið sumarblómunum hagstætt undanfarna daga er algerlega tímabært að spá í ker og potta.

Fá blómaílát henta jafn vel íslenskum aðstæðum og frostþolnu pottarnir sem nú hafa rutt sér til rúms. Útlit þeirra höfðar líka til landans og samræmist hinum einfalda stíl sem einkennt hefur heimili og húsbúnað á seinni árum. Pottarnir eru úr þykkum leir, steingráir og mattir og þykja mjög flottir að sögn Svövu Rafnsdóttur, garðyrkjufræðings hjá Blómavali. „Það er fallegt að hafa meðal annars ljós hengiblóm í þeim, eins og til dæmis snædrífu,“ kemur hún með sem tillögu. Hún segir líka eftirspurn eftir beinhvítum leirpottum sem eru í svipuðum stíl og þeir steingráu.

Körfur eru vinsælar til að hengja í tré og tágahorn fara vel á veggjum. „Fólk er líka dálítið að taka skálar sem það sampottar í og verður með á stórum borðum úti á veröndinni. Þar ætlar það að blanda saman alls konar tegundum og litum. Skálar úr plasti eru vinsælar núna og fólk setur bara möl eða steina neðst. Þegar margar tegundir koma saman og mikill jarðvegur er í kringum þær helst rakinn betur á þeim en ef ein planta er í hverjum potti.“ Trefjaplastker eru „inni“ að sögn Svövu. Þau líta út eins og steypt. Eini gallinn við þau er að þau eru alveg lokuð þannig að ef rigningasumar er fram undan og kerin standa undir berum himni getur vatn staðið uppi í þeim af og til. Ef þau hins vegar standa undir skyggni er hægt að tempra vatnsmagnið sem í þau fer. Hér birtum við nokkrar nýjar myndir af kerjum og körfum sem eiga það sammerkt að fegra umhverfi sitt. Kuðungurinn og brotna krukkan eru í Steinasteini á Eyjaslóð. Hinar myndirnar eru teknar í Blómavali og Garðheimum.

Tréker minna á gamla tímann. Þetta er í Garðheimum.

Frostþolinn steinpottur í Blómavali.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Körfur eru vinsælar undir blóm. Þessi er í Blómavali.

Hvítt og flott. Fæst í Garðheimum.

Kerin hjá Steinasteini eru þung.

Innflutt ker sem fæst hjá Steinasteini.

Guðmundur Óli Scheving
SKRIFAR UM MEINDÝR OG MEINDÝRAVARNIR

Geitungar

Geitungategundir eru fjórar á Íslandi og tilheyra ættbálki æðvængja. Tegundirnar eru: Paravespula germanica, Paravespula vulgaris, Dolichverpula norwegica og Vespula rufa.

Samfélag geitunga er háþróað og byggir ein drottning upp búið í upphafi og verpir eggjum sem gefa af sér kven- og karlvinnudýr og varðdýr. Þau hjálpa til við að byggja upp búið og verja það. Síðast verpir drottningin eggjum nýrra drottninga sem lifa eftir vetrardvalann.

Búin eru gerð úr tréni sem dýrin sækja í nærliggjandi tré og runna. Búin geta orðið mjög stór og eru allt að 5000 dýr í einu búi. Geitungar eru dökkir með gulum þverröndum. Fullvaxið dýr er allt að 30 mm langt. Hljóð i geitungi minnir á grimmdarlegt suð. Englendingar eru yfirleitt með eitt heiti yfir allar tegundir geitunga eða wasp.

Húsageitungur (Paravespula germanica). Talið er að geitungar hafi numið hér land á áttunda áratug nýliðinnar aldar og náð að laga sig að aðstæðum. Talið er að húsageitungur hafi verið fyrstur til að festa rætur hér á landi og þá í Reykjavík og dreifst síðan um höfuðborgarsvæðið. Húsageitungurinn á frekar erfitt uppdráttar hér enda er hann við nyrstu mörk þess svæðis sem hann getur lifað á. Útbreiðsla húsageitungsins takmarkast ennþá við höfuðborgarsvæðið og litlar líkur á að hann nái fótfestu annars staðar á landinu. Tegundin reisir sér bú inni í húsþökum, á háaloftum, í holrými milli þilja og holur í jörðu duga líka.

Holugeitungur (Paravespula vulgaris). Holugeitungur fannst fyrst í Reykjavík árið 1977 og hefur verið til staðar síðan. Stundum er mikið af honum, stundum lítið. Honum gengur mun betur en húsageitungnum að fóta sig á höfuðborgarsvæðinu. Holugeitungurinn reisir bú á svipuðum stöðum og húsageitungur og er mjög algengur undir hraunhellum og í blómabeðum. Holugeitungurinn hefur oftast fleiri en einn útgang á búi sínu. Holugeitungur þarf um það bil 3-4 mánuði til að ljúka ferli sínu með framleiðslu á drottningum. Hann er því mjög sjáanlegur í ágúst og fram í september.

Trjágeitungur (Dolichverpula norwegica) fannst fyrst árið 1982 í Borgarfirði og á Austurlandi en gera má ráð fyrir að hann hafi borist fyrr til. Trjágeitungur hefur dreifst hratt um landið, fyrst um láglendi og þéttbýli og síðan um hálendið. Hann hefur mjög trausta stöðu. Búin eru yfirleitt sýnileg og oft berskjölduð. Þau hanga í trjám og runnum undir þakskeggjum húsa, á gluggakörmum, á klettum og steinum og í girðingum. Sumar trjátegundir virðast vera vinsælli en aðrar hjá geitungnum og má í því sambandi nefna runnann Mispil. Oft er mikið um geitunga í kringum þann runna þó ekki séu bú staðsett þar. Trjágeitungar þurfa um tvo mánuði til að ljúka ferli sínu og framleiða drottningu fyrir næstu kynslóð.

Roðageitungur: (Vespula rufa). Talið er að roðageitungurinn hafi verið síðasta tegund geitunga til að nema land hér eða kringum 1998 en aðeins tvö bú hafa fundist og bæði á höfuðborgarsvæðinu í holum í jörðu. Þessi

tegund er mjög sjaldgjæf og lítið hægt að spá um afdrif hennar hér.

Geitungar eru félagsverur með mjög vel skipulagt stjórnkerfi þar sem hver einstaklingur hefur fyrir fram ákveðið hlutverk og allir hafa það sameiginlega hlutverk að verja búið og drottninguna fyrir utanaðkomandi áreiti. Foreldrar ættu að vara börn sín við að áreita geitunga eða geitungabú.

Geitungabú byrja að sjást sem lítil kúla eins og vínber og þá er drottningin ein en þau eru fljót að stækka þegar fyrstu vinnudýrin taka til starfa. Fylgstu vel með í garðinum þínum í upphafi vors og fylgdu geitungum eftir ef þú sérð þá á sveimi í garðinum. Taktu vel eftir því hvort geitungar séu með ákveðna flugleið, ákveðið hegðunarmynstur. Vertu helst búin að finna búið áður en þú leitar aðstoðar, fáðu leiðbeiningar hjá meindýraeyði um hvernig standa skuli að eyðingu búsins.

Varist að vera með opnar gosdrykkjadósir á borðum þegar verið er að grilla eða snæða utanhúss því hætta er á að geitungur skríði ofan í dósina og stingi síðan viðkomandi í munninn þegar drukkið er úr dósinni. Ef mikið er af geitungum þegar borðað er utanhúss er ráð að leggja líka á borð fyrir þá. Settu til dæmis sykur í skál eða gos í glas í hæfilegri fjarlægð frá matarborðinu og þá eru miklar líkar á að geitungarnir haldi sig þar.

Allir hafa geitungarnir það sameiginlegt að geta stungið fólk og dýr og geta verið æði grimmir og aðgangsharðir sé stuggað við þeim eða komið of nálægt búum þeirra. Þeir stinga með holum gaddi og gefa frá sér eitur sem er ekki óáþekkt og snákaeitur bara í mun minna mæli. Stungan er mjög sár og oftast bólgnar fólk upp undan stungunni og þarf stundum að leita til læknis. Sé stungið í munn eða háls einhvers með bráðaofnæmi getur stungan verið banvæn. Mikilvægt er að koma fólki til læknis áður en það kemst í andnauð. Fáðu aðstoð meindýraeyðis við útrýmingu á geitungabúum. Flugnanet sem hægt er að setja inn í opnanleg fög í gluggum og hurðaföls er hægt að fá hjá meindýraeyðum.

Þegar geitungabú er yfirgefið er það ónýtt og verður ekki notað aftur. Vistfræðilega er nær öruggt að ef geitungabú fær að vera í friði í garðinum eða húsinu þínu, reyna drottningarnar að finna dvalarstað sem næst híbýlum þínum eða í þeim fyrir næsta tímabil. Það er því mikill ávinningur að eyða geitungabúi um leið og það finnst

Það er mjög æskilegt að tveir menn séu saman við eyðingu geitungabúa á nóttinni vegna öryggisins.

Heimildir: Upplýsingar og fróðleikur um Meindýr og varnir, 2004 University of California.

Lesendum Fréttablaðsins er velkomið að senda fyrirspurn á netfangið gudmunduroli@simnet.is.

Það er stíll yfir því að hafa hestastein við húsið.

Með hestinn til taks

Hjá fyrirtækinu Steinasteini fást alvöru hestasteinar með hring.

Hestasteinarnir hjá Steinasteini er alvöru náttúrugrjót þannig að engir tveir steinar eru eins heldur hefur hver og einn sinn karakter. Þeir vega á bilinu 200-400 kíló og hringirnir eru úr 12 og 16 mm járni. Fyrirtækið tekur að sér að útvega stærri steina og annað efni í hringinn, allt eftir óskum kaupenda. Steinarnir fara vel á hellulögðu hlaðinu, við hesthúsið eða inni í garði og eru prýði hvar sem þeim er fyrirkomið.

Nú rennur upp mikill annatími hjá hestamönnum. Vel viðrar til útreiða og víða má sjá mikinn fjölda knapa og hesta ríða út frá hesthúsahverfum á landinu. Á löngum reiðleiðum væri ekki amalegt að hafa fínan hestastein til að tjóðra hestinn við þegar sest er niður til að gæða sér á nesti. Einnig er hestasteinninn góð hugmynd fyrir utan félagsheimili hestamanna. Ekki einungis sem hagnýt lausn heldur einnig til að fegra umhverfið.

Steinasteinn er með verslun úti á Granda í Reykjavík, nánar tiltekið á Eyjaslóð en höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Hvolsvelli.

SVEFNSÓFAR MEÐ HEILSUDÝNU

TILBOÐSDAGAR Í MAÍ
MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM MEÐ HEILSUDÝNU

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

Þil ehf. Byggingafélag
Húsbyggingar
Getum bætt við okkur uppsteypuverkefnum.
Nýleg mót og lipur krani
Upplýsingar í síma 899 3322

Mjög vönduð finnsk heilsárshús(sumarhús) og íbúðarhús
úr hágæðafuru frá Lapplandi. Margar gerðir húsa – hagstætt verð.
G. Pálsson ehf. S: 462-2272/896-0423 ghalldor@simnet.is

Svefn & heilsa
www.svefn.is

Hún er komin!

Önnur bókin í bókaflokknum „Við ræktum“ er komin út.
Tryggðu þér eintak í næstu bókabúð eða í áskrift í síma 586 8005
Sumarhúsið og garðurinn
Sumarhúsið og garðurinn ehf, Síðumúla 15, 108 Reykjavík, www.rit.is

Pólýhúðun
Powder coating

Það getur verið að sumum þyki gaman að pensla en hinir lát okkur PÓLÝHÚÐA og þurfa svo ALDREI að pensla
S: 544 5700 * www.polyhudun.is
Smiðjuvegi 1 * 200 Kópavogur

Hægt er að fá pallaolíu í missterkum litum með mismunandi endingartíma.

Pallinum haldið við

Nú er komið að þeirri árlegu athöfn sólpallaeigenda að leggjast á fjóra fætur og pússa og pensla pallinn. Húsasmiðjan gaf sér tíma til að ráðleggja lesendum hvernig best væri að bera sig að.

Þegar kemur að viðhaldi palla láta sumir nægja að lakka yfir pallinn einu sinni á ári eða á nokkurra ára fresti. Hins vegar mæla fagmennirnir með að pússa pallinn og þrífa vel áður en hafist er handa við að lakka.

Sigurður Sveinsson hjá málningardeild Húsasmiðjunnar segir ekki úr vegi að byrja viðhaldið á að pússa pallinn upp. „Ef litur hefur verið borinn á pallinn í mörg ár verður hann dökkur. Þá er ekkert verra að renna yfir pallinn með pappír áður en hann er lakkaður,“ segir Sigurður. „Ég mæli svo með því að þrífa pallinn með Kraftvask. Efnið er þynnt út með vatni, einn á móti tuttugu, og því úðað eða penslað á pallinn. Svo er pallurinn skrúbbaður vel og að lokum er efnið skolað af með háþrýstidælu. Þá tekur efnið allt af pallinum.“ Sigurður bætir þó við að fara eigi varlega með háþrýstidæluna og passa að stúturinn fari ekki of nálægt viðnum til að forðast skemmdir.

Fagmenn Húsasmiðjunnar mæla með að þrífa pallinn með Kraftvax áður en hann er lakkaður.

Þegar kemur að vali á viðarvörn þarf fólk að gera upp við sig hvernig tegund það vill kaupa. Hægt er að velja á milli missterkra lita og olían er einnig valin eftir því hversu oft þarf að bera hana á. „Hér í Húsasmiðjunni erum við með tvær gerðir af pallaefnum. Önnur þeirra endist í þrjú ár, og er pensluð á en ekki rúlluð, en hin endist í eitt ár og er því borin á á hverju ári. Kjósi fólk að bera á einu sinni á ári mæli ég með að fólk taki ljósa liti svo pallurinn verði ekki of dökkur eftir margar yfirferðir. Margir bera eins árs olíuna á að vori og svo aftur að hausti. Það getur vissulega verið gott en það ætti að duga að mála eingöngu að vori.“

Sigurður segir fólk heldur kjósa olíuna sem endist í þrjú ár. Olían, sem kallast Trebitt Terracebeis, er ný olía sem hefur verið til sölu hjá Húsasmiðjunni í um tvö ár. „Það hefur orðið mikil aukning í sölu á þessari olíu enda er hún góð og það fer betur með viðinn að lakka aðeins á þriggja ára fresti.“

Gott er að pússa upp pallinn áður en hann er lakkaður ef pallurinn er orðinn dökkur.

SPARKY PROFESSIONAL
– fyrir iðanaðarmanninn
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · www.murbudin.is

GLUGGA LAUSNIR
Hafðu samband og við komum heim til þín
Vandað, einfalt og ódýrt
Budget Blinds 534 1300
www.gluggalausnir.is

Teppahreinsun stigahúsa

Djúphreinsum teppi á stigahúsum stigaganga. Þetta er hin eina sanna djúphreinsun. Sogkraftur vélarinnar okkar er 5 faldur á við venjulegar vélar. Þurrktíminn er aðeins 1-3 tímar
SKÚFUR
SKÚFUR TEPPAHREINSUN
Kleppsvegi 150. • 104 Rvk
Sími 568-8813 • GSM 663-0553
www.teppahreinsun.com

Fallegt og heilbrigt gras kostar vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Falleg flöt í garði

Ýmislegt er hægt að gera til að tryggja góða grassprettu.

Flestir kannast við mosavandamál í garðinum. Grasið virðist ekki fá neitt pláss og í stað grasflatar myndast mosaflöt. „Það fyrsta sem þarf að gera á vorin er að kalka," segir Gunnlaugur Vésteinsson, garðyrkjufræðingur hjá Garðheimum. „Það gerir mosanum erfitt fyrir að vaxa." Kölkun fer fram í raun um leið og snjóa leysir og langt fram í maí. Ef mosinn er orðinn mikill þarf að ráðast á flötina með mosatætara. Slík tól fást leigð í flestum tækjaleigum en þau tæta upp mosann og gefa grasinu meira svigrúm til að vaxa.

„Líka er mikilvægt að bera áburð á flötina. Graskorn og Blákorn eru þær tegundir sem ég mæli með," segir Gunnlaugur. Þegar gras vex tekur það til sín næringarefnin úr jarðveginum. Þessi næringarefni glatast þegar slegið er og úrgangurinn er urðaðar annars staðar. Þetta næringartap þarf að bæta upp með áburði svo grasið fái öll næringarefnin sem nauðsynleg eru fyrir vöxtinn.

Annað ráð er að slá grasið oft svo aðeins lítið falli til. Láttu slegna grasið liggja áfram á flötinni þannig að næringarefnin haldist þar. Fæstir nenna þó að slá þriðja hvern dag. „Fólk er ekki að slá grasið sitt eins og á golfvelli og það fer bara eftir sprettu hversu oft það þarf að gerast," segir Gunnlaugur. „En þegar slegið er er best að stilla sláttuvélina þannig að hún skilji eftir 4-5 cm."

Nýjar íbúðir til sölu

SÓLTÚN – REYKJAVÍK
2–3ja herbergja

Sóltún eru frábærlega staðsett og nútímalega hönnuð fjölbýlishús. Húsin eru á 4–7 hæðum. Tvær íbúðir á hæð í hverjum stigagangi og innangengt er úr sameiginlegu bílageymsluhúsi beint í stigagang og lyftu. Íbúðirnar eru bjartar, með stórum gluggum sem sums staðar ná niður í gólf. Lofthæð er meiri en almennt er og flestar íbúðirnar hafa tvennar svalir. Sérstök áhersla er lögð á þægindi. Hljóðeinangrun er eins og best verður á kosið og gólfhiti er í íbúðunum. Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna nema á baðherbergjum og þvottahúsgólfum sem verða flísalögð. Innréttingar eru mjög vandaðar og hægt er að velja á milli þriggja viðartegunda í innréttingum og innihurðum. Íbúðirnar eru 2ja–3ja herbergja, 97–130 fm.

Verð frá 34,8 millj.
með sérstæði í bílageymslu.

ÞJÓNUSTUHÚS – HVERAGERÐI
2ja–3ja herbergja

Nýr og heilsusamlegur lífsstíll
Þjónustuhús við Lækjarbrún í Hveragerði veitir þér tækifæri til að njóta lífsins í faðmi einstakrar náttúru og hafa jafnframt aðgang að margvíslegri þjónustu Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands. Kaupendur gerast sjálfkrafa aðilar að samningi við HNLFÍ sem veitir aðgang að viðamikilli þjónustu Heilsustofnunarinnar gegn greiðslu mánaðarlegs grunngjalds. Rómuð náttúrufegurð, friðsæld og nálægð við hvers kyns þjónustu og heilsurækt eru nokkrir af þeim kostum til að njóta lífsins sem bjóðast í Hveragerði. Fallegar göguleiðir allt í kring, golfvöllur, hesthús og margvísleg afþreying á svæðinu. Íbúðum er skilað fullbúnum með parketi á gólfum og flísalögðum baðherbergis- og þvottahúsgólfum. Íbúðirnar eru 2ja og 3ja herbergja frá stærðinni 86–111 fm.

Verð frá 22 millj.

Ítarlegar upplýsingar um eignirnar á vefsíðu okkar
www.iav.is

NORÐURTÚN – EGILSSTÖÐUM
Raðhús, 3ja–4ra herbergja

Í Norðurtúni eru til sölu glæsilega hönnuð 96–128 fm rað- og parhús á einni hæð. Húsunum fylgir leik- og útivistarsvæði og því eru þau tilvalin fyrir fjölskyldufólk. Bílskúrsréttur fylgir hverri íbúð. Útveggir eru einangraðir og klæddir að utan með litaðri bárumálmklæðningu og að hluta með litaðri viðarklæðningu. Þakið er klætt með krossvið og bárumálmklæðningu. Íbúðunum er skilað frágengnum að utan og milli þess að vera fokheld og tilbúin til innréttinga að innan. Afhending er skv. samkomulagi.

Verð frá 13,5 millj.

NORÐURTÚN – EGILSSTÖÐUM
BAKKAHVERFI – REYÐARFIRÐI
Einbýlishús
4ra herbergja

Í Norðurtúni og Bakkahverfi eru til sölu stórskemmtileg einbýlishús. Húsin eru sérbýli á einni hæð með bílskúr. Útveggir eru einangraðir og klæddir að utan með litaðri bárumálmklæðningu og að hluta með litaðri viðarklæðningu. Þakið er klætt með krossvið og bárumálmklæðningu. Húsunum er skilað frágengnum að utan og milli þess að vera fokheld og tilbúin til innréttinga að innan. Lokið er við gangstíg að anddyrum íbúða og framan við bílskúr er jarðvegsskiptum lokið. Húsin eru af stærðinni 172–194 fm. Afhending er skv. samkomulagi.

Verð frá 22,4 millj.

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200

ÍAV

BAKKAGERÐI – REYÐARFIRÐI Parhús 4ra herbergja

Glæsilega hönnuð tæplega 160 fermetra parhús með sérstæðum bílskúrum. Húsin eru klædd með bárumálmklæðningu og litaðri viðarklæðningu að hluta. Íbúðum er skilað fullbúnum að utan, með grófjafnaðri lóð og milli þess að vera fokheld og tilbúin til innréttinga að innan. Húsin eru á fallegum stað með góðu útsýni yfir fjörðinn.

Verð frá 17,8 millj.

LINDARGATA – REYKJAVÍK
2ja–3ja herbergja

Stórglæsilegt íbúðarhús í miðbæ Reykjavíkur

Lindargata 27 er glæsilega hannað viðahaldslítið átta hæða lyftuhús. Íbúðum er skilað fullbúnum með parketi á gólfum og með flísalögðum baðherbergis- og þvottahúsgólfum. Sérþvottahús er í hverri íbúð og rúmgóðar geymslur í kjallara fyrir hverja íbúð. Innréttingar eru spónlagðar. Kaupendur geta valið um þrjár viðartegundir. Í eldhúsi verður keramikhelluborð með fjórum hellum, blástursofn og gufugleypir. Heimilistæki eru af AEG-gerð með burstaðri stáláferð eða sambærilegt. Dyrasími er tengdur myndavél í aðalanddyri. Sjónvarpsloftnets- og símatenglar eru frágengnir í stofu, borðkrók og svefnherbergjum. Í íbúðunum er tengikassi fyrir stjörnutengingar síma-, loftnets-, tölvu-, breiðbands- og ljósleiðaratengingar. Sameign og lóð eru fullfrágengin. Snjóbræðsla er við aðalanddyri, aðkomurampa og í bílastæðum. Göngustígar og hluti bílastæða er hellulagður. Leiksvæði er með gúmmíhellum og leiktæki sbr. teikningar lóðarhönnuðar.

Frábær staðsetning og stutt í alla þjónustu. Nútímaleg hönnun og allur frágangur er sérlega vandaður.

Íbúðirnar eru 2ja og 3ja herbergja 80–135 fm.

Verð frá 24,7 millj.



Dæmi um fullbúið hús



ÁSAKÓR – KÓPAVOGI
3–4ja herbergja

Stórglæsilegt íbúðarhús

Ásakór er fallegt þriggja hæða fjölbýlishús með lyftu og 6 íbúðum á hæð. Sérinngangur er í hverja íbúð og fylgir eitt bílastæði í bílageymslu hverri íbúð. Svalagangar 2. og 3. hæðar eru með glerskermum. Íbúðum er skilað fullbúnum án gólfefna en með flísalögðum baðherbergis- og þvottahúsgólfum. Innréttingar eru mjög vandaðar og hægt er að velja á milli þriggja viðartegunda í innréttingum og innihurðum. Þvottaherbergi er í öllum íbúðum. Íbúðirnar eru 3ja og 4ra herbergja í stærðinni 96–120 fm.

Verð frá 22,6 millj.

Söludeild okkar er að Höfðabakka 9, sími
530 4200

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Frum

FASTEIGNASALA

Hafnarfirði
Fjarðargötu 17
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is

Opið virka daga kl. 9–18

Sjá einnig myndir í gluggum á Fjarðargötu

– Eigendur fasteigna athugið: Lífleg sala – skoðum og verðmetum samdægurs!

EINBÝLI

FAGRIHVAMMUR - EINBÝLI/TVÍBÝLI - FRÁBÆR STAÐSETNING GLÆSILEG 311 fm eign sem skiptist í 155 fm íbúð á efri hæð, 107 fm íbúð á neðri hæð og 50 fm bílskúr. Báðar íbúðir samþykktar. Allt í topp ástandi bæði að utan og innan. Möguleiki allt 5-7 svefnherbergjum, arinn, útsýni, verönd, heitur pottur, verönd með næturlýsingu, falleg gólfefni, stór bílskúr, hellulagt bílastæði með hita, góð eign. Tilboð óskast. 5560

ÆGISGRUND - GARÐABÆ - LAUST Erum með í sölu mjög gott og mikið endurnýjað einbýli á þessum frábæra veðursæla stað í Garðabænum. Stutt í skóla og nýju ylströndina í Sjálandinu. Húsið er mikið endurnýjað m.a. nýtt þak og kantur, gluggar og gler, hurðar, rafmagn, lagnir og gólf. Samþ. teikning að 44 fm bílskúr og stækkun á húsi. Verð 37,9 millj. 4965

FURUVELLIR - HAFNARFIRÐI Gullfallegt og vandað 211 fm einbýli á einni hæð á góðum stað. Fjögur svefnherb. Húsið er nánast fullbúið að utan sem innan með stórum pöllum, potti, útisturtu o.fl. SÉRLEGA VÖNDUÐ LÚXUSEIGN. Verð 49,6 millj. 5474

ERLUÁS - FALLEGT EINBÝLI - ÁSLAND Í HAFNARFIRÐI 234 fm einbýlishús á þrem pöllum þar af er 51 fm bílskúr. Þrjú rúmgóð herbergi, hátt til lofts, fjarstýrð halógenlýsing, FRÁBÆRT ÚTSÝNI, skemmtileg arkitektahönnun á húsinu. Verð 54.9 millj. 3299

AUSTURGATA - FRÁBÆRT HÚS Nýkomið í einkasölu falleg einbýlishús á þrem hæðum. Húsið er mikið endurnýjað, fimm svefnherbergi, rúmgóð stofa og eldhús. Fallegur garður, pallar, heitur pottur, eignin er alls ca 180 fm, skemmtileg eign sem hægt er að mæla með. Verð 38.5 millj. 5299

FURUVELLIR - NÝTT OG GLÆSILEGT Nýtt SÉRLEGA fallegt nánast fullbúið 177 fm EINBÝLI á einni hæð, ásamt 57 fm tvöföldum BÍLSKÚR, samtals 234 fm Vandaðar og fallegar innréttingar. Fjögur svefnherbergi, fataherbergi inn af hjónaherbergi. Upptekin loft í stofu, eldhúsi og sjónvarpsholi með halogenlýsingu. Litað gler sandblásið að hluta. Lóð er grófjöfnuð. Verð 49,9 millj. 5258

FLÉTTUVELLIR 45 - NÝTT EINBÝLI Á JAÐARLÓÐ Nýtt og glæsilegt 184,9 fm EINBÝLI á einni hæð, ásamt 33,5 fm BÍLSKÚR, samtals 218,4 fm á góðum stað innst í botnlanga (JAÐARLÓÐ) á Ásvöllum í Hafnarfirði. Húsið afhendist fullbúið að utan steinað og fokhelt að innan. Verð 34,0 millj. 5243

FLÉTTUVELLIR 41 - GLÆSILEGT EINBÝLI Glæsilegt 169,0 fm einbýli á einni hæð ásamt 46,6 fm bílskúr, samtals 215,6 fm á góðum stað á Ásvöllum í Hafnarfirði. Húsið afhendist fullbúið að utan og fokhelt að innan. Áhvílandi lán til 40 ára 27,0 millj. Verð 33,8 millj. 4834

FAGRABERG - FALLEGT EINBÝLI MEÐ AUKAÍBÚÐ 216,3 fm einbýli (með aukaíbúð á fyrstu hæð) á tveimur hæðum ásamt 54,3 fm bílskúr, samtals 270,6 fm Húsið er fallegt bæði að utan og innan, góð gólfefni. Tvöfaldur góður bílskúr. Mikil verönd og svalir, útsýni, pottur, fallegur garður. Íbúðarhæft herbergi/kofi úti í garði. Góð eign. Verð 60.9 millj. 4373

Scania 94D 230D árg. '01, ekinn 139 þús. Með kassa 7 1/2 m. á lengd. Selst einnig á grind. Verð 3,7 milljónir + vsk, á grind 2,8 milljónir + vsk. Uppl. í síma 898 9006. Gott verð.

Hópferðabílar

Til sölu tveir Ford Transit 18 manna hópf.bílar. Bílarnir eru með sjónvarpi, DVD og fl. Uppl. í síma 861 1277.

Vörubílar

Palfinger Pk6001 árg. 2005. 2 á glussa, þráðlaus stýring, lítið notaður. Uppl. í síma 893 1223.

Til sölu Man 35-480 8x4, árg. 2004. Með Palfinger 72 tonnmetra krana+jib, ek, aðeins 64.000 km. Arnarborg ehf s. 866 6684.

M. Benz með 6 manna húsi, árg. '96, með palli og sturtu. Sími 866 6684.

Man 8 153 '96 með 4ra og hálfs metra kassa og lyfta aftaná. Arnarborg ehf. Sími 866 6684 & 566 6236.

Eigum á lager vörubíla með krana. Getum útvegað vinnuvélar og tæki. Arnarborg ehf s. 866 6684.

Hjólkoppar á vinnubíla. Vandaðar festingar. Dekk ný og sóluð. Nýjar felgur 9" og 11,75". Fjaðrir nýjar og notaðar. Allskonar notaðir hlutir. Útvegum vinnubíla og tæki erlendis frá. Heiði rekstrarfélag ehf. sími 696 1051.

Mótorhjól

Ótrúlegt tækifæri.Yamaha v-max afmælistýpa 05" ek, 2900 km.Verð 1550þús stg.S:8988829

Yamaha Fazer naked 1000.06"Nýtt hjól V 1350 þús stg.S:8988829

Kerrur

Golfbílakerrur. Víkurvagnar.

Dráttarbeisli, Víkurvagnar.

Jeppakerrur, Víkurvagnar.

Hjólhýsi

Hjólhýsi til sölu
Ný hjólhýsi á betra verði en áður hefur þekkst, frá 1.250 þús. Lán allt að 100%. Komdu og kíktu á okkur eða hafðu samband í síma 587 2200 & 898 4500, www.vagnasmidjan.is

Hjólhýsi til leigu.
Njóttu lífsins í friinu í leiguhjólhýsi frá okkur. Fullbúin og tilbúin í ferðalagið. Ótrúlegir möguleikar í boði. Hafðu samband í síma 587 2200 & 898 4500. www.vagnasmidjan.is

Til sölu glæsilegt kórtjald á hjólhýsi, er sem nýtt, á 12-14 ft. hjólhýsi. Uppl. í s. 587 3732.

Tjaldvagnar

Til sölu Comanche Montana tjaldv. árg. '95 m/nýlegu fortjaldi. Mjög vel með farinn. Uppl. í s. 586 2239 & 692 1052.

Vinnuvélar

Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.

Erum með til leigu Beltahjólbörur sem bera 600 kg. Breidd 75 cm. Með breikkanlegum beltagangi upp í 105 cm.Getur mokað upp í sig og hægt að lyfta upp í 165 cm. til að sturta í jarðvegsgáma. Höfum kerrur til að flytja tækin. VINNULYFTUR EHF. S: 544 8444

Þarftu að setja upp grindverk eða sólpall ! Þú getur leigt hjá okkur alvöru staurabora í mörgum stærðum sem eru tengdir við Smágröfur einnig Beltahjólbörur sem hægt er að lyfta uppí 165 cm. til að sturta í jarðvegsgáma. Höfum kerrur til að flytja tækin. Vinnulyftur ehf. S. 544 8444.

Erum með til leigu Smágröfur sem eru 1.1 tonn. 70 cm breiðar með breikkanlegum beltagangi uppí 100 cm. Einnig erum við með stærri Smágröfur upp í 7.6 tonn. Höfum kerrur til að flytja tækin. Vinnulyftur ehf. S. 544 8444.

Erum með til leigu Smátraktorsgröfur sem eru 1.5 tonn. 150 cm. breiðar, hægt er að leigja staurabora í mörgum breiddum og brotfleyga einnig á þessar gröfur. Höfum kerrur til að flytja tækin. Vinnulyftur ehf. S. 544 8444.

Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftuborð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða- og varahlutaþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is

Lyftarar

Körfubílaleigan.
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. 893 3573

Palleturekkar til sölu
Töluvert magn af notuðum palletturekkar í mjög góðu ásigkomulagi til sölu. Hæð ca. 6 metrar. Upplýsingar gefa Guðmundur í síma 899 0468 og Guðni í síma 8960515. Sturlaugur & Co ehf. sími 551 4680.

Bátar

vatnasport.is
Erum enn að taka pantanir á sérsmíðuðum bátum frá Campion. www.vatnasport.is Sími 822 4060.

Volvo Penta hældrif ásamt gaflstykki. Drifhlutfall 1,61. Verð 70 þús. Uppl. í s. 860 0044.

Óska eftir að kaupa gúmmíbát og utanborðsmótor. Uppl. í s. 557 3473 eða 893 1234.

Óska eftir vél í bát með drifi og mælaborði. Uppl. í s. 587 3732.

Varahlutir

Aðalpartasalan s. 565 9700
Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

Opel partar.
Er að rífa Zafira 99-04, Vectra 93-01, Astra 95-02, Corsa 95-02, Combo 95-00. Viðgerðaþjónusta kaupum Opel bíla. Opið um helgar. Sími 553 9900 & 845 2996.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Bílapartar ehf S.587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

Partasalan Sími 557 7740.
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Bílapartasalan Ás
Skútahrauni 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

Japanskar Vélar
Eigum varahluti í flesta japanska og kóreska bíla o.fl tegundir! Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284.

Hedd 557 7551
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Skemmuvegur 16. S 557 7551.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14 Drangahrauns megin, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partaland s. 567 4100
Stórhöfða 18, R. Varahlutir í Pajero, Lancer, Trooper o.fl. teg.

Himnabjarg ehf.
Partasala og dráttabílaþjónusta. Er að rífa Opel Astra 1200 árg '98-2003, Ford Taurs, Dahatshu Applause og Ford Escort '99. Sími 691 4441.

Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalshraun 20. Sendum frítt á flutning

Hjólbarðar

Til sölu dekk 29" ónotuð continental 235/70 R16. Verð. 20.000 kr. Uppl. í s. 864 8866.

18" dekk
275x70x18 til sölu lítið ekin, verð 50 þ., uppl. í síma 694 8575.

Viðgerðir

Ef pústið pípir og bremsurnar braka, hættu að aka og láttu okkur laga. Kvikkþjónustan. Bíldshöða 18 s. 562 1075.

KEYPT & SELT

Til sölu

Felliveggir - Öryggishlið - Sólhýsahurðir. Addco Ehf. S. 586 9010 addco@addco.is Auðbrekku 2, 200 Kóp.

Stigar hringstigar og handrið á lager. Til í 38mm þykku beiki, gler og einnig stál. Mjög hagstætt verð. Einnig ryðfrí fittings fáanleg á sama stað. Atlantskaup ehf. Uppl. í s. 533 3700.

Þvottavélar
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar og þurrkarar 5 og 9 kg. Sími 847 5545.

Gluggaþvottakústur til sölu. Nýr, nær upp á þrjár hæðir. Slöngur og allt fylgja. Uppl. í s. 587 3732.

Rúllugardínur. Sparið og komið með gömlu rúllugardínukeflin og fáið nýjan dúk á keflin. Gluggakappar sf. Reyðarkvísl 12, Ártúnsholti, s. 567 1086.

40ft. gámur til sölu. Í góðu standi. Gott verð. Staðssetning; Ártúnshöfði. Sími 893 3081.

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

Ódýrar tölvuviðgerðir!
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894.

Til bygginga

Hanna og smíða stiga. Fást á ýmsum byggingarstigum. Sérlausnir í þrengslum. 25 ára reynsla. Uppl. í s. 894 0431.

Verslun

Hitapottar. Normex.

ÞJÓNUSTA

Vöruflutningar

Aðalflutningar Skútuvogi 8, Sími 520 8900. www.nesfrakt.is
Reykjavík Akureyri. Daglegar ferðir. Örugg og góð þjónusta. Gerum verðtilboð. Nesfrakt. Sími 520 8900 Arnar Ólafs. Sími 840 1630

Hreingerningar

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Láttu mig um púlið! Nýbygginga og flutningsþrif. Föst verðtilboð. Ásta s. 848 7367.

Ræstingar

Garðyrkja

Garðyrkja
Felli tré, klippi tré og runna. Önnur garðverk. Halldór garðyrkjum. S. 698 1215.

Garðsláttur fyrir heimili, húsfélög og fyrirtæki Ódýr, vönduð og góð þjónusta 823 1067.

Hreggstaðarvíðir og aðrar limgerðisplöntur. Mosskógar Mosfellsdal, símar 663 6173 & 566 8121.

Garðsláttur, trjáklippingar, garðaúðun, beðahreinsun o.fl. Hér færðu alla viðhaldsþjónustu á einum stað fyrir garðinn. Garðlist s. 554 1989, www.gardlist.is.

Garðsláttur, beðahreinsun, trjáklippingar, þökulagnir, garðaúðun og allt annað sem viðkemur garðinum. Komum á staðinn og gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Garðlíf, s. 691 9151.

Vorfáni - Hellulagnir
Varmalagnir og drenlagnir ásamt tengingum. Tiltekt í görðum og önnur verk.
S. 892 9141

Smíðar og Flísar
Getum bætt við okkur flísalögnum.
Upplýsingar í síma 843 9636.

Bókhald

Bókhald
Bókhaldsþjónusta, laun, skattframtöl. Sveinbjörn, s. 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is.

Bókhaldsþjónusta fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Uppl. í s. 861 4401 eða gul@itn.is

Málarar

Húseigendur: Varist fúskara. Verslið við fagmenn. Málarameistarafélagið. S. 568 1165.

FB málarameistarar
Getum bætt við okkur útiverkefnum í júlí og ágúst. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 693 0999.

Þarftu að láta mála? Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. s. 866 3287.

Meindýraeyðing

Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

Búslóðafl. og allar almennar flutn. 2 menn ef óskað er. MJ flutningar. S. 692 7078.

Húsaviðhald

Prýði sf.
HÚSAVIÐGERÐIR
Steypuviðgerðir, lekavandamál, þakrennuuppsetningar, þakásetningar, þak- og gluggamálning. Trésmíðavinna, sólpallasmíði. Tilboð eða tímavinna.
Áratugareynsla og fagmennska í fyrirrúmi. S. 854 7449, 864 7449 og 565 7449.



Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Móðuhreinsun glerja & háþrýstiþvottur!
Er komin móða eða raki á milli glerja? Háþrýstiþvottur húseigna allt að 100% hreinsun. Móðuhreinsun, Ólafur í s. 860 1180.

Glerjun og gluggaviðgerðir!
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Magnhús ehf
Múr-og málningaverktakar í viðhaldi fasteigna. S. 847 6391 & 891 9890.

Þípulagnir, viðgerðir og viðhald, löggiltur meistari. Rörverk sími 894 0938.

Stífluþjónusta

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

Tölvur

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Spádómar

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árasspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína. Einkatímar. Erla s. 587 4517.

Englaljós til þín 908 5050
Hvað viltu vita um ástina, heilsuna og hvað getur gerst skemmtilegt í sumar, bein miðlun, rágjöf. Opið frá 12-02 eftir miðnætti. Lára

Hanna 908 6040
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01. Tímapantanir í síma 555 2927. Er við alla daga nema sunnudaga

Skemmtanir

Rafvirkjun

Trésmíði

Hreinsum gráma af sólpöllum!
Sólpallaeigendur, ódýr lausn til að djúphreinsa veðraða sólpalla og gera þá eins og nýja.
Sólpalla og skjólgirðingasmíði Anton í síma 866 5262.

Viðgerðir

Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Önnur þjónusta

Sumarhús í Slóveníu
Að undanförnu hafa margir komið að málið við mig varðandi upplýsingar um Slóveníu, m.a. um sumarhús eða aðra gistimöguleika.
Náttúrufegurðirn, sagana, fólkið, gott veðurfar og hagstætt verðlag gerir landið áhugavert heim að sækja.
Ef þú lesandi góður þarft aðstoð varðandi kaup á sumarhúsum í Slóveníu, hafðu þá samband við mig í síma 862-4200 eða á e-mail: ivanovic@centrum.is, Ívar

Stafræn framköllun
Tilboð á stafrænni framköllun myndin frá 33kr. Framköllun á filmu 24myndir með CD aðeins 1390kr. Suðurlandsbraut 52, s.588 3700, www.pixlar.is

HEILSA

Heilsuvörur

Herbalife - og þú grennist!
321 ShapeWorks kerfið frá Herbalife. Einfalt, fljótlegt og árangursríkt! Upplýsingar í síma 577-2777 eða á www.321.is
www.321.is

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 www.321.is/rannveig

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

Herbalife.
Lífsorka fyrir lífstíð, lifsorka.is. adalgeir@lifsorka.is.

Þú léttist með Herbalife! Persónuleg ráðgjöf og stuðningur. S. 892 8463 & 868 4884.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki í maí. Halldóra Bjarna hjúkrunfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 868 4876

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangi. Við hjálpum þér. www.betriheilsa.is Bergrún s. 861 5512.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangi. Við hjálpum þér. www.betriheilsa.is Elsa 8982617

Árangur með Herbalife! Betri lífsstíll. Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg s. 896 4662.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd

Viltu losna við spennu og vöðvabólgu? Vanlíðan veldur streitu. Ég losa þig við vandamálin. S. 846 9517.

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega.
Stórmarkaður í stofunni heima.
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Snyrting

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Átt þú tölvu upp á
150.000.-
sem þú kannt kannski ekki nema 5% á?
Ef svo er gefst þér kostur á að taka einkatíma í tölvukennslu. Mjög góð aðstaða og mikil reynsla. Upplýsingar fúslega veittar í síma 862-4510

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Heimilistæki

Gorenje 5 ára eldavél með keramik borði fæst gefins. Uppl. í s. 661 6893.

Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

Barnavörur



20% afsláttur af völdum vörum, ungbarnafatnaði. Róbert Bangsi og Unglingarnir Hlíðasmára 12. S. 555 6688.

ATVINNA / FERÐIR

TIL SÖLU

Dýrahald

Seljahverfi. Týnd kisa. Er hvít með svart skott, svört á höfði, enga ól. Sími. 866 8311.

Ýmislegt

Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgerð. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Fyrir veiðimenn

Komdu að veiða!
Uppl. á www.strengir.is og ellidason@strengir.is. Sími 567 5204 eða gsm 660 6890.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Konu rúmlega fimmtuga á rýrum kvennalaunum vantar litla íbúð á leigu. Á höfuðborgarsvæðinu. Helst til lengri tíma. Reyki ekki, er reglusöm og heiti góðri umgengni. Uppl. í s. 867 8800 og 561 2098.

Sumarbústaðir

Garðhúsgögn, Heitir pottar og Kamínur. Auðbrekka 6, 200 Kóp, NORM - X S. 565 8899 www.normx.is

Sedrusviður
Pallaefni og utanhúsklæðning úr sedrusviði. Spónasalan ehf Smiðjuvegur 40, gul gata s.567 5550.

Atvinnuhúsnæði

Atvinnueign.is
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is S. 568 6600.

Geymsluhúsnæði

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

ATVINNA

Atvinna í boði

Mothers and Others!
Help needed! Part time $500 - $2000 Full time $2000 - $8000 Full training www.123ibo.com
www.123ibo.com

Ræsting / Morgunvinna
Vantar fólk í afleysingar í s sumar þarf að geta hafið störf fljótt, vinnutími 8-12, unnið á vöktum.
Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is

Kringlukráin.
Viljum bæta við okkur hressu og skemmtilegu þjónustufólki í dag - kvöld og helgarvinnu. Æskilegt að viðkomadni hafi reynslu.
Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is

Helgarvinna
Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 7.30 - 16.30 laugardag og sunnudag.
Nánari upplýsingar veitir Áslaug eða Ellisif í síma 553 5280.

Kokkarnir veislubjónusta.
Við leitum eftir manneskju í afgreiðslu í Osta- og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Einning vantar okkur mannesku í Osta- og Sælkeraborðið í Hagkaupum Smáralind til afgreiðslu. Okkur vantar líka aukafólk seinnipart viku í bæði borðin. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð.
Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík

Loftorka Reykjavík.
Óskar eftir vönum vélamönnum til malbikunarframkvæmda.
Upplýsingar í síma 565 0877.

Bílstjórar. Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára.
Óskum eftir að ráða bílstjóra í kvöld og helgarvinnu. Hægt er að leggja inn umsóknir á nings.is & Upplýsingar í síma 822 8840
Upplýsingar í síma 822 8840

Viltu koma í Pizza Hut liðið?
Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í veitingasal og í eldhús. Um er að ræða hlutastarf. Lágmarksaldur er 18 ára. Áhugasamir sendi inn umsóknir á loa@pizzahut.is eða hafa samband við veitingastjóra á Pizza Hut Smáralind

BG óskar eftir að ráða starfsfólk í eftirfarandi:
Sv 101 - Dagræsting í lítilli stofnun 5 x viku.
Sv 101 - Dagræsting 2 x viku í lítill stofnun 2 x viku.
Sv 107 - Dagræsting 2 x viku í meðalstóru
fyrirtæki Sv 105 - Ræsting 5 x viku seinni partinn eftir kl: 17:00 í fyrirtæki. Ræstingar eftir 17:00 á ýmsum stöðum á Stór-Reykjavíkursvæðinu.
Dagræstingar á ýmsum smærri stöðum víðsvegar um Reykjavík á fyrirtækjabifreið.
Allar nánari upplýsingar um ofangreind störf veitir Sherry í síma 533 5000 eða sherry@bgt.is.

Aðstoðarmaður óskast í Björnsbakarí-vesturbæ. Vinnutími er frá kl 05-13 daglega og unnið er þriðju hverja helgi frá kl 04-12. Upplýsingar í síma: 663-2268 Eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

Europris, sumarstörf í boði, umsóknareyðublöð í öllum verslunum, sími: 533 3366 Europris

Kaffihús
Strarfskraftur óskast til framtíðarstarfa í bakarí og kaffihús. Uppl. gefur Stefán í síma 551 3524 & 897 0350 Sandholt, Laugavegi.

Heildverslun óskar eftir starfsmanni á skrifstofu til að sjá um símasvörun og viðskiptabókhald. Þarf að geta byrjað strax eða um mánaðarmótin. Umsóknir með nafni, aldri, síma og fyrri störf sendist í tölvupósti jon@snaefiskur.is

Helgarstarf
Verslunin Tiger óskar eftir áhugasömu fólki til helgarstarfa. Uppl. í s. 660 8211.

Ræstingar
Vantar starfsfólk til ræstingar í kópavogi á daginn. Um er að ræða 50% starf á svæði 200. Ráðið verður strax í störf. Upplýsingar í síma 578 1450 milli 9-17 á daginn.

Ræstingar
Vantar starfsfólk við ræstingar í mjódd á daginn. Um er að ræða 100% starf. Ráðið verður strax í störf. Upplýsingar í síma 578-1450 milli 9-17 á daginn.

Ræstingar
Vantar starfsfólk við ræstingar í Skeifunni. Um er að ræða vinnu aðra hvorra helgi, hlutastarf. Um er að ræða kvöldvinnu eftir kl.21. Ráðið verður strax í störf. Upplýsingar í síma 578 1450 milli 9-17 á daginn.

Ræstingar
Vantar starfsfólk til ræstingar í miðbæ Reykjavíkur á daginn. Um er að ræða 50% starf á svæði 101. Ráðið verður strax í störf. Upplýsingar í síma 578 1450 milli 9-17 á daginn.

Starfsfólk óskast í 2-5 tíma á dag eftir hádegi. Uppl. í s. 517 5599.

Í hlaupavinna / aukavinna
Starfsmenn óskast í íhlaupavinnu við uppsetningu á vinnupöllum og fleira. Uppl. í s. 553 2280 & 893 9678.

Starfsmaður óskast á vinnupallaleigu í útkeyrslu, afgreiðslu og fleira. Uppl. í s. 553 2280 & 893 9678.

Vörubílstjóri óskast. Uppl. í s. 893 1791.

Atvinna óskast

Nemi í forritun C ++
Óskar eftir sumarstarfi. Allt í sambandi við tölvur kemur til greina. Mikil og góð almenn kunnátta af tölvum.
Upplýsingar í s. 895 0594.

Smiður, 55 ára, leitar eftir atvinnu (launþegi). Uppl. í s. 863 3012 eftir kl. 19.

TILKYNNINGAR

Einkamál

M-BENS til sölu árgerð '99 sjálfsk. ek. 96 þúsund km. Verð 1.250.000. Áhv. 900 þús. Upplýsingar í s. 894 2454.

Símaspjall 908-2020. Komdu og talaðu við mig í síma. Opið allan sólarhringinn. Enginn bið.

Símaspjall 908-6666. Ég heiti Rósa og er til í símapjall. Opið allan sólarhringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

Símaspjall við yndislegar konur! Hver verður vinkona þín? S. 908-6000 (símat) og 535-9999 (kort).

ATVINNUTÆKIFÆRI

Til sölu fyrirtæki í innflutningi, heildsölu og smásölu.
Góð álagning. Falleg, hrífandi og auðseljanleg vara.
Verð ca. 12 m.
Svar merkt: „Uppgrip“ sendist á netfangið: galle@isl.is

TIL SÖLU

Skipamiðlunin Bátar & Kvóti

Eggert Sk. Jóhannesson. Jóhannes Eggertsson. Ólafur Thoroddsen hdl.
Löggilt fasteigna, fyrirtækja og skipasala. Síðumúli 33. Sími: 5 888 111

Línubeitningavélaskip til sölu

Stærð: Brl: 236. Bt: 321. Ml: 37,95. Sl: 34,56. B: 7,3
D: 5,84. Aðalvél: Callesen 1.000 hö, 736 kW árg. 1978.
Skipið smíðað í Þýskalandi.

Mustard beitningavél. Tilboð óskast.

Sími 5-888-111. Fax 5 888 114.

Skipamiðlunin Bátar & Kvóti

Skipamiðlunin ehf, Bátar & Kvóti.
Sími: 5 888 111. www.skipasala.com
Síðumúla 33. 108 Reykjavík.

TILKYNNINGAR

Auglýsing um aðalskipulag Húsavíkurbæjar 2005-2025

Bæjarstjórn Húsavíkurbæjar samþykkti á fundi sínum þann 27. apríl 2006 að auglýsa tillögu að Aðalskipulagi Húsavíkurbæjar 2005-2025. Skipulagstillagan er auglýst með vísan til 18. gr. skipulags og byggingalaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Aðalskipulagstillagan er sett fram í:
- Greinargerð „Aðalskipulag fyrir sveitarfélagið Húsavíkurbæ árin 2005-2025 tillaga 04 útgáfa til auglýsingar“ útg. apríl 2006.
- Sveitarfélagsuppdráttur í Mkv. 1:50.000 ásamt þemauppdráttum, Þ-02 Vegakerfi í dreifbýli, Þ-03 Veitur – stofnkerfi, Þ-04 Ýmis verndarsvæði og Þ-05 Helstu fornleifar. Þemauppdrættir eru í Mkv. 1:100.000. Tillaga maí 2006.
- Þéttbýlisuppdráttur í Mkv. 1:5000. Tillaga maí 2006

Samhliða skipulagstillögunni liggja frammi til sýnis:
- Fornleifaskráning í Reykjahreppi nr. Fs.195-02201 fyrri hluti, útg. 2003.
- Fornleifaskráning fyrir Reykjahrepp nr. Fs. 235-02202 síðari hluti, útg. 2004.
- Fornleifaskráning á Húsvík nr. Fs 166-01171, útg. 2002.

Skipulagstillagan er til sýnis hjá skipulags- og byggingafulltrúa Þingeyinga Ketilsbraut 7-9, Húsavík og hjá Skipulagsstofnun Laugavegi 166, Reykjavík. Einnig er unnt að kynna sér tillöguna á heimasíðu Húsavíkurbæjar www.husavik.is. Skipulagstillagan er til sýnis frá og með mánudeginum 22. maí til og með 2. júlí.
Íbúum Húsavíkurbæjar og öðrum þeim er telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við tillöguna. Skriflegar athugasemdir skulu berast skipulags- og byggingarfulltrúa innan þess frests sem að ofan er getið.
Þeir sem ekki gera skriflega athugasemd við skipulagstillöguna innan frestsins teljast samþykkir henni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyinga,
Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík.

HÁTEIGSKIRKJA

Í upphafi Háteigsprestakalls var söfnuðurinn án kirkju, en messur fóru fram ýmist í hátíðarsal Sjómannaskólans eða Fossvogskapellu. Á aðventu 1965 var Háteigskirkja vígð, þó ekki væru framkvæmdirnar komnar jafn langt og sóknarbörn óskuðu. Þá hafði Háteigsprestakall verið kirkjulaust í þrettán ár en prestakallið var stofnað með lögum 17. júlí 1952. Hönnuður Háteigskirkju var Halldór H. Jónsson arkitekt en byggingameistarinn var Þórður Jasonarson. Hr. Sigurbjörn Einarsson biskup vígði kirkjuna að viðstöddu fjölmenni. Nústarfandi prestar Háteigssóknar eru sr. Tómas Sveinsson og sr. Helga Soffía Konráðsdóttir. Myndin er af austurhlið Háteigskirkju en Hallgrímskirkja teygir sig upp á milli turnanna fjögurra.

DRAUMAHÚSIÐ MITT: ANDREA JÓNSDÓTTIR ÚTVARPSKONA

Fólkið skiptir mestu máli

Þegar Andrea er spurð út í draumahúsið sitt hugsar hún lítið út í veraldlega hluti. „Ég væri samt til í að eiga hús útaf fyrir mig, helst með kjallara. Þar gæti ég verið með allar mínar bækur og plötur. Á hæðinni fyrir ofan myndi ég hafa rosalega mikið af hillum en mjög lítið af húsgögnum. Ég vil helst búa á snyrtilegum lager. Ég vil hafa pláss fyrir fólk; vini, börn og barnabörn," útskýrir Andrea.

Hún segir að einbýlishús væri algjör draumur þó hún búist ekki við því að sá draumur rætist. „Ég bý í blokk og hef verið mjög heppin með nágranna. Hef reyndar spilað einstaka sinnum of hátt en draumahúsið mitt er að þar sé að finna gott fólk. Mér finnst það skipta meira máli en endilega húsið," segir Andrea brosandi að lokum.

Andrea Jónsdóttir, útvarpskona með meiru, segist helst vilja eiga einbýlishús en að mestu máli skiptir fólkið sem þangað komi.

SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



*þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkisisins.

Lánþegum Íbúðalánasjóðs gengur vel að standa við skuldbindingar sínar.

Vanskil aldrei minni

Eitt prósent lántaka skuldar þrjá mánuði eða meira.

Vanskil vegna útlána Íbúðalánasjóðs hafa aldrei verið minni en nú í upphafi maímánaðar. Skiptir þá engu hvort um er að ræða fjárhæð sem hlutfall af heildarútlánum sjóðsins, fjölda lántakenda sem hlutfall af heildarfjölda lántakenda eða fjölda útlána sem hlutfall af heildarfjölda útlána.

Fjárhæð 3 mánaða vanskila og eldri var 0,05 prósent af heildarfjárhæð útlána. Einungis 1 prósent lántakenda sjóðsins var í slíkum vanskilum og 1,1 prósent lána var í vanskilum. Til samanburðar þá voru 2,4 prósent lántakenda í vanskilum við sjóðinn 1. janúar 2005 og 8,7 prósent þegar Íbúðalánasjóður tók við af Húsnæðisstofnun þann 1. janúar 1999. (www.ibudalanasjodur.is)

Berum virðingu fyrir öldruðum

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

EMBLA RÚN HAKADÓTTIR
FRAMBJÓÐANDI

Á Íslandi eru íbúar yfir sjötugt um 23.000 talsins eða nálægt 8% þjóðarinnar: Lífsreynt fólk sem lifað hefur tímanna tvenna og þekkir annan heim heldur en þeir sem yngri eru. Oft er talað um nauðsyn þess að hlusta á rödd unga fólksins í samfélaginu; að virða beri skoðanir þeirra varðandi málefni sem það snertir. Við erum jú þegar öllu er á botninn hvolft þau sem erfa skulu landið og virðing fyrir unga fólkinu þykir sjálfsögð. Það er hins vegar eilítið sérkennilegt að hér á landi virðist oft gleymast virðingin fyrir öldruðum.

Hvað er það annað en virðingarleysi að fólk, sem lagt hefur grunninn að því velferðarþjóðfélagi sem við lifum í í dag, líði almennan skort og þjáningar sem hæglega væri hægt að koma í veg fyrir? Þetta fólk vann langan vinnudag, bjó oft við kröpp kjör og margir lögðu mikið undir til að mennta, ef ekki sig, þá börnin sín. Þessu fólki, sem hefur ofan á allt saman borgað sína skatta, launum við svo á skammarlegasta hátt. Peningaleysi, biðlistar og áhyggjur eru það sem blasir við mörgum öldruðum og svo hefur verið lengi. Því er ekki hægt að neita.

Þetta skilar sér í ótímabæru heilsuleysi og almennri vanlíðan og er ekki mönnum bjóðandi. Þegar fólk hefur komist á eftirlaunaaldur merkir það ekki að fólk hafi sagt sig úr samfélagi við aðra menn. Þvert á móti gefur fólk sér þá kannski fyrst tíma til að njóta lífsins fyrir alvöru og eins og við vitum þá kostar allt peninga. Aldraðir eiga, eins og aðrir þegnar þessa samfélags, að hafa peninga til að kaupa sér hunangsköku á sunnudögum og fara með barnabörnunum í bíó stöku sinnum.

Þegar starfsævinni lýkur reynir líka mikið á samstöðu og gæði samfélagsins. Margir aldraðir þarfnast umönnunar; þjónustu sem ekki er nema sjálfsagt mál að allir geti fengið strax og þeir þarfnast hennar. Nauðsynlegt er að sveitarfélög í landinu fái nægjanlegt fjármagn til þess að sinna málefnum aldraðra: Til að aldraðir sem búa á dvalarheimilum hafi allir þann kost að búa í einstaklingsherbergjum og að næg hjúkrunarrými séu til staðar fyrir fólk sem þarf á þeim að halda. Nægt fjármagn þarf til að hægt sé að tryggja að aldraðir geti verið heima hjá sér sem lengst t.d. með byggingu fleiri þjónustuíbúða.

Tryggja þarf aukið sjálfræði aldraðra. Annað er ótækt. Einnig þarf að gera það erfiða starf sem umönnun er eftirsóknarvert og að mannsæmandi laun séu fyrir þá vinnu. Það eru nægir peningar til og þetta er ekki bara spurning um forgangsröðun heldur vilja. Á þetta leggjum við Vinstri græn áherslu. Það er fráleitt að fólk sem komið er á gamals aldur þurfi að berjast fyrir réttindum sínum. Allt of lengi hafa málefni aldraðra setið á hakanum og allt of lengi hafa aldraðir mátt þola óþolandi vanvirðingu af hálfu samfélagsins. Þessu getum við breytt!

Höfundur skipar 6. sæti á lista Vinstri grænna á Akureyri.

Ungt fólk til áhrifa

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

HALLDÓR BRYNJAR HALLDÓRSSON
FRAMBJÓÐANDI

Heilir og sælir Akureyringar! Framfylkingarflokkurinn er framboð ungs fólks til bæjarstjórnar á Akureyri fyrir næstkomandi kjörtímabil. Flokkurinn er skipaður ungu fólki á aldrinum 18-35 ára (ef frá er talin ættmóðirin sem skipar heiðurssætið) sem taldi vanta raunhæfan valkost í bæjarmálunum fyrir ungt fólk hér í bænum.

Nafnið er tilkomið á þann hátt að fyrir ungu fólki hér í bænum voru öll framboðin eins. Fólk þarf raunar ekki annað en að líta yfir stefnuskrár flokkanna til að staðfesta þann skilning. Því er nafn flokksins okkar einfaldlega þannig að nöfnum þriggja stærstu flokkanna er blandað saman og úr verður Framfylkingarflokkurinn.

Rétt er að árétta að flokkurinn er ekkert grín, þó allri alvöru fylgi vissulega örlítið grín. Flokkurinn telur hagsmuni ungs fólks hafa verið fyrir borð borna á Akureyri sl. ár, og blöskrar t.d. skilningsleysið sem virðist vera ríkjandi í málefnum Háskólans í bænum. Með því að samtvinna Háskólann við atvinnulífið í bænum má treysta hvort tveggja, en til þess þarf að þrýsta á ríkið um aukin framlög til skólans og fá atvinnulífið með í lið. Í stað þess er skólinn notaður sem punt á tyllidögum og dreginn fram í kastljósið korteri fyrir kosningar. Þessu verður að breyta. Margt fleira er okkur í Framfylkingarflokknum ofarlega í huga.

Til þess að fá unga fólkið sem fer suður í nám heim aftur má t.d. lækka eða jafnvel fella alveg niður fasteignagjöld á fyrstu íbúðakaup. Þá er gífurlega mikilvægt að efla nýsköpun í bænum í samvinnu við Háskólann eins og áður hefur verið komið inná. Það mun til lengri tíma litið gera atvinnulífið í bænum eitt hið eftirsóknarverðasta á landinu. Veitum ungu fólki tækifæri í kosningunum í vor, við höfum kraftinn, hugmyndirnar og dugnaðinn! Setjið x við O þann 27. maí, kjósið Framfylkingarflokkinn.

Höfundur skipar 9. sæti á O lista Framfylkingarflokksins í komandi bæjarstjórnarkosningum.

Yfir 150.000 gestir daglega
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

VICTOR HUGO (1802-1885) LÉST ÞENNAN DAG.

„Tískubylgjur hafa valdið meiri skaða en byltingar.“



Franski rithöfundurinn Victor Hugo er af mörgum talinn fremstur meðal jafningja í heimalandi sínu.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 22. MAÍ 1960

Jarðskjálfti skekur Chile

Þennan dag árið 1960 gekk ógnarstór jarðskjálfti yfir suðurhluta Chile. Skjálftinn er sá stærsti sem mælst hefur á jörðinni til þessa dags; 9,5 á Richterskvarða.

Jörðin byrjaði að skjálfa rétt eftir hádegi í Chile og olli miklum skemmdum í suðurhluta landsins, sérstaklega á Valdivia-svæðinu sem skjálftinn hefur síðan stundum verið nefndur eftir. Skjálftinn stóri hafði gert boð á undan sér með jarðskjálftahrinu sem gekk yfir landið dagana á undan og mældust stærstu kippirnir í hrinunni 8 á Richter.

Þrátt fyrir að jarðskjálftinn hafi tekið mörg mannslíf í Chile er talið að jafn margir, í það minnsta, hafi látist af völdum flóðbylgju sem jarðskjálftinn kom af stað. Flóðbylgjan sem lenti á ströndum Chile var margir metrar á hæð og lagði sjávarþorp í rúst. Hún hélt síðan sem leið lá yfir Kyrrahafið og olli eyðileggingu á vesturströnd Bandaríkjanna, við Japansstrendur og á Hawaii, þar sem 61 lét lífið.

Mannfallstölur eru enn á reiki en margir telja að hátt í sex þúsund manns hafi dáið og um þrjú þúsund slasast af völdum skjálftans og flóðbylgjunnar.

MERKISATBURÐIR

1921 Fyrstu hljómsveitartónleikarnir eru haldnir hér á landi. Þar kom fram tuttugu manna sveit undir stjórn Þórarins Guðmundssonar.

1933 Fyrsta bindi af ritsafni Hins íslenska fornritafélags, Egilssaga, kemur út.

1971 Fyrstu orlofshús opinberra starfsmanna eru tekin í notkun í Munaðarnesi.

1972 Richard Nixon kemur í opinbera heimsókn til Moskvu. Undirritaður er samningur á sviði geimrannsókna.

1982 Sjálfstæðisflokkurinn endurheimtir meirihluta sinn í borgarstjórn Reykjavíkur, eftir að hafa misst hann fjórum árum áður.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að neðan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

†

Elsku hjartans sonur okkar, bróðir, mágur, barnabarn og frændi,

Pétur Snær Pétursson
Vallargötu 42,

verður jarðsunginn frá safnaðarheimilinu í Sandgerði miðvikudaginn 24. maí kl. 14.00.

Snæfríður Karlsdóttir
Ari Gylfason
Hrannar Már Pétursson
Guðrún Pétursdóttir
Helgi Pétursson
Helena Sirrý Pétursdóttir
Arna Siv Pétursdóttir
Gréta Frederiksen
og frændsystkini.

Pétur Guðlaugsson
María G. Pálsdóttir
Bjarni Ragnarsson
Karl Einarsson

BYLGJA MJÖLL HELGADÓTTIR MEÐ SVEINSPRÓFSVERKEFNIÐ SITT Áður en Bylgja byrjaði að læra til bakara hafði hún eiginlega aldrei stigið inn í bakarí. Hún fékk þó strax mikinn áhuga á brauðum og kökum og hyggur á frekara nám í greininni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BYLGJA MJÖLL HELGADÓTTIR: LÝKUR SVEINSPRÓFI Í BAKARAIÐN

Ekki bara brauð og snúðar

Útskriftarnemar í Hótel- og matvælaskólanum sýndu í vikunni prófverkefni sín í Menntaskólanum í Kópavogi. Bylgja Mjöll Helgadóttir er einn af útskrifarnemunum en hún lýkur um þessar mundir sveinsprófi í bakaraiðn.

„Ég ákvað eiginlega bara að prófa þetta,“ segir Bylgja spurð um ástæður þess að hún fór að læra að vera bakari. „Ég byrjaði á félagsfræðibraut í Flensborg en var ekki alveg að fíla það. Svo fór ég í MK í grunndeild matvælagreina og þar fengum við að prófa allt: kokkinn, bakarann, þjóninn og kjötvinnsluna. Þar leist mér best á bakarann og ákvað bara að prófa.“ Bylgju leið vel í bakaríinu frá upphafi og fannst gaman að læra að baka. „Ég fékk mikinn áhuga á náminu strax og ég steig inn í bakaríið, þótt ég hefði eiginlega aldrei komið inn í bakarí áður en ég byrjaði.“

Venjulegur vinnudagur bakara hefst snemma morguns en Bylgja segist ekkert kippa sér upp við að vakna á undan öllum öðrum. „Mér finnst þetta bara fínt. Þegar ég var að byrja að læra bakarann setti ég ekki fyrir mig að þurfa að vakna snemma. Áður var ég reyndar ekki morgunmanneskja en svo lærðist þetta bara. Maður þarf bara að skipuleggja sig eftir þessu. Yfirleitt vinn ég frá fjögur til hádegis og reyni kannski að leggja mig aðeins á daginn til að geta notað kvöldin.“

Sveinsprófið byggist á fjögurra ára námi þar sem þrjár annir eru kenndar í Menntaskólanum í Kópavogi og framhaldið inni í bakaríunum. „Í skólanum lærum við auðvitað þetta hefðbundna eins og hráefnafræði, hreinlætisfræði og örverufræði. Líka er farið yfir alla meginþætti námsins sem við lærum svo meira um í bakaríinu. Í mörgum bakaríum er til dæmis ekki verið að vinna mikið með ekta súkkulaði og þá lærum við það alveg í skólanum.“

Bylgja er reyndar svo heppin að í Mosfellsbakarí, þar sem hún vinnur, fær hún þjálfun á mörgum sviðum bakaraiðnarinnar og er meðal annars unnið mikið með súkkulaði. „Mig langar til að læra meira um konditoríið og súkkulaðið og ætla að líta í kringum mig núna þegar ég er búin með sveinsprófið. Mér finnst brauðin líka mjög spennandi því þótt sumum finnist brauð bara vera brauð eru þau mörg mjög ólík.“

Atvinnutækifæri bakara eru mjög góð og segir Bylgja að alltaf sé skortur á góðum bökurum. „Sex nemar voru að taka sveinspróf, sem eru eiginlega allt of fáir. Ég skil eiginlega ekki af hverju eru ekki fleiri að læra þetta. Starfið getur verið mjög skapandi og fjölbreytt því snýst alls ekki bara um að gera brauð og snúða.“

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð, við andlát og útför elskulegrar konu minnar, móður okkar, tengdamóður,ömmu og langömmu,

Báru Björnsdóttir
Hraunhvammi 4, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahlynningar Krabbameinsfélagsins.

Magnús Þórðarson
Björn Magnússon Aðalheiður Reynisdóttir
Guðrún Elín Magnúsdóttir Jan Anton Juncker Nielsen
Þórður Rúnar Magnússon Anna Lárusdóttir
Dagný Emma Magnúsdóttir Hjörtur Kristinsson
ömmubörn og langömmubörn.

AFMÆLI

Arnar Björnsson fréttamaður er 48 ára.

Eva Ásrún Albertsdóttir söngkona er 47 ára.

Sigurður G. Valgeirsson dagskrárgerðarmaður er 52 ára.

SNJÓRINN Á UNDANHALDI Þótt vorið komi senn eiga einhver þorp í Svissnesku Ölpunum eftir að losna undan fannfergi vetrarins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TERRACAN

Terracan DELUXE

- 2900 cc. Turbo Dísel 163 hö.
- Sjálfskiptur
- 32" Arctic Trucks jeppabreyting
- TSC spólvörn
- Sítengt aldrif með læsingu
- ABS með EBD hemlajöfnun
- Tölvustýrð miðstöð
- Samlitun
- Leðuráklæði
- Hiti í sætum
- Topplúga
- Dökkar afturrúður

ARCTIC TRUCKS

STÓRI HM LEIKURINN

Félag íslenskra fótboltaáhugmanna
www.soccer.is

Langar þig að upplifa stærsta íþróttaviðburð í heimi?

Þú kemst í pottinn með því að reynsluaka Hyundai hjá B&L, borða á McDonalds eða fara inn á Icelandair.is

- **4 VIP** miðar á úrslitaleikinn í HM 9.júlí
- **2 miðar** á leik í undanúrslitum
- **2 miðar** á leik í 16-liða úrslitum
- **2 miðar** á leik Brasilíu og Króatíu í F-riðli
- **10** helgarferðir fyrir tvo með Icelandair
- **400** máltíðir frá McDonalds
- **500** Hyundai HM-leðurboltar

HYUNDAI

i'm lovin' it

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006 | HYUNDAI Official Partner

Vertu í sambandi við náttúruna

TERRACAN í ARCTIC TRUCKS útgáfu hlaðinn staðalbúnaði

Kr. 46.948 á mánuði*

Með bílinn handa þér

* Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

Opið

allan ...sólarþríhyrninginn!

10-11 Hjarðarhaga, vesturbæ Reykjavíkur
10-11 Langarima, Grafarvogi
10-11 Engihjalla, Kópavogi
10-11 Staðarbergi, Hafnarfirði
10-11 Lágmúla, Reykjavík

VATIKANIÐ

Nú er sólarhringsverslun 10-11 alltaf opin nálægt þér.
www.10-11.is

10-11 Alltaf opið!

STUÐ MILLI STRÍÐA Leiðarlok

ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON FER FEGINN FRÁ CANNES EN VILL SAMT KOMA AFTUR.

Kvikmyndahátíðin í Cannes er hugarástand og orðið geðveiki skýtur óneitanlega upp kollinum þegar maður ætlar að reyna að færa stemninguna hérna í orð. Þó mest fari fyrir fréttum af Hollywood-stjörnum og keppninni um Gullpálmann er hátíðin í Cannes fyrst og fremst kvikmyndamarkaður og hér ganga myndir, eðalmyndir og rusl í bland, kaupum og sölum. Cannes er því draumur kvikmyndaáhugafólks þar sem úrvalið af myndum í bíó er svo magnað að það er ekki nokkur leið að komast yfir brotabrot af því sem vekur athygli og áhuga. Sjö dagar í Cannes ættu því ekki að þykja mikið en þeir eru miklu meira en nóg fyrir sál og líkama. Áreitið, lætin og upplýsingaflæðið er svo yfirgengilegt að eftir tvo daga hrynur harði diskurinn í hausnum á manni og maður veit ekki neitt. Reyndir Cannes-farar segja mér þó að þetta liggi allt einhvers staðar í kollinum og muni koma í ljós eftir að hausinn hefur verið endurræstur á Íslandi.

Það tók mig fimm daga að fá nóg og byrja að sakna Íslands. Það er nokkuð sem ég hefði fyrir fram talið útilokað þar sem daglegt strit í Reykjavík verður aldrei jafn spennandi og puðið í Cannes. Það er eitthvað ómótstæðilegt við að vinna vinnuna sína í miðju partíi í steikjandi sól. Það er virkilega gaman að detta í blaðamannagírinn við þessar aðstæður og sá eiginleiki minn að geta sleppt því að matast og sofa hefur komið sér vel enda er ekkert svigrúm fyrir þessar frumþarfir þegar maður hleypur um göturnar svitastorkinn í adrenalínæði að missa af fundum með kvikmyndastjörnum eða að verða of seinn í bíó. Þó stressið hafi ótrúlegt næringargildi kemur þó að því að skrokkurinn gefist upp þannig að ég er tilbúinn að komast aftur í daglegu taugaveiklunina heima þar sem maður getur í það minnsta tekið sér hálftíma í mat og vinnudagurinn verður sjaldan lengri en fjórtán tímar. Ég hef því breytt slagorði mínu í Cannes úr „ég sef þegar ég er dauður“ í „ég sef í flugvélinni“.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Överli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

HUNDRUÐ VÖRUTEGUNDA MEÐ ROSALEGUM AFSLÆTTI

ÚTSALA

ALLT AÐ 85% AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL AF SJÓNVÖRPUM MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

JVC GRUNDIG DIBOSS THOMSON Dantax PHILIPS UNITED

25%	80%	15%	43%	20%	28%
HEIMABÍÓSETT	SJÓNAUKI 10x25	42“ PLASMASJÓNV.	STAFRÆN MYNDAVÉL	STAFRÆN TÖKUVÉL	32” LCD SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 19.990	VERÐ ÁÐUR kr. 4.990	VERÐ ÁÐUR kr. 199.990	VERÐ ÁÐUR kr. 34.990	VERÐ ÁÐUR kr. 74.990	VERÐ ÁÐUR kr. 249.990
TILBOÐ kr. 14.990	TILBOÐ kr. 990	TILBOÐ kr. 169.990	TILBOÐ kr. 19.990	TILBOÐ kr. 59.990	TILBOÐ kr. 179.990
AFSLÁTTUR kr. 5.000	AFSLÁTTUR kr. 4.000	AFSLÁTTUR kr. 30.000	AFSLÁTTUR kr. 15.000	AFSLÁTTUR kr. 15.000	AFSLÁTTUR kr. 70.000
AKAI DVD VIDEO	tasco	THOMSON	MINOLTA 6 MEGA PIXEL	JVC 30 GB HARÐUR DISKUR INNBYGGÐUR	JVC DIST DynaPix MYNDTÆKNI

HÁTALARAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI Dantax JBL Infinity

TAKMARKAÐ MAGN ▶ FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

MIKIÐ ÚRVAL AF HLJÓMTÆKJUM FRÁ KR. 5.990 PHILIPS JVC Dantax

▶ ATH: SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2006

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

HUNDRUÐ GIRNILEGRA TILBOÐA Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS

Kl. 10.00
Sýningar Listasafns Reykjavíkur eru opnar frá kl. 10-17 alla daga. Á Kjarvalsstöðum standa yfir sýningar á verkum Josephs Kosuth og hjónanna Ilya og Emilia Kabakov sem unnin voru til minningar um ævintýri H.C. Andersen.

menning

menning@frettabladid.is

Goethe kynnir Pollesch

Á þriðjudagskvöld verður haldin kynning á vegum Goethe-stofnunarinnar á þýska leikstjóranum og leikskáldinu René Pollesch. Í húsnæði leiklistardeildar Listaháskóla Íslands við Sölvhólsgötu 13 verður leikhúsbíó þar sem sýnt verður úr verkum hans en inngangsorð flytja Ragnheiður Skúladóttir og Egill Heiðar Anton Pálsson.
Goethe-stofnunin hefur þegar kynnt leikstjórana Frank Castorf og Christoph Schlingensief með sama hætti en allir þessir leikstjórar eiga það sameiginlegt að hafa starfað mikið í Berlínarborg. René Pollesch fæddist árið 1962 í Friedberg í Þýskalandi og nam leikhúsfræði í Gießen hjá Andrzej Wirth og Hans-Thies Lehmann. Hann tók meðal annars þátt í sýningum Heiner Müller, George Tabori og John Jesurun. Pollesch er einn af merkilegustu pólitísku rithöfundum samtímans og leikstýrir sínum verkum sjálfur en hann hefur unnið fyrir Volksbühne-leikhúsið í Berlín um árabil, meðal annars sem listrænn stjórnandi hliðarleikhússins Prater der Volksbühne frá 2001 og fyrir Berlínar Ensemble.
Dagskráin hefst kl. 20.00 og er öllum opin.

RENÉ POLLESCH Eftirsóttur og umdeildur leikstjóri.

> Ekki missa af...

Vortónleikum Drengjakórs Reykjavíkur í Hallgrímskirkju á uppstigningardag.

Leiksýningunni Viltu finna milljón? í Borgarleikhúsinu. Óborganlegur farsi um 400 milljónir og fólk sem má ekki vamm sitt vita.

Söngsveitinni I Fagiolini sem treður upp á Listahátíð í Reykjavík. Tónleikar í íslensku óperunni hinn 25. maí.

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar
LAU. 27. MAÍ KL. 15 - Aukasýning
LAU. 27. MAÍ KL. 19 - ÖRFÁSÆTI LAUS
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAU. 3. JÚNÍ KL. 22 - Aukasýning
FIM. 8. JÚNÍ KL. 19 - Aukasýning
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - NOKKUR SÆTI LAUS
„Besta söngleikjauppfærsla ársins"
S.S - Fréttablaðið
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
FAGNAÐUR
6. sýn. fim. 25/5 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 26/5 nokkur sæti laus, 8. sýn. lau. 27/5, 9. sýn. sun. 28/5. Aðeins þessar sýningar í vor.
GALDRASKYTTAN
Frumsýning fös. 2/6 örfá sæti laus, mið. 7/6, fös. 9/6, lau. 10/6.
Aðeins þessar 4 sýningar. Samstarfsverkefni Sumaróperunnar, Sinfóníuhljómsveitar æskunnar og Listahátíðar í Reykjavík.
KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9 nokkur sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9.
UMBREYTING - LJÓÐ Á HREYFINGU
Mið. 24/5, fim. 25/5, fös. 26/5, lau. 27/5, sun. 28/5. Brúðuleikhús fyrir fullorðna.
Samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.
LEIKHÚSKJALLARINN
Art, Truth and Politics - Nóbelsræða Harolds Pinter.
Upptaka sýnd í Leikhúskjallaranum að loknum sýningum á Fagnaði.
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ
RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 28/5 kl. 14 UPPS.
SÍÐUSTA SÝNING Í VOR
FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Fi 25/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 UPPS. Su 28/5 kl. 20 UPPS.
Fi 1/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 20 UPPS.
Fö 2/6 kl. 22:30 UPPS. Má 5/6 kl. 20
Þri 6/6 kl. 20 UPPS.
Fö 9/6 kl. 20 UPPS. Fö 9/6 kl. 23
Má 12/6 kl. 20 Þri 13/6 kl. 20
VILTU FINNA MILLJÓN?
Fi 25/5 kl. 20 Fö 26/5 kl. 20
Mi 31/5 kl. 10 UPPS. Fö 2/6 kl. 20
Lau 3/6 kl. 20 Má 5/6 kl. 20
Fi 8/6 kl. 20 UPPS. Fö 9/6 kl. 20
Lau 10/6 kl. 20
HLÁTURHÁTÍÐ
Fi 25/5 kl. 22:30
BANANABIKARINN MIÐAVERÐ 1.000
Leikarar frá Leikfélagi Reykjavíkur og Leikfélagi Akureyrar, keppa í leikhússporti.
Su 28/5 kl. 20:00
HLÁTURNÁMSKEIÐ MIÐAVERÐ 1.000
Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason kenna hláturjóga.
BELGÍSKA KONGÓ
Mi 24/5 kl. 20 UPPS.
SÍÐUSTA SÝNING
NAGLINN
Fi 1/6 kl. 20
SÍÐASTA SÝNING
TENÓRINN
Lau 27/5 kl. 20
SÍÐASTA SÝNING
25 TÍMAR
DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 2006
9 verk verða frumsýnd sem keppa til verðlauna.
Fi 8/6 kl. 20
Teldu mig með. Höf. Ólöf Ingólfsdóttir og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachman.
Elsku bróðir. Höf. Steinunn Ketilsdóttir.
Blind ást. Höf. Rebekka Rán Samper.
Tommi og Jenni. Höf. Elma Backman, Stefán Hallur Stefánsson ogHalldóra Malín Pétursd.
Boðorðin 10. Höf. Marta Nordal.
Guðæri. Höf. Ólafur Darri Ólafsson og Lovísa Ósk Gunnarsdóttir
Dillir dó og Dummi. Höf. Benóný Ægisson.
Shoe size nine months. Höf. Peter Anderson.
Stigma. Höf Andreas Consantinou.
MIÐAVERÐ 2.500. Miðasala hafin.
Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

JÓHANN GUÐMUNDSSON OG AUÐUR STYRKÁRSDÓTTIR Auður tók Jóhanni fagnandi þegar hann kom færandi hendi með nítján innbundnar matreiðslubækur Helgu Jónsdóttur. MYND/ÞÞ

Ótal uppskriftir í bandi

Jóhann Guðmundsson leggur sitt af mörkum til íslenskrar matarmenningar og bindur inn uppskriftir fyrir framtíðina.

„Þetta er búið að taka mig á þriðja ár," segir Jóhann Guðmundsson, sem færði á dögunum Kvennasögusafni Íslands nítján matreiðslubækur eftir Helgu Jónsdóttur að gjöf en hann safnaði bókunum saman og batt þær inn sjálfur. Jóhann segir að allt hafi þetta byrjað á því að hann batt inn Mat og drykk eftir Helgu og í framhaldinu hafi hann byrjað að leita uppi aðrar bækur Helgu. „Samtals hafa komið út 36 bækur eftir Helgu, með endurskoðuðum prentunum," segir Jóhann.

Matarmenningarlegt gildi bóka Helgu er óumdeilt en Jóhann hefur ekki síður áhuga á heimildargildi þeirra í sögulegum skilningi. „Helga var skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands í nítján ár og hafði með bókum sínum mikilvæg áhrif á matarmenningu Íslendinga. Hún var með mjög fjölbreytta kennsluskrá á skólastjórnarárum sínum og lagði mikið upp úr til dæmis sálfræði og háttvísi og var að því leyti langt á undan sínum samtíma. Hún lagði einnig mikið upp úr því að landsnytjarnar, í víðasta skilningi þess orðs, mættu gagnast sem best til heimilishalds."

Jóhann segist vonast til þess að bókagjöfin muni gagnast Kvennasögusafninu sem best. „Helga fæddist árið 1904 og lést 1962 og þegar maður flettir þessum bókum sér maður að starf húsmóður á þessum tíma var flókið og viðamikið. Ætli þetta væri ekki kallað Heimilisrekstur ehf. eða eitthvað álíka í dag. Helga var 58 ára þegar hún lést og hún var vafalaust langt á undan sinni samtíð í skrifum sínum en hún hvetur til dæmis fólk til að borða grænmeti og reynir að benda á hvar hægt sé að nálgast það."

Matur og drykkur er sjálfsagt þekktasta verk Helgu en sjálfur heldur Jóhann mest upp á bókina 160 fiskréttir. „Þetta er eina fiskréttabókin og ég batt hana saman úr slitrum þriggja bóka. Það var heilmikið mál að ná þessu saman og ég ákvað því að láta þessa bók skera sig úr og batt hana í hlíra." Jóhann fór alls konar krókaleiðir í leit sinni að bókum Helgu. „Ég hef keypt allar bækurnar hennar og þurfti stundum að elta þær út á land og hef hringt út um allar trissur og notið hjálpar góðra manna á ýmsum stöðum." Jóhann lærði bókband í Félagsmiðstöð Reykjavíkur undir leiðsögn Hildar Jónsdóttur bókbandsmeistara. „Starfsfólkið þarna hefur reynst mér ákaflega vel og ég kann því öllu bestu þakkir fyrir."

Það er þó ekki af eintómum mataráhuga sem Jóhann réðist í þessa umfangsmiklu bókbandsvinnu en honum er mikið í mun að verk Helgu varðveitist og séu aðgengileg. „Þessar bækur eru búnar að þjóna tveimur til þremur kynslóðum og mér finnst að þær eigi að vera aðgengilegar. Þær bækur Helgu sem eru til á Þjóðarbókhlöðunni eru geymdar niðri í kjallara og það tekur nokkurn tíma að fá að komast til að skoða þær. Þegar ég komst að þessu datt mér Kvennasögusafnið í hug og bækurnar verða framvegis geymdar á skrifstofu safnsins."

- þþ

KALDÁRSEL
sumarbúðir fyrir káta krakka
Skráningarsími
588 8899

LeiSing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

INNSIGLUÐU SAMSTARFSSAMNING Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, og Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, undirrituðu samninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aukið samstarf

Nýlega var skrifað undir samstarfssamning milli Listasafns Reykjavíkur og Icelandair, sem mun veita safninu sérstakan stuðning vegna sýningarinnar Uncertain States of America sem opnuð verður í Hafnarhúsinu síðar á árinu.

Listasafn Reykjavíkur og Icelandair gengu fyrst til formlegs samstarfs árið 2005 og var sá samningur að hluta til endurnýjaður fyrir árið 2006. Þar er kveðið á um stuðning Icelandair við Listasafn Reykjavíkur vegna heimsókna erlendra blaðamanna og niðurgreiðslu á farseðlum vegna ferðalaga listamanna, sýningarstjóra og annarra sem tengjast starfi safnsins.

Á sýningunni í haust munu fjörutíu ungir bandarískir myndlistarmenn taka þátt en þá völdu sýningarstjórar Daniel Birnbaum og Hans Ulrich Obrist úr 1.000 manna hópi bandarískra listamanna. Sýningin markar ákveðin tímamót fyrir safnið en með henni er sleginn nýr tónn sem felur í sér að virkja unga og metnaðarfulla listamenn, innlenda sem erlenda, til að sýna og stýra sýningum í Hafnarhúsinu. Þannig mun sýningin Uncertain States of America koma beint í kjölfar sýningarinnar Pakkhús postulanna þar sem þátttakendurnir verða ungir íslenskir listamenn.

- khh

Fyrirtaks farsi

LEIKLIST

BORGARLEIKHÚSIÐ

Viltu finna milljón

Höf: Ray Cooney/Þýð: Gísli Rúnar Jónsson

Leikarar: Helga Braga Jónsdóttir/Eggert Þorleifsson/Þórhallur Sigurðsson (Laddi)/Marta Nordal/Bergur Þór Ingólfsson/Guðmundur Ólafsson/Gunnar Hansson/Theodór Júlíusson

Leikmynd: Sigurjón Jóhannsson/Búningar: Stefanía Adolfsdóttir/Ljós: Halldór Örn Óskarsson/Leikgervi/Sigríður Rósa Bjarnadóttir/Hljóð: Jakob Tryggvason/Leikstjórn: Þór Tulinius.

Haraldur, lítill karl sem vinnur hjá skattinum, á afmæli. Hann og Ingibjörg eiginkona hans eiga von á vinum sínum, Gretti og Bíbí, í mat. En eitthvað er ekki eins og það á að vera. Ingibjörg er búin að undirbúa boðið vandlega, pena allt og pússa, en Haraldur er seinn fyrir - sem gerist annars aldrei. Það er alltaf allt á réttum tíma hjá þeim hjónum.

Þegar Haraldur loksins kemur, er ljóst að hann hefur lent í einhverju óvenjulegu. Hann er í hálfgerðu áfalli. Í ljós kemur að hann hefur fundið tösku, fulla af peningum. Honum seinkaði vegna þess að hann þurfti að bregða sér inn á krá til að telja peningana og ákveða hvernig hann ætlaði að eyða þeim. Og nú þarf að láta hendur standa fram úr ermum. En áður en Haraldur nær að hrinda áætlunum sínum í framkvæmd, fær hann rannsóknarlögreglumann í heimsókn, þau Bíbí og Grettir koma á tilsettum tíma, leigubílstjóri sem beðið hafði verið um mætir til leiks, sem og lögreglumaður/prestur frá Keflavík sem þarf að tilkynna um meint andlát í fjölskyldunni - og að lokum eigandi peningatöskunnar.

Af stað fer atburðarás, sem hefst á því að Ingibjörg veit ekki hvers vegna rannsóknarlögreglumaðurinn er mættur á svæðið og reynir að ljúga þau hjónin út úr þeirri stöðu sem upp er komin. Smám saman þéttist lygavefurinn - þar til eiginlega allir eru orðnir þátttakendur í honum.

Viltu finna milljón er glettilega vel skrifaður farsi og skemmtilegur. Þýðingin er frábær; orðaleikir vel heppnaðir, sem og staðfærsla. Leikhópurinn er mjög þéttur; hnökrar í leik eru hverfandi. Að öðrum ólöstuðum fara Helga Braga og Eggert á kostum í hlutverkum hjónanna og ég hef ekki áður séð Ladda skila eins góðri vinnu á leiksviði. Tímasetningar og öll tjáning er mjög nákvæm og oftar en ekki drepfyndin.

Leikmyndin er heimili Ingibjargar og Haraldar. Skemmtilega stíllaust heimili, sem er að reyna að vera smart - en myndir á veggjum, hannyrðir frúarinnar, sem og skrauthlutir koma upp um hvað þau eru í raun lummó. Það er eins og ekkert hafi verið valið saman, heldur öllu stillt upp sem hjónin hafa fengið að gjöf. Sömuleiðis eru búningar prýðilega úr garði gerðir, þótt kannski hefði búningur Mörtu mátt vera ögn þægilegri. Hann virðist þvinga hana, svo hún nýtur sín ekki alltaf sem skyldi. Gervi Theódórs var vel gert og brellurnar í sýningunni komu skemmtilega á óvart.

Hér hefur verið haldið um leikstjórnartaumana af mikilli fagmennsku. Viltu finna milljón er einhver best heppnaða farsauppfærsla sem ég hef lengi séð. Hún er gríðarlega öguð, sem gerir það að verkum að húmorinn nýtur sín enn betur en ella. Það er nokkuð víst að sýningin á eftir að ganga og ganga og ganga...

Súsanna Svavarsdóttir



GUÐMUNDUR ODDUR
> SKRIFAR UM SJÓNMENNTIR

Ímyndum okkur!

Fór í Borgarleikhúsið til að horfa á dansverkið „Við erum öll Marlene Dietrich“ eftir Ernu Ómarsdóttur og Emil Hrvatin. Það er svolítið merkilegt fyrir mig að upplifa það á síðustu árum hvað nútímadans er að verða beitt listform. Hélt satt best að segja lengi vel að þetta snérist bara um prinsessur og svani. En öðru nær. Ég hef slysast inn á nokkrar sýningar Íslenska dansflokksins í vetur og orðið vitni að því að eitthvað stórmerkilegt er að gerast í þessari grein. Hafði reyndar séð ýmislegt sérkennilegt í Klink&bank. En þetta Marlene Dietrich verk núna í vikunni var alveg sérstakt. Í því sameinast svo margt. Frábærir flytjendur, öflugt táknmál í líkamsbeitingu, vídeó, lagavali og rokkuðum tónlistarflutningi. Hápunktur verksins var töfrandi flutningur Diederik Peeters á hinu undursamlega ljóði John Lennons „Imagine“, ljóði sem virðist skipta meira og meira máli eftir því sem tíminn líður. Nei, hann söng það ekki - hann flutti það og bætti reyndar heilmiklu við það þarna en það virtist bara batna í túlkun hans. Hreint frábært!

Spegilmyndin
Sýningin fjallaði líka um tilgang listarinnar og samband listamanna og áhorfenda. Í mínum huga skiptast listamenn í tvær megin fylkingar. Sú fyrri keppir oftast að tæknilegri fullkomnun. Þeir eru fyrst og fremst uppteknir af tækni. Geta notað verkfæri og farið með efni oft á snilldarlegan hátt. Þeir geta meira að segja verið hámenntaðir en hættir þá stundum til að vera vandræðalega fræðilegir eins og svo margir raunvísindamenn. Þeirra fagurfræði byggist á spegilmyndinni. Því nær sem komist er að „raunveruleikanum“ þeim raunveruleika sem hægt er að spegla eða mæla því betra. Flottari grafík myndu tölvunördarnir segja. Sjaldnast er þessi tegund hermilistar með göfug markmið. - Markmiðin oftar en ekki afar sjálfhverf. „Sjáiði hvað ég er snjall!“ Svona tæknilega snjall - Þetta er heimspeki gervigreindarinnar - að ná því markmiði að gera kort í einum á móti einum. Fegurðin er afgreidd sem yfirborð og álitamál. Fyrir fólk sem hefur áhuga á einhverju öðru en peningum. Þetta er spegilmyndin. Þar er engin „mission“ í gangi, bara andlaus sýndarmennska og sjálfsupphafning.

Glugginn
Hin tegundin er á „mission“. Þau eru einskonar erindrekar guðanna, listamenn eins og Diederik, Erna Ómars og allt það lið. Eru kyndilberar. Lýsa upp svæðið. Opna fyrir okkur dyr eða glugga og hjálpa okkur að sjá að það er landslag bak við spegilinn, með öðrum orðum svæði innra með okkur miklu merkilegra en yfirborð spegilsins. Einskonar vistarvera sem hefur uppljómast. Þessi tegund listamanna notar ekki bara tæknina heldur líka tilfinningarnar, ímyndunaraflið og innsæið. Er með sannfæringarkraft. Leikur fyrir okkur leik sem sorglega fáir leika. Tilgangurinn er raunveruleg vaka og upplifun, fullþroskun þeirra afla sem liggja óvirk í hjarta okkar. Svona listamenn sjá fyrir sér það sem ekki er sýnilegt. Hafa hugrekki til að framkvæma það sem virðist óframkvæmanlegt. Þessi tegund sköpunargáfunnar er kjarninn í tilverunni - Hann er fær um að framkalla nýjan raunveruleika væntanlega fegurri og betri sem þó er ekki gefið. Veruleika sem hinir sem eru þess ekki megnugir geta farið að spegla og mæla - ekki satt? Það er þetta sem Lennon var að reyna að segja okkur með dægurlaginu „Imagine“. Þeir skipta mestu máli sem nota ímyndunaraflið til göfugra verka, ná einhverri framtíðarsýn og framkvæma. - Er það svo erfitt? Þetta á ekki bara við um listamenn. Þetta á við sköpunarkraftinn í okkur öllum. Við þurfum að gera okkur grein fyrir að það sem við heyrum og sjáum er aðeins lítið brot af því sem við gætum heyrt, séð og vitað. Ótrúlega margir hafa hingað til lifað í fátæklegasta herbergi hugans - hálfgerðu svefnherbergi. Okkur býðst að ganga inn í önnur, guðdómlega falleg, full af raunverulegum fjársjóðum, með gluggum og útsýni til betra lífs. Er það svo erfitt í raun og veru? Að maður tali nú ekki um ef við sameinumst um það.

FAGNAÐUR EFTIR HAROLD PINTER Leikarar Þjóðleikhússins voru hylltir eftir sýningu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

Lífið varð allsherjar listahátíð

Menningarlífið er með miklum blóma um þessar mundir. Listahátíð stendur yfir og teygir anga sína um allar trissur. Áhugasamir unnendur mynd-, tón- og leiklistar hafa vart undan að þeysast milli bæjarhluta og sýslna til þess að missa ekki af þessu menningarlega hlaðborði. Enn er nóg eftir af forvitnilegum viðburðum og von á góðum gestum.

GARRISON KEILLOR ÚTVARPSMAÐUR Vinsælasti útvarpsþáttur Bandaríkjanna var tekinn upp í Þjóðleikhúsinu með íslenskum gestum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

GÆÐINGARNIR OPNUÐU MYNDLISTARSÝNINGU Í NÝLISTASAFNINU Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Ragnar Kjartansson, Hekla Dögg Jónsdóttir og Sara Björnsdóttir fögnuðu í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

OPNUN LISTAHÁTÍÐAR Menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og þingforsetinn Sólveig Pétursdóttir stungu saman nefjum í sögulegu umhverfi Landnámsskálans. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

DORRIT MOUSSAIEFF FORSETAFRÚ Listahátíð var sett hinn 12. maí og sama dag var opnuð sýningin Reykjavík 871 +/-2 í Landnámsskálanum í Aðalstræti. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

LOK[illegible]PGJÖRIÐ

X-MEN

HEIMSFRUMSÝND 26×05×06

VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND. KÓPAVOGI. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 99 KR/SKEYTIÐ.

SMS LEIKUR

SENDU SMS SKEYTIÐ
JA XMV Á NÚMERIÐ
1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ
MIÐA FYRIR TVO!

9. HVER VINNUR!

VINNINGAR ERU:
BÍÓMIÐAR FYRIR TVO
DVD MYNDIR
TÖLVULEIKIR
X_MEN VARNINGUR
OG MARGT FLEIRA!

SJÁÐU MYNDINA!
SPILAÐU LEIKINN!

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

GUNNHILDUR A. GUNNARSDÓTTIR SKRIFAR FRÁ AÞENU

Silvía enn milli tannanna á fólki

Það er hreint ótrúlegt að hugsa til þess hve hratt fiskisagan flýgur í Aþenu þegar Silvía Nótt er annars vegar.
Var á gangi um bæinn fyrir helgi. Hitti tvær grískar stúlkur sem spurðu mig hvort ég hefði heyrt fréttirnar! Silvía Nótt hefði brotið hurð að herbergi hinnar sænsku Carolu á hótelinu sem þær gista á; Divani Caravel? Ég kom af fjöllum og efaðist um sannleiksgildið, en var svo heppin að hitta einn stílista hennar á göngu í miðbænum. Spurði hvort sagan væri sönn. Hann hló og sagði hana ranga. Kom í höllina stuttu síðar þar sem ég hitti hollenskan félaga. Hann spurði mig hvort rétt væri að Silvía Nótt hefði brotið rúðu baksviðs þegar ljóst varð að hún hefði ekki komist upp úr undanúrslitunum í Eurovision? Efaðist enn um að rétt væri. Hitti einn úr íslensku sendinefndinni. Sagan var röng, en þó með örlitlum sannleiksblæ, því þegar Silvíu varð ljóst að hún hefði ekki komist áfram skellti hún hurð að búningsklefanum sínum, sem rumpað hefur verið upp baksviðs. Þil fyrir ofan hurðina brotnaði, enda ekki af dýrustu gerð. Klefi Carolu var við hliðina. Eitthvað var Silvía að banka á dyrnar hjá Carolu. Svona verða kjaftasögurnar til.
Að öðru. Föstudagurinn var rólegur í höllinni fyrir utan uppákomu í sal fjölmiðlamannanna snemma um morguninn. Einhver grísku starfsmannanna skellti klámmynd í tækið sem naut sín á tveimur risaskjám í salnum. Uppi varð fótur og fít og gamanið, ef gaman skyldi kalla, stóð stutt yfir.
Keppendurnir æfðu í sjöunda sinn á sviðinu í gær. Enn vantaði eitthvað upp á hljóðið og rétt eins og starfsfólkið hafi verið eftir sig eftir gríðarlega keyrslu síðustu daga. Ekkert að óttast. Keppnin verður örugglega sögð betri en hinar fimmtíu hingað til.

SILVÍA BAKSVIÐS Í HÖLLINNI Enn umtöluð þó hún hafi fallið úr leik á fimmtudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ROGER WATERS Fyrrum forsprakki Pink Floyd heldur tónleika í Egilshöll 12. júní.

Mason trommar

Staðfest hefur verið að Nick Mason, fyrrverandi trommuleikari Pink Floyd, muni koma til Íslands og spila á tónleikum Roger Waters í Egilshöll 12. júní næstkomandi.

Mason mun spila á seinna hluta tónleikanna; á öllu verkinu Dark Side of the Moon og svo í uppklappslögum.

Heyrst hefur að Roger Waters hafi haft sambandi við bæði David Gilmore og Rick Wright, hina tvo félaga sína úr Pink Floyd, og boðið þeim að spila á nokkrum tónleikum í ferð sinni um Evrópu. Ekki er vitað hvort þeir ætli að slá til og hvort Ísland verði þá viðkomustaður þeirra. Stærsta hljóðkerfi sem hefur verið sett upp á Íslandi verður notað í Egilshöll á tónleikum Waters, þar á meðal fullkomið 360 gráðu víðómakerfi.

Miðasala á tónleikana fer fram á midi.is, í Skífunni og BT á Akureyri og Selfossi.

Fremur engin helgispjöll

Flautuleikarinn Ian Anderson, forsprakki hljómsveitarinnar Jethro Tull, heldur tónleika í Laugardalshöll annað kvöld. *Freyr Bjarnason* átti gott spjall við Anderson, sem þykir aldeilis frábær á tónleikum.

Ian Anderson spilaði síðast hér á landi á Akranesi í byrjun tíunda áratugarins, þá með Jethro Tull. Í þetta skipti kemur hann fram undir eigin nafni og fær sér til aðstoðar Kammersveit Reykjavíku auk þess sem fiðluleikarinn ungi Lucia Micarelli verður honum til halds og trausts.
„Tónleikarnir á Akranesi voru meira tengdir rokki og þungarokki. Núna er ég að spila tónlist sem á vissulega uppruna sinn í rokkinu en er meira órafmögnuð. Ég er „accoustic" tónlistarmaður sem endaði á því að spila í rokkhljómsveit. Bakgrunnur minn er úr klassík, kirkjutónlist, þjóðlagatónlist og fleiru í þeim dúr. Ég hef verið að spila með strengjahljómsveit síðustu fjögur árin þó svo að ég spili enn með Jethro Tull," segir Anderson, sem hljómar afar yfirvegaður í símanum.

Mozart yrði sáttur

Hann lofar fínum tónleikum annað kvöld þar sem allir tónlistarunnendur eigi að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Mun hann spila ýmsa stíla, þar á meðal klassíska tónlist, fönk og djass. Að sjálfsögðu verða sígild Jethro Tull-lög einnig á efnisskránni. „Ég mun spila verk eftir klassíska höfunda. Stundum breyti ég melódíunum aðeins þannig að útkoman verður kannski ekki alveg eins og höfundarnir ætluðu sér upphaflega. Ég held samt að Mozart yrði sáttur við að ég sé að spila tónlist eftir hann og setja hana í nýjan búning. Ég myndi heldur aldrei geta hermt nákvæmlega eftir honum en á móti kemur að ég get gert ýmislegt sem hann hefði ekki getað gert sjálfur," segir Anderson. „Margir myndu telja þetta helgispjöll en mér finnst ekkert rangt við það að spila lögin eins og ég held að þeim hefði fundist skemmtilegt. Mér er í það minnsta sama þó aðrir spili lögin mín."

Á öðrum fæti

Einkennismerki Anderson á tónleikum hefur verið að standa á öðrum fæti á meðan hann spilar á þverflautuna. Hann ætlar sér ekki að svíkja aðdáendur sína í Laugardalshöllinni. „Ég reyni að koma því í gegn á hverjum tónleikum. Á fyrstu vikum Jethro Tull spilaði ég á öðrum fæti og hugsaði þá ekkert frekar um það fyrr en ég las það í blöðunum. Þeir minntust á að þar hefði verið náungi sem spilaði á flautu og stæði á öðrum fæti. Sannleikurinn er reyndar sá að ég spilaði svona á harmonikkuna en ákvað síðan að gera þetta að sérkenni mínu. Fólk býst alltaf við þessu. Ljósmyndararnir fá sínar myndir og eftir það geta þeir farið," segir hann og hlær.

IAN ANDERSON Flautuleikarinn og söngvarinn heldur sína aðra tónleika hér á landi annað kvöld.

Dr. Ian Anderson

Anderson verður í júlí gerður að heiðursdoktor við háskóla í Edinborg í heimalandi hans Skotlandi. Hann segir það mikinn heiður að fá slíka nafnbót en býst ekki við að nota hana opinberlega. „Flest fólk sem er heiðrað af drottningunni hefur vit á því að taka við heiðrinum og nota ekki titilinn. Sumir nota hann samt. Ég sá eitt sinn stórt píanó með ábreiðu með áletruninni Sir Elton John. Ég bara trúi því ekki að hann fari um heiminn með stafina Sir Elton John á píanóinu sína en það lítur út fyrir það. Mér finnst það hálf hallærislegt og ekki við hæfi að nota titilinn sjálfur en það er allt í lagi að fjölmiðlar geri það. Ég myndi til dæmis ekki nota Dr. Ian Anderson því ég gæti til dæmis lent í vandræðum ef ég þyrfti allt í einu að taka á móti barni," segir hann í léttum dúr.

Alltaf ungur á morgnana

Anderson verður sextugur á næsta ári. Eftir áratugi í tónlistarbransanum segist hann mjög þakklátur fyrir stöðu sína í dag. „Í hvert sinn sem ég vakna hugsa ég að ég sé að byrja feril minn og ég trúi því aldrei hvað ég er gamall. Mér finnst ég þá vera að byrja sem tónlistarmaður en um hádegisbilið fatta ég að ég er ekki ungur lengur. Ég reyni því að skipuleggja tónleika og fleira tengt tónlistinni á morgnana. Um hádegið sé ég sjálfan mig síðan í spegli eða glugga og sé það hversu gamall ég er orðinn," segir hann á prakkaralegan hátt. „Það er alltaf ákveðinn léttir að geta vaknað á morgnana því margir af þeim sem ég hef þekkt í gegnum árin eru látnir. Ég tel mig vera heppinn að geta vaknað og gert það sem ég geri."

Saknar Jimi Hendrix

Spurður að því hvaða manneskju hann sakni mest af þeim sem hafa fallið frá nefnir hann bandaríska gítarsnillinginn Jimi Hendrix. „Þó svo að ég hafi ekki þekkt hann náið spiluðum við oft á sömu tónleikum. Á tónlistarhátíðinni Isle of Wight árið 1970 sá ég hann koma af sviðinu þegar ég var að ganga inn á það. Þetta var í síðasta sinn sem fólk sá Jimi því þetta voru síðustu stóru tónleikarnir hans. Það er dálítið leiðinlegt að ég hafi verið þarna og ekki getað gert neitt til að hjálpa honum. Ég sá að hann var óhamingjusamur þegar hann gekk á sviðið. Ég sá hann spila tvö til þrjú lög og vissi þegar honum gekk vel og hvenær ekki. Þarna var hann ekki upp á sitt besta og þetta var í raun vandræðalegt, þannig að ég fór bara. Ég fæ alltaf samviskubit þegar ég hugsa um þetta því maður sér þegar fólki líður ekki vel. Ef Jimi hefði lifað í nokkur ár í viðbót hefði hann getað haldið áfram að spila og gert góðar plötur. Það er alltaf leitt þegar einhver deyr fyrir aldur fram."

MÁNUDAGSSPRENGJA
LÚÐUSNEIÐAR
OG LAXAFLÖK

aðeins 990 kr kg
tilboðið gildir
aðeins í dag

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

Selja myndir af barni sínu

Nú styttist óðum í að Angelina Jolie fæði í heiminn barn sitt og Brads Pitt. Þau skötuhjúin dveljast nú í Namibíu og fjölmiðlar reyna hvað þeir geta til að mynda parið þar í landi. Nýjustu fregnir herma að Brad og Angelina hafi samið við bandarískt dagblað um einkarétt á fyrstu myndum sem teknar verða af barninu. Fyrir það fá þau tæpar 200 milljónir króna

sem þau hyggjast gefa til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

SUMARTILBOÐ

42" HÁSKERPU PLASMA

199.995

Rétt verð 299.995

ELFUNK LT4210HD
42" Háskerpu plasma sjónvarp. Upplausn 1024 X 768. Skerpa 6000:1
Birta 1200 CD/m2. HDMI tengi. PC inngangur 1280 X 768

14" SJÓNVARP MEÐ DVD SPILARA

12.995

Rétt verð 16.995

SCOTT TV 14
14" Sjónvarp með DVD spilara. Textavarp
Tengi að framan leikjatölvur og myndavélar
Spilar öll svæði. Scart tengi
Fullkomin fjarstýring

21" SJÓNVARP MEÐ DVD SPILARA

19.995

Rétt verð 24.995

ELFUNK 2124
21" Sjónvarp með DVD spilara. Textavarp
Tengi að framan leikjatölvur og myndavélar
Spilar öll svæði. Scart tengi. Nicam stereo
Fullkomin fjarstýring

ÞESSI SPILAR ALLT

ELTAX DV153

3.995

Rétt verð 6.995

32" HÁSKERPU LCD

129.995

Rétt verð 169.995

ELFUNK LT3220HD
32" Háskerpu LCD sjónvarp. Upplausn 1366 X 768. Skerpa 1000:1
Birta 550 CD/m2. HDMI tengi. Viðbragðstími 8ms

FERÐA DVD OG LCD

22.995

SCOTT DPXi 78
Ferða DVD spilari með
7" LCD skjá. Spilar:
MP4/DiVX Pro/Xvid
Kortalesari fyrir SD MMC/MS. USB tengi
Innbyggð rafhlaða
Heyrnartól fylgja. Taska fylgir

FERÐA DVD OG LCD

39.995

SCOTT CRX908
Ferða DVD spilari með tveim 7" LCD skjám
Spilar öll kerfi. Spilar: DVD+RW/DVD+R
DVD-RW/DVD-R/JPEG/MP-3/S-VCD
Festingar fyrir hnakkapúða í bíl
Taska og fjarstýring fylgja

KARAOKE DVD SPILARI

Rétt verð 6.995

3.995

MP-3 4X40 WÖTT

SCOTT ARX 98
MP-3 Bíltæki með
geislaspilara
4X40 Wött

7.995

Rétt verð 13.995

DVD HLJÓM TÆKI

9.995

Rétt verð 14.995

SCOTT MDXi 30
Hljómtæki með DVD spilara og útvarpi. Tækið spilar:
MP-4/Xvid/DVD+R/DVD+RW/DVD-R
DVD-RW/JPEG. USB tengi
Progressive Scan

FERÐA GEISLA-SPILARI

995

MP-3 USB TENGI SD KORTA-LESARI

LAVA CRX-8630
Bíltæki með geislaspilara
Spilar MP-3. 4X45 wött
USB tengi. SD kortalesari

12.995

Rétt verð 19.995

DVD/CD HLJÓM TÆKI

Rétt verð 29.995

19.995

SCOTT MDXi 90
Glæsileg hljómtæki með geislaspilara. DVD spilara og útvarpi
Spilar: CD/CD-R/CD-RW/MP-3/DVD/DVD+R/DVD+RW/DVD-R
DVD-RW/MP-4/XVID/JPEG. Útvarp með 40 stöðva minni
USB tengi að framan. KARAOKE kerfi. Magnari 2 x 35 wött RMS
Fullkomin fjarstýring

MP-3 FERÐA TÆKI

3.995

Rétt verð 6.995

MP-3 4X40 WÖTT

LAVA CRM-8410
Bíltæki með geislaspilara
Spilar MP-3. 4X40 wött

9.995

Rétt verð 15.995

www.radio.is

RADÍÓBÆR

ÁRMÚLA 38 • SÍMI 553 1133

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

DA VINCI CODE	kl. 4, 5, 7, 8, 10 og 11 B.I. 14 ÁRA
SÝND Í LÚXUS	kl. 5, 8 og 11 B.I. 14 ÁRA
CRY WOLF	kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA
RAUÐHETTA M/ENSKU TALI	kl. 6, 8 og 10
RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI	kl. 4
ICE AGE 2 M/ENSKU TALI	kl. 6
ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI	kl. 4

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

DA VINCI CODE	kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA
BANDIDAS	kl. 8 og 10 B.I. 10 ÁRA
CRY WOLF	kl. 8 B.I. 16 ÁRA
RAUÐHETTA M/ENSKU TALI	kl. 6
RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI	kl. 6
PRIME	kl. 5.45, 8 og 10.15
THE HILLS HAVE EYES	kl. 10 B.I. 16 ÁRA

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

DA VINCI CODE	kl. 5, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA
SKROLLA & SKELFIR Á SALTKRÁKU	kl. 6
CRY WOLF	kl. 8 B.I. 16 ÁRA

400 kr. í bíó!
Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby · SDDS · THX · BÍÓ.IS – allt á einum stað

FRÉTTIR AF FÓLKI

Rokkarinn Pete Doherty er ekki búinn að gefast upp í baráttunni fyrir því að halda í fyrirsætuna Kate Moss. Pete er harðákveðinn í að sanna að hann geti lifað án eiturlyfja en óvíst er hvort það er nóg því Kate er sögð vera í tygjum við Russell Brand, sem er kynnir á MTV-sjónvarpsstöðinni. Pete varð brjálaður þegar hann heyrði þessi tíðindi en er enn ákveðnari en áður að sanna sig fyrir Kate.

Colin Farrell og Ewan McGregor hafa samþykt að leika í næstu mynd leikstjórans Woody Allen, sem tekin verður upp í London. Þetta verður þriðja mynd Allens sem gerist í London en hinar tvær eru Match Point og Scoop. Allen hafði áformað að gera mynd í París en ekkert varð úr þeim áformum. Tökur á myndinni hefjast í sumar.

Íslandsvinurinn Katie Melua tekur alltaf hjól með sér á tónleikaferðalag svo hún geti skoðað sig um án þess að verða fyrir ónæði. Söngkonan segist elska að kynna sér nýjar borgir á hjólinu og hvetur sem flesta til að taka upp þennan sið. Á næsta ári mun Katie hjóla meðfram Kínamúrnum í þágu góðs málefnis.

Leikkonan Jennifer Garner kveikti næstum því í húsi sínu á dögunum þegar hún skildi eftir steikarpönnu á eldavélinni. Jennfer var að elda handa eiginmanninum Ben Affleck og dótturinni Violet þegar hún gleymdi sér aðeins. Eldvarnarkerfi hússins fór í gang en engan sakaði.

Fyrstu þúsund pizzunum fylgja bíómiðar eða glaðningur tengdur 16 Blocks

Allt 2 lítra gos á 195 kr.

www.dominos.is

Domino's Pizza



HÖRKUGÓÐUR SPENNUTRYLLIR
MEÐ BRUCE WILLIS FRÁ LEIKSTJÓRA
LETHAL WEAPON MYNDANNA

REGNBOGINN · Borgarbíó · LAUGARÁS BÍÓ

Frumsýnd 2. júní

Önnur sólóplata Guðmundar

Guðmundur Jónsson, aðallagasmiður og gítarleikari Sálarinnar hans Jóns míns, sendir frá sér sína aðra sólóplötu í byrjun júní.

Platan heitir Jaml og er númer tvö í þríleik hans sem hófst með plötunni Japl sem kom út fyrir tveimur árum.

Jaml inniheldur tíu ný lög og texta eftir Guðmund, sem í þetta skiptið sér sjálfur um allan hljóðfæraslátt, söng og upptökur, fyrir utan að í einu lagana syngur Magnús Þór Sigmundsson dúett með honum. Fyrsta lagið af plötunni er komið í útvarpsspilun og er það lagið Fyrirgefðu sem ríður á vaðið. „Þetta lag lýsir plötunni ágætlega. Það fjallar um fyrirgefninguna sem slíka og það að við ættum að temja okkur meira í lífinu að gefa hvort öðru. Flestir þekkja manneskju sem ber heift í brjósti og getur ekki losnað við hana," segir Guðmundur."

„Ég var búinn að vera með þessa hugmynd lengi um að gera þríleik sem kallast Japl, Jaml og Fuður, og fannst það bráðsniðugt," bætir Guðmundur við. Hann vill þó ekki meina að plöturnar hafi ákveðið þema. „Ég er fyrst og fremst lagasmiður. Þetta er persónuleg plata og lágstemmd. Í kjölfarið á síðustu plötu fór ég út á land að spila með kassagítar. Það var aldrei planið en ég datt inn á þetta og fannst rosalega gaman," segir hann.

GUÐMUNDUR JÓNSSON Gítarleikari Sálarinnar er að gefa út sína aðra sólóplötu.

„Það var mjög krefjandi og skemmtilegt að gera plötu þar sem útgangspunkturinn væri kassagítar. Fyrri platan var mikið rokk en á þessari leyfi ég mér að nostra aðeins meira við lögin og búa til hljóðheim allt í kring."

Guðmundur byrjaði að vinna við plötuna upp úr áramótum þegar ljóst var að Sálin yrði í fríi þar til seinni partinn í sumar. Spurður segir hann að samstarfið með Magnúsi Þór hafi verið æðislegt. „Ég er búinn að þekkja hann lengi og er mikill aðdáandi hans. Textinn við lagið Ég trúi er útópískur og fjallar um að trúa á ástina. Hann er einn af fáum sem geta sungið þennan texta þannig að maður trúi því. Hann er svo mikill andans maður," segir hann.

Í tilefni af útkomu plötunnar mun Guðmundur fara í tónleikaferð um land allt í júní og júlí. ■

Hasselhoff dæmir

Fyrrum stjarna Baywatch-þáttarins, David Hasselhoff, söngkonan Brandy og breski blaðamaðurinn Piers Morgan verða dómarar í nýjum sjónvarpsþætti frá Simon Cowell.

Þátturinn nefnist America´s Got Talent þar sem söngvarar, dansarar, grínistar og alls kyns skemmtikraftar munu koma fram fyrir framan dómnefndina. Verðlaunafé er ein milljón dollara, rúmar sjötíu milljónir króna. Fyrsti þátturinn hefur göngu sína á NBC-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum í næsta mánuði.

„Það verða þrír dómarar með þrenns konar mismunandi bakgrunna. Þið skulið búast við því óvænta," sagði Cowell, sem er þekktur sem dómari í þættinum American Idol. Hann verður þó ekki í dómarasætinu í þetta skiptið.

Áheyrnarprófum fyrir þáttinn er lokið. Fóru þau meðal annars fram í Los Angeles, New York og Atlanta. ■

HASSELHOFF Fyrrum stjarna þáttarins Baywatch, eða Strandvarða, verður í dómarasæti í nýjum sjónvarpsþætti.

KALDÁRSEL
sumarbúðir fyrir Kátu Krakka
Skráningarsími
588 8899

Hámarks Chili-skammtur!

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Ef það væri hægt að fanga orku Red Hot Chili Peppers í einhverskonar risa batterí þá er ég nokkuð viss um að Alcoa væri ekki að leita til þess að kaupa íslenskar auðlindir til orkuframleiðslu. Þessum piltum yrði bara komið fyrir í miðjunni á einhverskonar kjarnorkuveri og þeim leyft að spila og láta öllum apalátum.

Í edrúmennskunni eru þeir í svo góðri tengingu við sinn æðri mátt að lögin leka úr þeim hraðar en þvag. Niðurstaðan er auðvitað allt, allt, allt of löng plata sem hefði átt að skipta í tvær, ef ekki þrjár, mismunandi útgáfur. Það er heilmikil vinna að hlusta í gegnum Stadium Arcadium. Það er tveggja tíma verk að fara eina umferð, og ég efast um að jafnvel hörðustu aðdáendur eigi nokkurn tímann eftir að hlusta alla leið í gegn án þess að taka sér góða pásu. Þetta er plata sem tekur rúma viku að melta. Ég botna ekkert í svona plötum, því fyrir mér á það að vera unaðsleg tilfinning að renna plötum í gegn. Manni á ekki að líða eins og maður sé á biðstofu heimilislæknis síns að bíða eftir því að fá aflausn.

Þetta er þó hörkuplata. Hér er góður skammtur af öllu því sem gerir RHCP að afbragðs hljómsveit. Stórkostlegur gítar og bassaleikur og stundum fáránlega grípandi lög sem sveitin á eftir að eiga auðvelt að matreiða ofan í þúsundir á tónleikum sínum. Þetta er enn ein sönnun þess að RHCP virkar bara þegar gítarleikarinn John Frusciante er innanborðs. Hann er límið sem heldur sveitinni saman og þessi nýja plata er líklegast stærsti sigur ferils hans. Anthony Kiedis kemur líka mjög á óvart sem textahöfundur. Sniðugur kappi þar á ferð.

Það sem er erfiðast við þessa plötu, fyrir utan lengdina, er hversu einsleit hún er. Hljómur RHCP hefur alla tíð verið mjög sérstakur og ekki fyrir neina aðra sveit að kópera hana. En að sama skapi verður það að viðurkennast að lögin hljóma oft verulega keimlík. Þannig séð var ekki eitt einasta lag á þessari 28 laga plötu sem mér fannst ég ekki hafa heyrt áður. Sveitin gerir heldur engar tilraunir, í öllum þessum lögum, til þess að reyna að róa á ný mið.

Þessi plata á samt eflaust eftir að veita okkur heila „best of" plötu af slögurum. Lög eins og Make You Feel Better, Hey, Dani California, Snow og Tell Me Baby eru öll í sama gæðaflokki og stærstu slagarar sveitarinnar. Ég efast um að nokkrum aðdáanda sveitarinnar eigi eftir að finnast hann vera svikinn af þessari stóru og miklu gjöf. Hún ætti líka að endast aðdáendum í nokkurn tíma. Ég mæli eindregið með því að fólk kynni sér eina plötu í einu og leyfi lögunum að sökkva vel inn áður en haldið er í næsta skammt.

Birgir Örn Steinarsson

RED HOT CHILI PEPPERS: STADIUM ARCADIUM

NIÐURSTAÐA:

Níunda breiðskífa Red Hot Chili Peppers hefur allt sem gerir sveitina að einni vinsælustu sveit heims. Kannski aðeins of mikið af því, því það tekur 2 klukkustundir að hlusta á öll 28 lögin. Skotheldur pakki fyrir aðdáendur og plata sem á eflaust eftir að stækka hlustendahóp sveitarinnar, ef það er þá mögulega hægt.

Viktor Þór vann tvöfalt

Íslenski ökuþórinn Viktor Þór Jensen, sem keyrir í Palmer-Audi formúlunni, sigraði á tveimur fyrstu mótum tímabilsins sem fram fóru í London í gær. Viktor hóf keppni annar frá ráspól en náði forystu strax á fyrsta hring sem hann hélt síðan út allan kappaksturinn. Í síðari keppninni hóf Viktor keppni á ráspól og hafði forystu allan tímann.

sport

sport@frettabladid.is

GRÉTAR SIGFINNUR SIGURÐSSON: FÉKK GULT SPJALD FYRIR AÐ RÍFAST VIÐ SAMHERJA SINN

Stundum er erfitt að temja Breta

Víkingar hafa tapað tveimur fyrstu leikjum sínum í Landsbankadeildinni. Á föstudagskvöld beið liðið ósigur gegn Keflavík á útivelli en furðulegt atvik átti sér stað í leiknum. Varnarmaðurinn Grétar Sigfinnur Sigurðsson og Carl Dickinson fengu báðir að líta gula spjaldið frá Jóhannesi Valgeirssyni dómara eftir rifrildi, en það sem gerir þetta atvik sérstakt er að leikmennirnir eru samherjar hjá Víkingi.

„Þetta var fáránlegt og asnalegt atvik, ég hef aldrei gert neitt þessu líkt áður," sagði Grétar Sigfinnur. „Hann skammaði mig og Höskuld fyrir einhvern misskilning milli okkar. Þessir Bretar eru miklir í skapinu og ég sagði honum að hann ætti ekki að vera að tala svona við okkur en hann hélt alltaf áfram. Þá fór ég til hans og sagði honum að róa sig, þá ýtti hann mér og ég ýtti honum á móti. Það var ekkert meira en það."

Carl Dickinson er enskur miðjumaður sem er nýkominn til Víkinga á lánssamningi frá Stoke. Atvikið átti sér stað á 60. mínútu og fimm mínútum síðar var Dickinson tekinn af velli. „Hann var búinn að vera heitur í leiknum og var að svara mönnum, svo strax eftir að hann fékk þetta gula spjald fór hann í tæklingu og við sáum ekki fram á annað en hann væri að fara að fá rautt spjald. Þá tók Maggi hann af velli, það var ekkert verið að refsa honum fyrir atvikið milli okkar," sagði Grétar.

Eftir leikinn töluðu Grétar og Dickinson lengi saman og er allt í góðu milli þeirra núna. „Hann er mjög fínn strákur og það er ekkert vont á milli okkar. Hann er samt óneitanlega svakalegur skaphundur og það er stundum erfitt að temja þessa Breta, þeir vilja ekki láta segja sér fyrir verkum og kunna stundum ekki að hlusta," sagði Grétar.

> Fylkir vildi Markús Mána

Fylkismenn hafa að mestu gefið upp vonina á að Markús Máni Michaelsson spili með liðinu á næstu leiktíð en félagið átti í viðræðum við landsliðsmanninn um tíma. Að sögn Sigmundar Lárussonar, formanns meistaraflokksráðs félagsins, er afar ólíklegt að Markús Máni komi til Íslands en hann var hugsaður sem arftaki Heimis Arnar Árnasonar, sem er á leið til Danmerkur. Fylkismenn munu halda öllum öðrum leikmönnum sínum fyrir næstu leiktíð og segir Sigmundur að félagið hafi hug á því að styrkja hópinn með 3-4 leikmönnum til viðbótar. „Við erum með nokkra í sigtinu hér heima og erum einnig byrjaðir að skoða erlenda leikmenn af mikilli alvöru," sagði Sigmundur við Fréttablaðið.

LANDSBANKADEILDIN

Það þarf að stöðva svona fótboltabullur í fæðingu

Nokkrir stuðningsmenn Grindavíkur brutu stóla og auglýsingaskilti á Fylkisvellinum eftir leik liðsins við Fylki á föstudagskvöld. Fylkismenn hafa áhyggjur af vaxandi ólátum áhorfenda. KSÍ lítur svona mál alvarlegum augum.

FÓTBOLTI Nokkrir stuðningsmanna Grindavíkur gengu berserksgang á Fylkisvelli á föstudag eftir að Grindavík hafði beðið lægri hlut fyrir heimamönnum í Fylki í leik liðanna í Landsbankadeildinni. Stuðningsmennirnir voru mjög ósáttir við dómara leiksins og reyndu eftir fremsta megni að komast að honum eftir að leik lauk. Gæslumenn Fylkis á leiknum þurftu að hafa sig alla við til að hindra stuðningsmennina í að komast að dómaranum en í staðinn létu þeir reiði sína bitna á nokkrum stólum í stúkunni auk þess sem þeir brutu tvö auglýsingaspjöld.

Lögreglan tók skýrslu af forráðamönnum Fylkis eftir að leik lauk og tók myndir af skemmdarverkunum. Að sögn Arnar Hafsteinssonar, framkvæmdastjóra Fylkis, mun félagið senda bréf til KSÍ þar sem greint verður formlega frá uppákomunni á föstudag.

„Þetta eru óverulegar skemmdir sem um er að ræða en það er aðallega þessi framkoma sem við erum ósattir við. Svona rugl þarf að stöðva í fæðingu. Það eru bara fótboltabullur sem haga sér svona," sagði Örn.

Svo virðist sem stuðningsmenn liða í Landsbankadeildinni komi nokkuð heitir undan vetri því í fyrstu tveimur umferðum deildarinnar hafa þrjú atvik sem fela í sér ólæti áhorfenda komið upp. Í leik KR og FH í Frostaskjólinu fyrir viku síðan var aðskotahlutum kastað að lukkudýri KR-inga og í viðureign ÍA og KR á laugardag mátti ekki miklu muna að upp úr syði á milli stuðningsmanna liðanna eftir að nokkrir áhangendur KR höfðu kveikt á blysum. Notkun blysa er með öllu óheimil á knattspyrnuleikjum hvarvetna í Evrópu.

SKEMMDARVERK Svona lítur eitt sætið á Fylkisvellinum út eftir meðferð eins stuðningsmanna Grindavíkur á því á föstudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, hafði ekki heyrt af málinu á Árbæjarvelli þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær, en hann sagði að slík mál réðust að miklu leyti af skýrslum eftirlitsmanna á leiknum, sem berast venjulega ekki fyrr en nokkrum dögum eftir leik. Geir sagði engu að síður að KSÍ liti mál sem tengdust ólátum áhorfenda mjög alvarlegum augum. Refsiramminn í slíkum málum nær allt frá áminningu, sektum og jafnvel heimaleikjabanni, að sögn Geirs.

„Það er áhyggjuefni ef áhorfendur haga sér ekki vel á leikjunum en ég held að við séum ekki farnir að kljást við bullur ennþá," sagði Geir.

vignir@frettabladid.is

ÍSLENSKUR SIGUR Í DIGRANESI Íslenska kvennalandsliðið í blaki gerði sér lítið fyrir og sigraði í fyrsta riðli undankeppni Evrópumóts smáþjóða sem haldinn var í íþróttahúsinu í Digranesi um helgina. Íslenska liðið vann alla þrjá leiki sína í keppninni og sýndi gríðarlegan karakter í úrslitaleiknum gegn Kýpur í gær. Kýpverjar náðu 2-0 forystu en með mikilli baráttu náðu íslensku stelpurnar að jafna metin og tryggja síðan 3-2 sigur með 15-8 sigri í oddalotunni. Með sigrinum tryggði liðið sér sæti í lokakeppni Evrópumótsins sem fram fer í Skotlandi á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Rauða spjaldið hjá Bjarka:

Þórður í marki ÍA gegn FH

FÓTBOLTI Bjarki Guðmundsson, markvörður ÍA, fékk rautt spjald fyrir olnbogaskot í leiknum gegn KR í Landsbankadeildinni á laugardag. Hann verður því í banni þegar Skagamenn heimsækja FH á fimmtudaginn en þeir þurfa nauðsynlega að fara að ná sér í stig í mótinu.

ÞÓRÐUR ÞÓRÐARSON

Varamarkvörðurinn Páll Gísli Jónsson er enn að jafna sig eftir speglun og því mun reynsluboltinn Þórður Þórðarson að öllum líkindum standa í marki ÍA gegn FH. „Það stefnir allt í það, þetta var kannski ekki alveg það sem maður vonaði en svona er þetta bara. Ég er ekki í neinni þjálfun en ég held að það verði ekki mikið mál að hoppa inn og taka eins og einn leik," sagði Þórður .

Í byrjun sumars í fyrra hætti Þórður sem leikmaður ÍA vegna veikinda en hann er nú aðstoðarmaður Ólafs Þórðarsonar hjá félaginu og sér um markmannsþjálfun. Hann lýsti því yfir fyrir stuttu að hann ætlaði að vera til taks meðan Páll Gísli væri að jafna sig af meiðslum. „Mér líst vel á leikinn gegn FH, ég held að þetta verði bara þrælgaman. Ég vona samt að þetta verði eini leikurinn í sumar sem ég þarf að stökkva inn í," sagði Þórður en svo gæti farið að Bjarki fengi tveggja leikja bann og þá verður Þórður einnig í markinu gegn Val. - egm

FORMÚLAN Brátt mun þessi sjón blasa við okkur í Reykjanesbæ. NORDICPHOTOS/AFP

Kappakstur á Reykjanesi:

Alvöru braut byggð á Íslandi

KAPPAKSTUR Byrjað verður að smíða kappakstursbraut í Reykjanesbæ í sumar en þetta var formlega kynnt í bænum á laugardaginn. Brautarsvæðið verður byggt í áföngum en fullbúin verður brautin 4,2 km að lengd. Gert er ráð fyrir hóteli, veitingahúsum, kvikmyndahúsi, skemmtistað og ýmsu fleira í kringum svæðið. Erlendir aðilar fjármagna verkefnið en yfirhönnuður er Clive Bowen.

Reykjanesbær mun á næstunni fara vandlega yfir framtíðarhorfur þessa gríðarstóra verkefnis en markmið brautarinnar er að skapa vettvang á heimsmælikvarðafyrir kappakstur, stuðla að auknum ferðamannastraum og búa til svæði fyrir öðruvísi viðskiptaumhverfi. Akstursleiðin að Bláa lóninu liggur framhjá brautarstæðinu og af þeim sökum verður reist þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn við brautina. - egm

ÚR SPORTINU

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson hafnaði í 45.-49. sæti á áskorendamóti sem fram fór í Belgíu um helgina. Birgir Leifur lék fjóra hringina á pari en sigurvegarinn, Toni Karjalainen frá Finnlandi, lék samtals á fjórtán höggum undir pari.

Evrópumeistarar Ciudad Real, með landsliðsfyrirliðann Ólaf Stefánsson innanborðs, vann góðan sigur á erkifjendunum í Barcelona í spænsku úrvalsdeildinni í handbolta á laugardag, 33-27. Ólafur átti góðan leik og skoraði fimm mörk. Þrátt fyrir tapið er Barcelona efst með 52 stig en Portland San Antonio er í öðru sæti tveimur stigum á eftir. Tvær umferðir eru eftir af spænsku deildinni en Ciudad Real á ekki möguleika á titlinum. Þá skoraði Einar Örn Jónsson fimm mörk fyrir Torrevieja sem sigraði Cantebra, 29-33.

Kolding stendur vel að vígi í baráttunni um danska meistaratitilinn í handbolta en liðið gerði 26-26 jafntefli við GOG í fyrri úrslitaleik liðanna sem fram fór á heimavelli síðarnefnda liðsins á laugardag. Liðin mætast í Kolding á morgun en heimamenn tapa mjög sjaldan þar. Kolding á titil að verja en GOG vann deildarkeppnina í ár með miklum yfirburðum.

Markús Máni Michaelsson og félagar hans í Düsseldorf höfðu mikla yfirburði gegn Grosswallstadt í viðureign liðanna í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gær. Düsseldorf sigraði, 26-18, og náði Markús Máni að skora eitt mark. Einar Hólmgeirsson var markahæstur hjá Grosswallstadt með fimm mörk en Alexander Petterson skoraði tvö mörk úr vítaskotum.

Danska handboltaliðið Viborg varð á laugardag Evrópumeistari kvenna þrátt fyrir að hafa tapað fyrir Ljublana frá Slóveníu á heimavelli sínum, 20-21. Viborg hafði unnið fyrri leikinn 24-22 og hafði því betur í einvíginu samanlagt. Þetta er þriðja árið í röð sem danskt félagslið sigrar í Evrópukeppninni, en síðustu tvö ár hefur Slagelse borið sigur úr býtum.

Utandeildarliðið Vængir Júpíters gerði sér lítið fyrir og lagði 2. deildarlið Reyni Sandgerði að velli í 64-liða úrslitum VISA-bikars karla í fótbolta. Vængir sigruðu 2-1 þar sem sigurmarkið kom í viðbótartíma en þeir höfnuðu í 2. sæti í utandeildinni á síðustu leiktíð en Reynir vann þá 3. deildina með nokkrum yfirburðum.

Brasilíski sóknarmaðurinn Ronaldo segist stefna á að verða markahæsti leikmaður HM frá upphafi. Til þess þarf Ronaldo að skora þrjú mörk í Þýskalandi í sumar, en þá yrði heildarmarkafjöldi hans á HM fimmtán mörk. Gerd Müller frá Þýskalandi er markahæsti leikmaðurinn í sögu HM með fjórtán mörk. „Mitt aðalmarkmið er að vinna HM en ég stefni líka á að bæta met Müllers," sagði Ronaldo.



BJÖRGUM BORGINNI

„UNGIR SJALFSTÆÐISMENN TELJA OPINBERA STYRKI TIL MENNTAMÁLA EKKI EIGA RÉTT Á SÉR OG VILJA AFNEMA ÞÁ MEÐ ÖLLU."*

*ORÐRÉTT ÚR NÝSAMÞYKKTRI STEFNU UNGRA SJÁLFSTÆÐISMANNA

X-S | UNGT SAMFYLKINGARFÓLK

EINAR LOGI VIGNISSON GERIR UPP TÍMABILIÐ Á SPÁNI OG ÍTALÍU

Spánn í sigurvímu en Ítalía í sjokki

Það er heldur ólík stemningin þessa dagana í höfuðlöndum suðrænnar knattspyrnu, Spáni og Ítalíu. Spánverjar fagna því ákaft að spænsk lið hafi sigrað í báðum Evrópukeppnunum á meðan Ítalir naga neglurnar af angist vegna hneykslismála sem gætu haft hrikaleg áhrif á fjölmörg lið. Nær allir knattspyrnuáhugamenn í löndunum fylgja þessum skapsveiflum, ekki einungis aðdáendur þeirra liða sem í hlut eiga. Þannig fer vellíðunarstraumur um alla spænska, jafnvel aðdáendur Real Madrid, því þessi góði árangur staðfestir stöðu Primera Liga sem allra sterkustu deildar í Evrópu enn eitt árið. Spænska deildin hefur á þessum fyrsta áratug nýrrar aldar tekið þá stöðu sem ítalska deildin naut á síðasta áratug. Ógæfu Ítalíu verður hins vegar allt að vopni, deildin hefur ekki verið svipur hjá sjón undanfarin ár og hneykslismálin eru dropinn sem fyllir mælinn. Botninum er náð og Ítalir verða að horfa í augu við þá staðreynd að eitthvað róttækt verður að gera.

Moggiopoli

Ítalir kalla skandalinn Moggiopoli, sett saman úr nafni Moggi og Napólí þar sem rannsóknin hófst. Fjölmiðlar eru fullir af fréttum um málið á hverjum degi og birta langar skýrslur úr dómsölum, frá yfirheyrslum og orðrétt símtöl sem voru hleruð. Það er afskaplega erfitt að ná utan um málið, það teygir anga sína víða og margt er heldur smásmyglislegt. Harka færðist í leikinn í vikunni, rannsóknarnefnd á vegum þingsins hefur verið skipuð og fjármálalögreglan réðst inn á heimili Moggi, Ibrahimovic og Cannavaro. Það hversu málið er víðfeðmt skapar yfirvöldum mikinn vanda. Hættan er sú að svo margir séu flæktir í eitthvað misjafnt að mönnum fallist hendur og einhvers konar „þjóðarsátt“ verði um að dæma ekki liðin niður um deild. Þannig er ljóst að Juventus, Milan, Lazio og Fiorentina verða ekki send niður öll á einu bretti. Annað vandamál er fordæmið sem harðneskjuleg meðferðin á Genóa skapar. Genóa var dæmt alla leið niður í Serie C og auðvitað ætti Juventus að fá sömu meðferð. Enginn talar þó um nema Serie B því vitað er að lengra verður ekki gengið.

Nóg um hneyksli og að boltanum í vetur. Juventus hafði örugga forystu allan veturinn eins og í fyrra. Liðið hefur verið í fyrsta sæti í heil tvö tímabil, eða 76 leiki, og hefur Fabio Capello verið duglegur að benda á þessa staðreynd og spyrja hvort menn trúi því virkilega að liðið hafi þurft á aðstoð dómara að halda við að ná þessum frábæra árangri. Juve lék stórvel í haust en átti hrapallegan lokakafla og AC Milan var farið að narta í hælana á því. Enginn leikmaður þessara liða skaraði fram úr, liðsheild Juve var sterk og leikmenn AC Milan voru allir brokkgengir eins og liðið í heild. Fiorentina og Roma voru skemmtilegustu liðin og skörtuðu bestu leikmönnum ársins. Francesco Totti reif sína menn áfram í ellefu leikja sigurlotu áður en hann meiddist og Luca Toni skoraði fleiri mörk en nokkur hefur afrekað í meira en hálfa öld. Toni er af flestum talinn leikmaður ársins og er ég sammála því vali en ég hef tekið saman lið ársins í suðrænu deildunum og hafði til hliðsjónar einkunnagjafir helstu dagblaða og val þeirra sparkspekinga sem ég hef mestar mætur á.

Leikmaður ársins: Luca Toni
Lið ársins: Peruzzi (Lazio), Cannavaro (Juventus), Grosso (Palermo), Zaccardo (Palermo), Kaladze (Milan), De Rossi (Roma), Totti (Roma), Emerson (Juventus), Del Piero (Juve), Suazo (Cagliari), Toni (Fiorentina).

Börsungar bestir

Ronaldinho var kóngurinn á Spáni í vetur og er óumdeildur leikmaður ársins. David Villa hjá Valencia kom mest á óvart og var markahæstur ásamt Samuel Eto‘o. Osasuna var spútniklið vetrarins og nældi sér í sæti í Meistaradeildinni á markamun á kostnað Sevilla sem galt fyrir lélega byrjun leiktíðar. Sevilla huggaði sig við sigur í Evrópukeppni félagsliða og hrakfarir sveitunga sinna í Real Betis sem brugðust liða mest. Börsungar eru fyrirferðarmiklir í liði ársins, enda með langbesta liðið. Taka verður það bessaleyfi að bæta við tólfta manninum, ofurvaramanninum Henke Larsson.

Leikmaður ársins: Ronaldinho.
Lið ársins: Pinto (Celta Vigo), Alves (Sevilla), Puyol (Barca), Marquez (Barca), Pernía (Getafe), Riquelme (Villarreal), Senna (Villarreal), Deco (Barca), Ronaldinho (Barca), Villa (Valencia) og Eto‘o (Barca).

ÓTRÚLEGUR ÁRANGUR Watford var spáð falli úr 1. deildinni síðasta haust en liðið blés svo sannarlega á allar hrakspár. Liðið spilar í ensku úrvalsdeildinni á næsta tímabili.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Úrslitaleikurinn um sæti í ensku úrvalsdeildinni:

Öruggt hjá Watford

FÓTBOLTI Watford bættist í gær í hóp Reading og Sheffield United sem liðin sem unnu sér sæti í ensku úrvalsdeildinni á næstu leiktíð. Watford sigraði Leeds með sannfærandi hætti á Þúsaldarvellinum í Cardiff í gær, 3-0, en flestir eru á því að sjaldan hafi úrslitin verið eins óvænt. Mörk frá Jay DeMerit og Darius Henderson og slysalegt sjálfsmark frá markverðinum Neil Sullivan skildu á milli liðanna í gær en Watford mætti mun ákveðnarra til leiks og átti sigurinn skilinn.

Watford var alls ekki spáð góðu gengi í 1. deildinni í ár og gengu sumir svo langt að spá liðinu falli niður í 2. deild. Liðið missti tvo af sínum bestu mönnum, Íslendinganna Heiðar Helguson og Brynjar Björn Gunnarsson, og fékk litla spámenn í staðinn en þjálfarinn Adrian Boothroyd vann kraftaverk með þann hóp sem hann hafði í höndunum og uppsker nú laun erfiðsins.

„Við vorum mjög sigurvissir enda sjálfstraustið í herbúðum liðsins engu líkt. Boothroyd er snillingur í að búa okkur undir mikilvæga leiki og það skildi á milli í dag,“ sagði Gavin Mahon, leikmaður Watford, eftir leikinn.

Hinn árlegi úrslitaleikur um laust sæti í úrvalsdeildinni er oft nefndur stærsti og mikilvægasti leikurinn í fótboltaheiminum sökum þess gríðarlega fjárhagslega ávinnings sem felst í því að spila í efstu deild í stað þeirrar næstefstu í Englandi. Talið er að Leeds hafi orðið af fjörutíu milljónum punda með tapinu í gær, eða um sex milljörðum króna.

„Þetta er ótrúlegt. Ég vissi alltaf að þetta yrði okkar dagur. Ég trúi varla að við höfum afrekað að komast upp,“ sagði Boothroyd í leikslok. **- vig**

BORGARBÚAR ÞÖKKUM VAXANDI STUÐNING
Margréti í borgarstjórn!

2 sæti
Margrét K. Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri og varaborgarfulltrúi

✓ Forgangsröðun til fólksins
✓ Flugvöllinn áfram
✓ Lifi Laugavegurinn
✓ Betri strætó
✓ Meira íbúalýðræði
✓ Verndum náttúrna
✓ Eflum þekkingariðnað

FRJÁLSLYNDIR OG ÓHÁÐIR XF

ÁFRAM Thierry Henry hyggst ljúka ferlinum hjá Arsenal. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Spænsku risarnir vildu Henry:

Arsenal neitaði risatilboðum

FÓTBOLTI David Dein, stjórnarmaður hjá Arsenal, sagði í gær að félagið hefði hafnað tveimur risatilboðum sem hljóðuðu upp á fimmtíu milljónir punda í franska sóknarmanninn Thierry Henry. Á föstudag skrifaði Henry undir nýjan fjögurra ára samning við Arsenal en ef félagið hefði tekið tilboðum í leikmanninn hefði hann orðið dýrasti leikmaður heims og slegið 47 milljón punda metsölu Zinedine Zidane.

„Skilaboð okkar voru skýr, hann er ekki til sölu. Hann hefur frábær áhrif á þá efnilegu leikmenn sem við höfum, við erum með þrjá táninga sem eru að fara að spila á HM. Hvað geta mörg félög sagt það?“ sagði Dein en hann sagði að bæði tilboðin hefðu komið frá spænskum liðum. „Það þarf engan sérfræðing til að sjá hvaða lið það eru,“ sagði Dein, sem var klárlega að tala um Barcelona og Real Madrid. - egm

Frakkinn Sebastien Loeb:

Á sigurbraut

RALL Sebastien Loeb frá Frakklandi vann sitt fimmta rall í röð í heimsmeistarakeppninni í gær en þá vann hann með yfirburðum í Ítalíurallinu. Loeb er heimsmeistari í rallakstri en hann ekur Citroën og varð 2,41 mínútu á undan hinum finnska Mikko Hirvonen á Ford sem varð í öðru sæti. Daniel Sordo frá Spáni vann síðan bronsverðlaunin en hann ekur á Citroën.

Loeb hefur 66 stig eftir sjö keppnir og er langefstur í heildarstigakeppninni. Í tveimur fyrstu keppnunum hafnaði hann í öðru sæti en hefur síðan unnið fimm mót í röð. Finninn Marcus Grönholm er sem fyrr í öðru sæti í heildarstigakeppninni en hann er með 35 stig. - egm

NOTA HÖFUÐIÐ Er farinn að láta peningana stjórna sér. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Roberto Carlos:

Borgið betur eða ég fer annað

FÓTBOLTI Brasilíski bakvörðurinn Roberto Carlos hefur sett forráðamönnum Real Madrid einfalda en skýra afarkosti – annað hvort borga þeir honum betur eða hann fer í annað félag. Carlos greindi frá því í viðtali við The Sun í Englandi að Chelsea hefði boðið honum tveggja ára samning sem fæli í sér mun betri launakjör en þau sem hann hefur hjá spænska stórveldinu.

„Ég hef ekkert á móti því að vera áfram hjá Real en ég hef fengið gott tilboð frá Chelsea og einnig félögum í Katar og Sameinuðu arabísku Furstadæmunum. Ef Real kemur með jafngott tilboð mun ég vera áfram,“ sagði Carlos en hann viðurkennir að ferill sinn kunni brátt að vera enda.

„Ég er 33 ára og á ekki mikið eftir sem fótboltamaður. Ég verð að setja sjálfan mig og fjölskylduna í fyrsta sætið og sjá til þess að ég fái sem mesta peninga.“ - vig

Enskir fjölmiðlar halda áfram að fjalla um framtíð landsliðsfyrirliða Íslands:

Skipt á Eiði og van Nistelrooy?

FÓTBOLTI Enska pressan heldur áfram að velta fyrir sér framtíð Eiðs Smára Guðjohnsen hjá Chelsea en News of the World þykist hafa heimildir fyrir því að Chelsea vilji fá Ruud van Nistelrooy frá Manchester United og sé reiðubúið að láta Eið Smára á Old Trafford í staðinn.

Blaðið er reyndar ekki þekkt fyrir áreiðanleika en það kveðst engu að síður hafa heimildir fyrir því að Peter Kenyon, stjórnarmaður hjá Chelsea, hafi fundað með umboðsmanni van Nistelrooy í síðustu vikum og þar hafi náðst samkomulag um samning hollenska sóknarmannsins.

Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, hefur sagt að hann sé reiðubúinn að selja Eið þó hann hafi mikið álit á honum. Reikna má með talverðum breytingum á sóknarlínu Chelsea á næsta tímabili þar sem liðið hefur mikinn áhuga á úkraínska sóknarmanninum Andriy Shevchenko en hans mál ættu að skýrast síðar í vikunni. Didier Drogba vill fara frá Chelsea og hefur verið talað um skipti á honum og Shevchenko.

Auk Manchester United hefur Eiður verið orðaður við Newcastle United, Tottenham og Blackburn svo einhver lið séu nefnd. Reiknað er með að Sir Alex Ferguson vilji ekki selja van Nistelrooy í annað lið á Englandi en hann sé líklegur til að skipta um skoðun ef hann geti fengið Eið Smára í sínar raðir. Framtíð van Nistelrooy á Old Trafford er í mikilli óvissu en eins og kunnugt er rauk hann burt í fússi fyrir einn af lokaleikjum United í ensku úrvalsdeildinni. Ferguson lét hafa eftir sér að van Nistelrooy hefði neikvæð áhrif á liðsandann innan félagsins. - egm

TIL MANCHESTER UNITED? Eiður Smári er á leið til Manchester United í skiptum fyrir Ruud van Nistelrooy, samkvæmt News of the World. NORDICPHOTOS/AFPI

INNKAUPAKORT VISA

- Innkaupakort VISA er ókeypis kreditkort.
- Ekkert stofngjald, árgjald eða seðilgjald.
- Kortið er ætlað í rekstrarinnkaup og kemur í stað beiðna- og reikningsviðskipta.
- Auðveldar innkaup og bætir yfirsýn.
- Úttektartímabil er almanaksmánuður.
- Gjalddagi er 25. næsta mánaðar.
- Lengri greiðslufrestur.

Hægt er að sækja um Innkaupakort VISA á www.visa.is og hjá öllum bönkum og sparisjóðum.

Nýr dagur – ný tækifæri VISA

Valur 0-2 FH

Laugardalsvöllur, áhorf: 1146 Kristinn Jakobsson (7)

0–1 Ármann Smári Björnsson (32.)
0–2 Freyr Bjarnason (79.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	8–12 (5–6)
Varin skot	Kjartan 4 – Daði 4
Horn	5–3
Aukaspyrnur fengnar	19–19
Rangstöður	2–1

VALUR 4–4–2		FH 4–3–3	
Kjartan Sturluson	4	Daði Lárusson	7
Birkir Már	6	Guðmundur Sæv.	6
Valur Fannar	5	***Ármann Smári**	**9**
Atli Sveinn	5	Tommy Nielsen	8
Steinþór Gísla.	4	Freyr Bjarnason	8
Matthías Guðm.	7	Ásgeir Gunnar	7
Sigurbjörn	6	(84. Baldur Bett	-)
Pálmi Rafn	4	Davíð Þór	6
(63. Baldur Ingimar	4)	Sigurvin Ólafs.	7
Ari Freyr	5	Ólafur Páll	5
Guðmundur Ben.	6	(61. Atli Viðar	5)
(63. Barry Smith	6)	Allan Dyring	6
Jakob Spansberg	6	(79. Matthías	-)
		Tryggvi Guðmunds.	7

**Maður leiksins*

STAÐAN Í LANDSBANKADEILDINNI

1. FH	2	2	0	0	5-0	6
2. BREIÐABLIK	**2**	**2**	**0**	**0**	**6-2**	**6**
3. FYLKIR	2	2	0	0	4-1	6
4. GRINDAVÍK	**2**	**1**	**0**	**1**	**4-4**	**3**
5. KEFLAVÍK	2	1	0	1	3-3	3
6. ÍBV	**2**	**1**	**0**	**1**	**3-5**	**3**
7. KR	2	1	0	1	2-4	3
8. ÍA	**2**	**0**	**0**	**2**	**3-5**	**0**
9. VALUR	2	0	0	2	1-4	0
10. VÍKINGUR	**2**	**0**	**0**	**2**	**1-4**	**0**

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

1. deild karla:

VÍKINGUR Ó. - ÞRÓTTUR 2-3
0-1 Magnús Már Lúðvíksson (1), 0-2 Þórhallur Hinriksson (5.), 1-2 Kevin Fotheringham, víti (55.), 2-2 Helgi Reynir Guðmundsson (68.), 2-3 Haukur Páll Sigurðsson (83.).

HK-KA 4-1
0-1 Hreinn Hringsson (33.), 1-1 Ólafur V. Júlíusson (45.), 2-1 Jón Þ. Stefánsson (64.), 3-1 Jón Þ. Stefánsson (75.), 4-1 Ólafur V. Júlíusson (86.).

ÞÓR-STJARNAN 1-1
0-1 Daníel Laxdal (69.), 1-1 Ibra Jagne (90.).

FH-ingar ógnarsterkir

Íslandsmeistarar FH virðast mæta gríðarlega þéttir undan vetri og í gærkvöldi unnu þeir mjög góðan sigur á Valsmönnum í Laugardalnum, 2-0. FH-ingar gáfu fá færi á sér en nýttu sín eigin færi aftur á móti mjög vel.

FÓTBOLTI Það var kalt í veðri í gær þegar Valsmenn tóku á móti Íslandsmeisturum FH í sínum fyrsta heimaleik á Laugardalsvellinum. Það var ekkert sem kom á óvart í liðsuppstillingu FH-inga en hjá Valsmönnum var hinn danski Jakob Spangsberg kominn í byrjunarliðið og einnig Steinþór Gíslason. Baldur Aðalsteinsson og Garðar Gunnlaugsson voru hins vegar settir á varamannabekkinn.

Fyrri hálfleikurinn einkenndist af mikilli baráttu, Valsmenn voru hættulegri í byrjun leiks en FH-ingar náðu að spila sig inn í leikinn. Þegar tæpur hálftími var liðinn átti Ólafur Páll Snorrason ágætis skot sem Kjartan Sturluson átti þó ekki í vandræðum með að verja og skömmu síðar komst FH yfir. Valur Fannar Gíslason braut á Davíð Viðarssyni úti vinstra megin og dæmd aukaspyrna. Tryggvi Guðmundsson tók spyrnuna, sem rataði beint á hinn stóra og stæðilega Ármann Smára Björnsson sem náði hörkuskalla á markið. Kjartan Sturluson var í boltanum en náði þó ekki að koma í veg fyrir að hann færi inn. Ármann átti hörkugóðan leik í vörninni hjá FH, stóð vaktina vel og náði að auki að skora þetta fína mark.

Valsmenn pressuðu nokkuð stíft á lokamínútum fyrri hálfleiks og mikil hætta skapaðist eftir fyrirgjafir Guðmundar Benediktssonar, meðal annars bjargaði Tommy Nielsen einu sinni á marklínu og kom í veg fyrir að gestirnir næðu að jafna rétt fyrir hálfleik. Í síðari hálfleik náðu Valsmenn lítið að ógna marki FH enda var vörnin hjá gestunum mjög sterk. Ekki var mikið um opin marktækifæri en þegar rúmar tíu mínútur voru eftir náðu FH-ingar að skora sitt annað mark og þar með var sigurinn nánast innsiglaður. Aftur kom markið eftir góða aukaspyrnu frá Tryggva en í þetta sinn skoraði Freyr Bjarnason, hann lét finna fyrir sér í teignum og náði að leggja boltann snyrtilega í hornið. Eftir þetta mark fjaraði leikurinn út í rólegheitum, Valsmenn voru búnir að gefa upp vonina og eftir þennan leik er hlutskipti liðanna ólíkt.

HINGAÐ OG EKKI LENGRA Valur Fannar Gíslason tekur hér harkalega á Davíð Þór Viðarssyni og ekki ber á öðru en að um aukaspyrnu sé að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Það er ekki hægt að byrja mótið betur. Mínir menn eru duglegir og alls staðar á vellinum eru menn að leggja sig fram. Það fór kannski ekki mikið fyrir áferðarfallegum fótbolta en í þessum leik voru þrjú stig í boði og við náðum að hirða þau," sagði Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, eftir leikinn.

Eftir góða byrjun mætir FH liði Skagamanna í næsta leik nú í vikunni. „Það er alltaf gaman að spila við Akurnesinga. Þar er alltaf hart barist og þeir eru með sterkt lið," sagði Ólafur. **- egm**

Ármann Smári Björnsson:

Gaman að vera að spila á fullu

FÓTBOLTI Ármann Smári Björnsson er augljóslega að finna sitt gamla form en hann átti frábæran leik í gær í vörn FH gegn sínum gömlu félögum. „Það er gaman að vera farinn að spila á fullu. Við spiluðum ekkert sérstaklega vel núna en við unnum og það er það sem skiptir máli. Við skoruðum tvö góð mörk úr föstum leikatriðum, sem við höfum ekki verið þekktir fyrir, og það er jákvætt. Auk þess hélt vörnin hreinu og því er ekki annað hægt en að vera virkilega sáttur," sagði Ármann Smári við Fréttablaðið eftir leik.

„Það er ekki slæmt að byrja mótið á tveimur góðum útisigrum, gegn sterkum liðum KR og Vals. Það er markmið okkar að vinna alla leiki sem við förum í og vonandi tekst það." **- egm**

Norski fótboltinn:

Veigar Páll var bjargvættur

FÓTBOLTI Veigar Páll Gunnarsson var hetja Stabæk gegn Lillestrøm í leik liðanna í norsku úrvalsdeildinni í gær þegar hann skoraði jöfnunarmark á síðustu mínútu leiksins úr vítaspyrnu. Lokatölur urðu 2-2 og lagði Veigar Páll upp fyrra markið.

Kristján Örn Sigurðsson og Ólafur Örn Bjarnason voru báðir í liði Brann sem hélt sigurgöngu sinni áfram með sigri á Odd Grenland, 1-3, og er efst í deildinni ásamt Lillestrøm. Stefán Gíslason lék með Lyn sem tapaði fyrir Rosenborg, 1-2, og þá lék hinn ungi Birkir Bjarnason síðari hálfleikinn fyrir Viking sem gerði 0-0 jafntefli við Tromsö. **- vig**

Á hvað ert þú að hlusta?

Aðeins á Tónlist.is!

NYLON

Tónlist.is í samstarfi við
Beliver Music ætla að bjóða þér að
vera fyrstur í heiminum að eignast
Losing a Friend með Nylon

believer
believer music group

LAGIÐ 99 kr



TONLIST.IS

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„When it gets hot like this, you know what I do? I keep my undies in the icebox!"

Svar: The Seven Year Itch frá 1955

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á AMERICAN IDOL OG LÉT SÉR LEIÐAST

Ekkert kemur á óvart lengur

Áhugi minn fyrir American Idol-keppninni fer ört dvínandi. Keppnin hefur verið haldin í þó nokkur ár í Bandaríkjunum við miklar vinsældir. Ekki veit ég hvort vinsældirnar hafa eitthvað dvínað þar í landi en alltaf þegar Idol birtist á mínum sjónvarpsskjá veit ég að mín bíður ekki sama skemmtun og hér áður fyrr. Þá fylgist maður spenntur með öllum keppendum og þekkti þá með nafni, rétt eins og um góða vini hafi verið að ræða.

Núna er öldin önnur. Ég þekki engan lengur með nafni og er nokkuð sama hvernig þeir standa sig. Dómararnir með Simon Cowell í fararbroddi eru löngu orðnir þreyttir því þeir segja alltaf sömu hlutina aftur og aftur. Ekkert kemur lengur á óvart í ummælum þeirra og ekkert kemur heldur á óvart í lagavali keppenda. Sömu lummurnar þátt eftir þátt og þegar þeir syngja allir saman í hóp verður alltaf væmið lag fyrir valinu.

Enn sem komið er hef ég áhuga á hinu íslenska Idoli en ég held samt að þátturinn eigi ekki mörg ár eftir. Reyndar gekk hann í endurnýjun lífdaga með komu nýrra dómara. Komu þeir með ferskan blæ inn í seríuna, sem bráðvantar úti í Bandaríkjunum. Cowell virðist vera að drepa hugmynd sína hægt og bítandi. Kannski er þetta bara allt þaulskipulagt hjá honum því nýverið bárust fregnir af því að hann væri að fara af stað með nýjan þátt þar sem alls konar hæfileikafólk keppir um eina milljón dollara. Þann þátt væri ég til í að sjá en Idolið ameríska er búið og dautt.

SIMON COWELL Höfundur American Idol er orðinn þreyttur í dómarasætinu.

20.30 *Gaman*

SVONA VAR ÞAÐ

20.50 *Drama*

HUFF

21.00 *Raunveruleiki*

AMERICAN IDOL

20.00 *Drama*

THE O.C.

7.00 *Dægurmál*

ÍSLAND Í BÍTIÐ

SJÓNVARPIÐ

14.30 HM í íshokkí **16.35** Helgarsportið **16.50** Fótboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Myndasafnið **18.01** Alda og Bára (3:26) **18.06** Bú! (14:26) **18.16** Lubbi læknir (12:52)

18.30 **Heimskautalíf (6:6)** (Serious Artic) Bresk þáttaröð um ferðalag átta unglinga á Norðurpólinn.
19.00 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.35 **Kastljós**
▶ **20.30** **Svona var það** (That 70's Show) Bandarísk gamanþáttaröð.
21.05 **Svört tónlist (3:6)** (Soul Deep: The Story of Black Popular Music) Breskur heimildarmyndaflokkur um sögu dægurlagatónlistar blökkumanna.
22.00 **Tíufréttir**
22.25 **Lífsháski (42:49)** (Lost II) Meðal leikenda eru Naveen Andrews, Emilie de Ravin, Matthew Fox, Jorge Garcia, Maggie Grace, Dominic Monaghan og Josh Holloway. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

23.10 Út og suður **23.35** Kastljós **0.30** Dagskrárlok

2

6.58 Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Veggfóður

12.00 Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** Oliver Beene **13.55** My Cousin Vinny **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

18.30 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.00 **Ísland í dag**
19.40 **Strákarnir**
20.05 **Grey's Anatomy (28:36)** (Læknalíf) Grey's Anatomy er vinsælasti nýi þátturinn í Bandaríkjunum í dag.
▶ **20.50** **Huff (13:13)** Fjölskylda og vinir Huffs fá alvarlegar áhyggjur af geðheilsu hans eftir að hann tekur að hegða sér á stórundarlegan máta. Á meðan verður Russell að gera upp við sig hvort hann sé tilbúinn að verða faðir. Bönnuð börnum.
21.50 **The Apprentice – Martha Stewart (11:14)** (Lærlingurinn – Martha Stewart)
22.35 **Ganga stjörnurnar aftur?** Í kvöld er leitað að anda James Dean.

23.20 Meistarinn **0.05** Prison Break (B. börnum) **0.50** Medium (9:22) **1.35** Deeply (B. börnum) **3.15** Bandits (B. börnum) **5.15** Fréttir og Ísland í dag **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

18.30 **Fréttir NFS**
19.00 **Ísland í dag**
19.30 **Fashion Television** Í þessum frægu þáttum fær þú að sjá allt það heitasta og nýjasta í tískuheiminum í dag. Á síðustu 20 árum hefur enginn annar þáttur kynnt nýjustu tískuna jafn glæsilega og Fashion Television hefur gert.
20.00 **Friends (7:23)** (Vinir)
20.30 **Jake in Progress (1:13)** (Krísustjórinn) (Pilot) Nýr bandarískur grínþáttur um ungan og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York.
▶ **21.00** **American Idol (38:41)**
21.50 **American Idol (39:41)**
22.40 **Smalleville (1:22)** (Arrival)

23.25 Tívolí **23.55** Friends (7:23) (e)

SKJÁREINN

7.15 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Fasteignasjónvarpið (e)

15.50 Game tíví (e) **16.20** One Tree Hill (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

19.00 **Frasier – 1. þáttaröð**
19.30 **Courting Alex (e)** Að beiðni Bill, verður Alex að sannfæra kráareiganda að selja húsnæðið sitt svo að mikilvægur viðskiptavinur geti látið byggja skýjakljúf.
▶ **20.00** **The O.C.** Cohen, Cooper og Nicholfjölskyldurnar eru í forgrunni ásamt Ryan Atwood, upprennandi vandræðagemlingi, sem villist inn í þennan heim og breytir lífi íbúa í Orange County svo um munar.
21.00 **Survivor: Panama – Tvöfaldur úrslitaþáttur** Í þessari 12. þáttaröð af Survivor verður haldið á ægifagrar slóðir.
22.50 **C.S.I.**

23.45 Jay Leno **0.30** Boston Legal (e) **1.20** Wanted (e) **2.05** Frasier (e) **2.30** Óstöðvandi tónlist

NFS

▶ **7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** 5fréttir **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður

19.40 **Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson fer yfir fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
20.10 **Silfur Egils** Umræðuþáttur í umsjá Egils Helgasonar.
21.00 **Fréttir**
21.10 **60 Minutes**
22.00 **Fréttir** Fréttir og veður
22.30 **Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson fer yfir fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

23.15 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Eight Legged Freaks (Bönnuð börnum) **8.00** Bróðir minn Ljónshjarta **10.00** The Burbs **12.00** Daddy Day Care **14.00** Bróðir minn Ljónshjarta **16.00** The Burbs **18.00** Daddy Day Care **20.00** **Eight Legged Freaks** (Áttfætlurnar ógurlegu) Ógnvekjandi gamanmynd. Uppnám er í litlum námubæ því efnaúrgangur hefur komið af stað atburðarás sem enginn getur stöðvað. Bönnuð börnum. **22.00** **Soul Assassin** (Sálumorðinginn) Spennumynd með Skeet Ulrich og Kristy Swanson um ungan efnilegan fjárfesti sem fær draumastöðuhækkunina. En maðkur er í mysunni því hann er ekki lengi að átta sig á að búið er að flækja hann í stórhættulega svikamyllu. Str. b. börnum. **0.00** High Noon (B. börnum) **2.00** The Dangerous Lives of Alter Boys (B. börnum) **4.00** Soul Assassin (Str. b. börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News Weekend **13.00** Reese Witherspoon: Hollywood's Golden Girl **14.00** The E! True Hollywood Story **16.00** Eva Longoria: The Interview with Ryan Seacrest **17.00** Superstar Money Gone Bad **17.30** Gastineau Girls **18.00** E! News Weekend **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **21.00** 10 Ways **21.30** Number One Single **22.00** Gastineau Girls **22.30** Gastineau Girls **23.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **0.00** 10 Ways **0.30** Number One Single **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** 101 Craziest TV Moments

AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Leiðin á HM 2006 **Sýn** kl. 18.30

Fyrir fótboltaunnendur

Á Sýn í kvöld er þátturinn Leiðin á HM 2006 á dagskrá klukkan 18.30. Þátturinn er sniðinn fyrir fótboltaáhugamennina og hin besta upphitun fyrir annasama fótboltavertíð framundan. Í hverjum þætti eru tekin fyrir fjögur lið sem munu taka þátt í heimsmeistaramótinu í knattspyrnu í næsta mánuði en fjallað verður um öll liðin. Rakin verður leið landsliðanna í gegnum riðlakeppnina. Hér hafa því áhugamenn um heimsmeistaramótið tækifæri til að kynnast liðunum og því formi sem þau eru í áður en keppnin sjálf hefst.

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

				1		9	4	
				4		2		7
			9			5		1
4					3		6	
		8				3		
	9		7					5
9		5			7			
1		7		8				
	4	3		6				

Lausn á gátu gærdagsins

4	2	6	9	3	5	1	7	8
5	8	1	7	6	2	9	4	3
7	9	3	4	8	1	6	5	2
3	7	8	6	5	4	2	1	9
1	6	2	8	7	9	5	3	4
9	4	5	2	1	3	7	8	6
2	5	4	1	9	8	3	6	7
8	1	7	3	2	6	4	9	5
6	3	9	5	4	7	8	2	1

LEIÐIN Á HM 2006

▶ **18.30** *Knattspyrna*

Sýn besta sætið

14.10 Landsbankadeildin 2006 (Valur – FH) **16.00** NBA úrslitakeppnin **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

▶ **18.30 Leiðin á HM 2006** (Destination Germany) Heimsmeistaramótið í knattspyrnu fer fram í Þýskalandi næsta sumar og verða allir leikir í beinni útsendingu á Sýn. Í Destination Germany er fjallað um liðin sem taka þátt í mótinu og leið þeirra í gegnum riðlakeppnina. Fjögur lið eru tekin fyrir hverjum þætti.
19.00 Enski boltinn (Leeds – Watford)
20.45 Kraftasport (Íslandsmótið í kraftlyftingum)
21.20 HM 2002 (Þýskaland – Suður-Kórea)

23.05 HM 2002 (Brasilía – Tyrkland)

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.05 Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd

12.03 Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **15.03** Andi Andalúsíu **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Söngvamál **21.00** Kjarkur, von og söngur **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Listahátíð í Reykjavík 2006

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

12.03 Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

18.00 Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Músík með Heiðu Eríks **20.30** Konsert á Airwaves-hátíðinni **22.10** Saga Pink Floyd

BYLGJAN FM 98,9

7.00 Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SUMARHÚSAEIGENDUR - FELLIHÝSAEIGENDUR ATH!
NÚ STANDA YFIR
DÝNUDAGAR!!!

HEILSURÚM
með tvöföldu fjaðrakerfi
Verð frá: **kr. 29.520**
20% Afsláttur

Stærðir:
70 x 200 cm.
80 x 200 cm.
90 x 200 cm.
100 x 200 cm.
120 x 200 cm.
140 x 200 cm.
160 x 200 cm.
180 x 200 cm.

YFIRDÝNUR gera rúmið þitt notalegra 20% Afsláttur

EGGJABAKKADÝNUR
Verma og mýkja
Allar stærðir
30% Afsláttur

SPRINGDÝNUR
Verð frá: **kr. 9.520**
20% Afsláttur

Stærðir: 70 x 200 cm. 120 x 200 cm.
80 x 200 cm. 140 x 200 cm.
90 x 200 cm. 160 x 200 cm.
100 x 200 cm. 180 x 200 cm.

SÉRSKORINN SVAMPUR
20% Afsláttur

SVAMPDÝNUR EFTIR MÁLI 20% Afsláttur

KODDAR OG SÆNGUR
20% Afsláttur

SVEFNSÓFAR
20-40% Afsláttur

LYSTADÚN Marco

ÞAR SEM FAGMENNSKA OG FJÖLBREYTNI FARA SAMAN

Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-15
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, s: 471 2954

HRÓSIÐ

... fær Sigmar Guðmundsson fyrir skemmtilega lýsingu frá Eurovision-kepninni í Aþenu.

SÉRFRÆÐINGURINN SÉRA ÞÓRHALLUR HEIMISSON OG DA VINCI-LYKILLINN

Þunglamaleg en vel gerð mynd

Nýverið var frumsýnd hér á landi kvikmyndin Da Vinci-lykillinn sem er byggð á samnefndri bók Bandaríkjamannsins Dan Brown.
Myndin, rétt eins og bókin, hefur verið afar umdeild og hafa margir trúarhópar hvatt almenning til að sniðganga hana vegna meints guðlasts.
Séra Þórhallur Heimisson, prestur í Hafnarfjarðarkirkju, hefur haldið vel sótt námskeið um Da Vinci-lykilinn, bæði hér heima og í Svíþjóð, og telst því til sérfræðinga í þessu vinsæla umfjöllunarefni.
Þórhallur er að sjálfsögðu búinn að sjá myndina og segir hana vel gerða þótt hún sé dálítið þunglamaleg. Honum finnst viðbrögð öfgafullra trúarhópa vera allt of mikil og ýkt. „Þeir taka þessa mynd alltof alvarlega og bókstaflega. Þetta er nú bara kvikmynd og skáldskapur. Í myndinni er reynt að draga úr að þetta sé stór sannleikur og þar líta menn ekki það þannig að þetta sé árás á kristna trú. Það á heldur aldrei að brenna bækur. Þótt maður sé á móti þeim á maður aldrei að brenna þær, heldur á maður að rökræða þær," segir Þórhallur. Hann segist ekki hafa vitað við hverju hann átti að búast þegar hann fór á myndina í bíó. „Bókin er ítarlegri en myndin fylgir bókinni mjög vel. Hún er samt dálítið kaldranaleg. Aðalpersónurnar Langdon og Sophie eru fallegt fólk sem er ekki einu sinni pínulítið skotið hvort í öðru þrátt fyrir að vera svona mikið ein á báti. Þetta eru dálítið tilfinningalausir karakterar en þetta er vel gerð mynd og hefur marga góða spretti," segir hann.

Á uppstigningardag, hinn 25. maí, verður Þórhallur með kvöldvöku klukkan 21.00 í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju þar sem hann dregur helstu þætti námskeiða sinna um Da Vinci-lykilinn í eins klukkutíma kvöldstund. Húsið er opið fyrir alla og er aðgangur ókeypis.

- fb

SÉRA ÞÓRHALLUR HEIMISSON Séra Þórhallur undrast viðbrögð öfgafullra trúarhópa við kvikmyndinni Da Vinci-lykillinn.



LÁRÉTT
2 sigtun **6** frá **8** forsögn **9** þrep í stiga **11** fyrir hönd **12** rusl **14** veldis **16** berist til **17** skammstöfun **18** for **20** samtök **21** slabb.

LÓÐRÉTT
1 ensk mælieining **3** klaki **4** reyna **5** lík **7** sviptur **10** mánuður **13** sjáðu **15** hjartaáfall **16** hryggur **19** guð.

LAUSN

LÁRÉTT: **2** sjun, **6** af, **8** spá, **9** rim, **11** pr, **12** drasl, **14** ríkis, **16** bt, **17** ofl, **18** aur, **20** aa, **21** krap.
LÓÐRÉTT: **1** yard, **3** ís, **4** upplifa, **5** nár, **7** firtur, **10** maí, **13** sko, **15** slag, **16** bak, **19** ra.

VEISTU SVARIÐ?

1. Lordi.
2. Runólfur Birgisson.
3. Svartfjallalands.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

ÞORVALDUR DAVÍÐ KRISTJÁNSSON: LEIKUR AÐALHLUTVERKIÐ Í FOOTLOOSE

Stífar dansæfingar á hverjum degi

Æfingar eru nú í fullum gangi á söngleiknum „Footlose" sem 3sagas setur upp en söngleikurinn er byggður á samnefndri kvikmynd eftir Dean Pithcford sem kom út árið 1984. Aðalhlutverkin eru í höndum Höllu Vilhjálmsdóttur og Þorvalds Davíðs Kristjánssonar en það er Unnur Ösp Stefánsdóttir sem sér um leikstjórnina. „Mér líst bara afar vel á hópinn," segir Þorvaldur Davíð, sem leikur aðalpersónuna Aron, ungan mann sem flytur frá stórborginni í smábæ þar sem dans hefur verið bannaður með lögum um árabil. Söngleikurinn Footloose verður sýndur í Borgarleikhúsinu í sumar og virðist hafa alla burði til að verða sumarsmellurinn í ár.

Þorvaldur Davíð hefur annars alið manninn í leiklistardeild Listaháskólans í vetur en hann byrjaði nám í skólanum síðasta haust. „Veturinn hefur verið mjög krefjandi og lærdómsríkur," segir Þorvaldur Davíð, sem fær lítið sumarfrí í sumar því áætlað er að söngleikurinn fari á fjalirnar 29. júní. Halla Vilhjálmsdóttir, sem leikur aðalkvenhlutverkið á móti Þorvaldi, þykir ein af allra efnilegustu leikkonum okkar Íslendinga um þessar mundir. Hún lauk leiklistarnámi í London á síðasta ári og lék í Túskildingsóperunni og Hafinu bláa í vetur við afar góðan orðstír. Halla hefur auk þess komið fram í fjölda auglýsinga og þykir hörkugóð söngkona. Stífar dansæfingar eru nú á hverjum degi hjá hópnum fram að frumsýningu en að sögn Þorvaldar verða dansatriðin í sýningunni mjög flott.

Aðspurður að því hvort hann sé dansfimur að eðlisfari svarar hann að hann geti alveg hreyft sig og fari alveg á dansgólf skemmtistaðanna þegar stemningin bjóði upp á það. „Lagið Senorita með Justin Timberlake er mjög danslegt og fær mig oftast á gólfið," segir hinn kynþokkafulli Þorvaldur Davíð, sem ætti að gleðja ófáar ungmeyjarnar með danssporum sínum í Footloose í sumar.

HALLA VILHJÁLMSDÓTTIR Þykir ein af eftirtektarverðari ungu leikkonunum á Íslandi í dag. Hún leikur í Footloose í sumar.



FOOTLOSE Á FJALIRNAR Þorvaldur Davíð er einn af aðalleikurunum í Footlose-söngleiknum sem settur verður upp í sumar.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Spurningin „why do you love Iceland?" sem Auðunn Blöndal skaut að Tom Hanks á The Da Vinci Code blaðamannafundinum í Cannes í síðustu viku hefur vakið nokkra athygli í Cannes og þegar Auðunn tók viðtal við leikkonuna Penelope Cruz fyrir Strákana á Stöð 2 spurði hún hann sérstaklega að því hvort hann væri maðurinn sem bar upp þessa furðulegu spurningu. Spurning Auðuns vakti einnig athygli heimspressunnar og innkomu Auðuns er meðal annars getið í Washington Post en erlendir miðlar telja spurninguna hafa verið þá klikkuðustu sem borin var fram á annars undarlegum fundi. Auðunn hefur verið iðinn við kolann í Cannes og hefur meðal annarra rætt við Jamie Foxx og sjálfan Bruce Willis. Foxx lék á als oddi þegar Auðun talaði við hann og kunni vel að meta tilbreytinguna sem fólst í sérstakri viðtalstækni stráksins. Bruce Willis var hins vegar með stjörnustæla, var almennt kuldalegur við blaðamenn og nennti ekki að taka þátt í neinu gríni. Strákarnir, Auðunn og Ofur Hugi, fljúga heim til Íslands í dag þannig að viðtölin sem þeir tóku í Cannes munu birtast í þætti þeirra á næstu dögum.

Kvikmyndaframleiðandinn Sigurjón Sighvatsson er staddur í Cannes meðal annars til þess að kynna heimildarmynd sína Zidane, un portrait du XXIe siècle sem verður sýnd á hátíðinni í dag. Myndin hefur þegar vakið mikla athygli og mun fá umfangsmikla dreifingu í Frakklandi enda eru Frakkar yfir sig hrifnir af sínum manni. Aðstandendur kvikmyndahátíðarinnar lögðu því hart að Sigurjóni að mæta með kappann á hátíðina. Zidane er hins vegar upptekinn þessa dagana og kominn í æfingabúðir og því ekki vinnandi vegur að fá hann til þess að koma. Hefði það gengið eftir hefði Sigurjón fengið að sýna myndina á besta tíma á laugardaginn en fjarvera hetjunnar varð til þess að fyrsta sýningin færðist framyfir helgi.

Finnur frumkvöðlaanda á RÚV

„Ég er búin að vera hérna í nokkrar vikur og líst afar vel á. Fyrir fram hefði ég búist við því að þetta fyrirtæki væri eins og gömul risaeðla en maður finnur strax hvað það er mikill frumkvöðlaandi hér inni," segir sjónvarpskonan Brynja Þorgeirsdóttir. Eins og kunnugt er færði Brynja sig fyrir skemmstu yfir til Sjónvarpsins þar sem hún verður með hestaþáttinn Kóngur um stund í sumar.

„Þetta verða tólf þættir sem við gerum í sumar og þeir verða með svipuðu sniði og í fyrra, nema að við reynum auðvitað að gera betur," segir Brynja. Fyrsti þátturinn verður sýndur 12. júní næstkomandi. Brynja vinnur þættina með Konráð Pálmasyni og þau eru þegar byrjuð að taka upp efni. Upptökur fara fram í allt sumar og verður sérstaklega stílað inn á þá viðburði sem hestamenn sækja á sumrin. Brynja segist ekki vita hvað taki við hjá henni þegar hún hefur lokið við gerð hestaþáttanna. Hún er alls ekki viss um að hún muni starfa á fréttastofu Sjónvarps eins og talað var um þegar hún hóf störf á RÚV: „Það er alveg óákveðið hvað ég geri í haust."

- hdm

BRYNJA OG KONRÁÐ Eru byrjuð að taka upp efni fyrir hestaþáttinn Kóngur um stund. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

HER & NÚ / SÍA / LJÓSMYND KRISTJÁN LOGA

4x4xleikfangabíll

Fullbúinn CR-V með lipurð og rými fyrir þig, þína
og allt sem fylgir á Honda góðu verði.

honda.is

Fjórhjóladrifinn Honda CR-V er bíllinn með rýmið og drifgetuna fyrir þig, þína og allt dótið á leikvöllinn. Áreiðanlegur, aflmikill og tæknibúinn kemur hann þér leikandi létt í gegnum leiðangra þína – innanbæjar sem utan. ABS hemlar ásamt vali um spólvörn, skrikvörn og loftpúðagardínur eru meðal þess sem tryggir öryggi og aksturseiginleika eins og best verður á kosið. **Tryggðu þér Honda CR-V því þegar lífið er leikur þarftu bíl sem leikur með.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bílavík, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

BAKÞANKAR

ÞRÁINS BERTELSSONAR

Hart rokk og hallelúja!

Þátttaka Íslands í Söngvakeppni Evrópu að þessu sinni varð því miður ekki nema einnar nætur gaman. Sú ávísun sem Silvía okkar ætlaði að innleysa í Gleðibanka Evrópu kom beint í hausinn á útgefanda aftur. Ungæðislegt grín sem smám saman breyttist í örvæntingarfull fíflalæti gerði litla lukku meðan léttþungarokkuð skrímsli og uppvakningar frá Þúsund vatna landinu slógu í gegn með góðlátlegum húmor og grípandi laglínu.

FINNAR hafa ekki hingað til riðið feitum hrossum frá Evróvisjónkeppni en Lordi-tröllin með hart rokk og hallelúja-söng frá ættjörð Síbelíusar komu, sáu og sigruðu með stinningshvassri hljómkviðu og feyktu hvítklæddum meyjum og sykursætum drengjum út úr sjónsviði áhorfenda.

SAMKEPPNI um athygli og vinsældir er orðin býsna hörð. Jafnvel þótt fjallmyndarlegar stúlkur frá mörgum löndum klæddu sig úr því sem næst hverri spjör og drengir hýrir á brá hefðu skyrturnar fráflakandi niður fyrir nafla kom það fyrir ekki. Smám saman mun það renna upp fyrir spunameisturum popp-heimsins - og hugsanlega fyrir spunarokkum stjórnmálanna líka - að það er sannfæringarkraftur, útgeislun og einlægni þeirra sem á sviðinu standa sem ræður úrslitum.

MEIRA að segja í glysveröld dægurflugna dugir yfirborðsmennska og tilgerð ekki til stórra sigra. Ef Silvía góða Nótt hefði látið sér nægja að gera góðlátlegt grín að tilgerð og stjörnustælum er aldrei að vita nema Evrópa hefði hleypt henni inn í samkvæmið þar sem finnsku þursarnir sátu í öndvegi. En grínið var mislukkað frá byrjun, yfirspennt og hjákátlegt og loks beinlínis ósmekklegt. Sömuleiðis var lýsing þular Ríkisútvarpsins úr takti við þetta vorblót afþreyingariðnaðarins. Hann hafði djúpan skilning á því að Norðurlandaþjóðir hafa svipaðan smekk á tónlistarskemmtiatriðum, en dylgjaði stöðugt um að eitthvað annað en menningarlegur skyldleiki og græskulaust gaman réði því hvernig aðrar þjóðir í Evrópu greiða atkvæði. Í næstu Evróvisjónkeppni væri gaman ef Íslendingar sendu keppanda sem hefði eitthvað skemmtilegt að gefa og þul sem hefði eitthvað notalegt að segja. ■

ÓKEYPIS ÍSETNING 2006 línan frá Pioneer

Pioneer DEH-1800
• 4 X 45 W magnari • D4Q Digital • RDS Móttakari • FM/AM/LW • 18 stöðva minni
• Laus framhlið • EEQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangur • Verð 17.900.-

Pioneer DEHP-4800MP --- Spilar MP3/WMA/WAV
• Mosfet 4 X 50 W magnari • Útvarp FM/AM/LW • 18 stöðva minni • 3 Banda tónjafnari
• EEQ forstilltur tónjafnari • 2 x RCA útgangar • Snúningstakki • Verð 24.900.-

ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN
ORMSSON
SMÁRALIND Sími 530-2900 | SÍÐUMÚLA 9 Sími 530-2800

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu